

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/24/ESB

frá 26. febrúar 2014

um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB

EVROÞUNGID OG RAD EVROPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 53. gr. (1. mgr.), 62. gr. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Gerð opinberra samninga af hálfu stjórnvalda aðildarríkja eða fyrir þeirra hönd verður að vera í samræmi við meginreglur sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), einkum um frjálsa vöruflutninga, staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu auk meginreglnanna sem af honum leiðir, s.s. um jafna meðferð, bann við mismunun, gagnkvæma viðurkenningu, meðalhóf og gagnsæi. Sé hins vegar um að ræða opinbera samninga sem fara yfir tiltekið verðmæti ætti að setja ákvæði til að samræma innkaupaverli í einstökum aðildarríkjum til að tryggja að umræddar meginreglur séu virtar í reynd og opnað sé fyrir samkeppni í opinberum innkaupum.
- 2) Opinber innkaup gegna lykilhlutverki í áætluninni Evrópa 2020, eins og sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 2010 sem nefnist „Evrópa 2020: áætlun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ („áætlunin Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“) sem eitt af markaðstengdum stjórtækjum til að ná fram snjallhagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla og tryggja jafnframt bestu mögulegu nýtingu opinbers fjármagns. Í þessu skyni ætti að endurskoða og færa til nútímahorfs reglur um opinber innkaup sem voru samþykktar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB <sup>(4)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB <sup>(5)</sup> til að auka skilvirkni í útgjöldum hins opinbera, einkum að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum þátttöku í opinberum innkaupum og að gera innkaupendum kleift að nýta opinber innkaup til stuðnings sameiginlegum samfélagslegum markmiðum. Einnig er þörf á að skýra grundvallarhugmyndir og -hugtök til að tryggja réttarvissu og samþætta tiltekna þætti í fastmótaðri dómaframkvæmd Evrópudómstólsins sem tengist efninu.
- 3) Við framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að taka mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks <sup>(6)</sup>, einkum í tengslum við val á samskiptaaðferðum, tækniforskriftum, valforsendum og skilyrðum varðandi framkvæmd samnings.
- 4) Vegna sifelldrar aukningar á ýmiss konar opinberum aðgerðum hefur reynst nauðsynlegt að skilgreina skýrar sjálft

<sup>(1)</sup> Sjítú. ESB C 191, 29.6.2012, bls. 84.

<sup>(2)</sup> Sjítú. ESB C 391, 18.12.2012, bls. 49.

<sup>(3)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 15. janúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 11. febrúar 2014.

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (Sjítú. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útböð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (Sjítú. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114).

<sup>(6)</sup> Samþykkt með ákvörðun ráðsins 2010/48/EB frá 26. nóvember 2009 um staðfestingu Evrópubandalagsins á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (Sjítú. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 35).

hugtakið innkaup, sý skýring ætti þó ekki að víkka gildissvið þessarar tilskipunar samanborið við tilskipun 2004/18/EB. Reglum Sambandsins um opinber innkaup er ekki ætlað að ná til allra tegunda útgreiðslna á opinberum fjármunum heldur einungis þeirra sem ætlaðir eru til kaupa fyrir tilstilli opinbers samnings, á verki, vöru eða þjónustu. Gera ætti grein fyrir að slík kaup á verkum, vörum eða þjónustu ættu að vera með fyrirvara um þessa tilskipun hvort sem framkvæmdin er í gegnum kaup, leigu eða með öðru samningsbundnu formi.

Hugtakið kaup ætti að túlka í viðum skilningi þess að afla ávinnings af verkum, vörum eða þjónustu sem um er að ræða, en hefur ekki endilega í för með sér yfirfærslu eignarréttar til samningsyfirvalda. Enn fremur fellur fjármögnun starfsemi ein og sér, einkum í formi styrkja, sem oft er tengd skyldu til endurgreiðslu fjárhæðarinnar sem móttækin var, í þeim tilvikum sem hún er ekki notuð í þeim tilgangi sem ætlaður var, ekki undir gildissvið reglna um opinber innkaup. Að sama skapi ætti ekki að túlka aðstæður þar sem allir aðilar, sem uppfylla tiltekin skilyrði hafa rétt á að annast ákveðið verkefni án þess að nokkurt val fari fram, s.s. við neytendaval og þjónustuávisanir, sem innkaup heldur einfaldlega fyrirkomulag leyfisveitinga (t.d. leyfi fyrir lyfjum eða lækniþjónustu).

- 5) Rétt er að minna á að þessi tilskipun skuldbindur aðildarríki á engan hátt til að útvista eða finna þriðja aðila til að veita þjónustu sem þau vilja sjálf veita eða skipuleggja eftir öðrum leiðum en með opinberum samningum í skilningi þessarar tilskipunar. Tilskipunin ætti ekki að ná yfir þjónustustarfsemi sem byggist á lögum, reglum eða ráðningarsamningum. Í sumum aðildarríkjum gæti þetta t.d. átt við um tiltekna þjónustu á vegum stjórnsýslu- og ríkisstofnana, s.s. þjónustu á sviði framkvæmda- og löggjafarvaldsins eða tiltekna samfélagsþjónustu, s.s. utanríkisþjónustu eða þjónustu tengda dómsmálum eða lögboðnar almannatryggingar.
- 6) Einnig er rétt að minna á að þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á löggjöf aðildarríkjanna um almannatryggingar. Hún ætti ekki heldur að ná yfir aukid frelsi í þjónustu í almannabágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og bundin er við opinbera aðila eða einkaaðila, eða einkavæðingu opinberra stofnana sem veita þjónustu.

Ekki er síður nauðsynlegt að minna á að aðildarríkjum er fjálst að skipuleggja hvernig þau standa að lögboðinni félagsþjónustu eða annarri þjónustu, s.s. pósthjónustu, annaðhvort sem þjónustu í almannabágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða sem þjónustu í almannabágu sem er ekki af efnahagslegum toga eða sem blöndu af þessu tvennu. Rétt þykir að skýra að þjónusta í almannabágu, sem er ekki af efnahagslegum toga, ætti ekki að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

- 7) Að lokum er einnig rétt að minna á að þessi tilskipun hefur ekki áhrif á frelsi lands-, svæðis- og staðaryfirvalda til að skilgreina, í samræmi við lög Sambandsins, þjónustu í almannabágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, umfang hennar og einkenni þjónustunnar sem veita skal, þ.m.t. öll skilyrði er varða gæði þjónustunnar, til þess að ná fram opinberum stefnumiðum sínum. Þessi tilskipun ætti ekki heldur að hafa áhrif á heimild lands-, svæðis- og staðaryfirvalda til að útvega, bjóða upp á og fjármagna þjónustu í almannabágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu í samræmi við 14. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og bókun nr. 26 sem fylgir sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og sáttmálanum um Evrópusambandið. Í þessari tilskipun er að auki ekki fjallað um fjármögnun þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu eða um kerfi aðstoðar sem aðildarríkin veita, einkum á sviði félagsmála, í samræmi við samkeppnisreglur Sambandsins.
- 8) Samningur ætti því aðeins að teljast opinber verksamningur ef efni hans varðar sérstaklega framkvæmd þeirra verka sem tilgreind eru í II. viðauka, jafnvel þótt samningurinn taki til annarrar þjónustu sem er nauðsynleg til að unnt sé að vinna þessi verk. Opinberir þjónustusamningar geta við ákveðnar aðstæður náð yfir verk, einkum þegar um er að ræða rekstur fasteigna. Ef slík verk tengjast meginefni samningsins, og eru því hugsanlega afleiðing af eða viðbót við hann, telst það þó ekki gild ástæða fyrir því að flokka samning um almannabjónustu sem opinberan verksamning að hann taki til slíkra verka.

Í ljósi þess hve opinberir verksamningar eru fjölbreytilegir ættu samningsyfirvöld þó að geta valið um hvort þau gera

samning um hönnun og framkvæmd verks aðgreint eða sameiginlega. Þessari tilskipun er ekki ætlað að segja fyrir um hvort gera skuli samninga sameiginlega eða aðgreint.

- 9) Við framkvæmd verks, er samsvarar þeim kröfum sem samningsyfirvald hefur tilgreint, er það forsenda að yfirvaldið, sem um er að ræða, hafi gert ráðstafanir til skilgreina tegund verksins eða, að lágmarki, að það hafi haft afgerandi áhrif á áætlanagerðina. Hvort heldur að verktaki annast alla framkvæmd verksins eða hluta hennar á eigin vegum eða tryggir framkvæmd þeirra með öðrum leiðum ætti ekki að breyta flokkun samningsins sem verksamnings, svo fremi sem verktakinn tekur á sig beina eða óbeina skuldbindingu sem er framfylgjanleg samkvæmt lögum til að tryggja að verkið verði framkvæmt.
- 10) Hugtakið „samningsyfirvöld“ og einkum hugtakið „aðilar sem heyra undir opinberan rétt“ hafa ítrekað verið tekin til skoðunar í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Rétt er taka skýrt fram að persónulegt gildissvið þessarar tilskipunar ætti að haldast óbreytt og af þeim sökum er rétt að halda skilgreiningunum sem Dómstóllinn byggir sjálfur á og að fella inn tiltekinn fjölda útskýringa sem þessi dómaframkvæmd hefur í för með sér til að efla skilning á skilgreiningunum sjálfum án þess að ætlunin sé að breyta skilningi á hugtökunum eins og þau eru útfærð í dómaframkvæmdinni. Því ætti að koma skýrt fram að aðili, sem starfar við eðlileg markaðsskilyrði í hagnaðarskyni og ber tapið af starfsemi sinni, ætti ekki að teljast „aðili sem heyrir undir opinberan rétt“, þar sem þær þarfir í almannabágu, sem hann var stofnaður til að mæta, eða hefur verið falið að mæta, geta talist vera iðnaðar- eða viðskiptalegs eðlis.

Dómstóllinn hefur að sama skapi skoðað skilyrðið, sem varðar uppruna fjármögnunar aðilans sem á í hlut, og hefur m.a. skýrt út að fjármagnaður „að mestu leyti“ þýði að meira en hálfu leyti og að til slíkrar fjármögnunar geti talist greiðslur frá notendum sem eru lagðar á, reiknaðar og innheimtar í samræmi við reglur opinbers réttar.

- 11) Þegar um er að ræða blandaða samninga ætti það að ákvarðast með hliðsjón af meginefni samningsins hvaða reglur ættu að gilda um hann, ef ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta samningsins á hlutlægan hátt. Því ætti að koma skýrt fram hvernig samningsyfirvöld ættu að skera úr um hvort mismunandi hlutar samnings séu aðskiljanlegir eða ekki. Slík skýring ætti að vera byggð á viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.

Taka ætti ákvörðun í hverju tilviki fyrir sig þar sem yfirlýstur eða ætlaður ásetningur samningsyfirvalds um að líta á hina ýmsu hluta blandaðs samnings sem óaðskiljanlega ætti ekki að duga til, heldur ætti að styðja hann með hlutlægum sönnunargögnum sem geta réttlætt hann og nauðsyn þess að gera stakan samning. Slík réttlætunleg þörf til að gera stakan samning gæti t.d. verið fyrir hendi þegar bygging stakrar byggingar á í hlut, sem að hluta á að vera í beinni notkun hlutaðeigandi samningsyfirvalds og að öðrum hluta starfrækt á grundvelli sérleyfis, t.d. til að útvega almenningi bílastæði. Koma ætti skýrt fram að nauðsyn þess að gera stakan samning getur stafað af ástæðum sem eru bæði tæknilegs og efnahagslegs eðlis.

- 12) Ef um er að ræða blandaða samninga, sem hægt er að aðskilja, er samningsyfirvöldum ávallt frjálst að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta hins blandaða samnings, en í því tilviki ættu ákvæðin, sem gilda um einstaka hluta samningsins, að ákvarðast eingöngu af einkennum þess sérstaka samnings. Ef samningsyfirvöld velja, hins vegar, að bæta öðrum þáttum inn í innkaupin, hvert sem verðmæti þeirra er eða hvaða lagareglur sem hefðu gilt um viðbótarþættina, ætti sú höfuðregla að gilda að ef gera ætti samning samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, og ef hann er gerður einn og sér, ætti þessi tilskipun að gilda áfram um blandaða samninginn í heild.
- 13) Þó ætti að setja sérákvæði um blandaða samninga sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi eða hluta sem ekki falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í slíkum tilvikum ætti að vera mögulegt að beita ekki þessari tilskipun, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlætunleg af hlutlægum ástæðum og að ákvörðunin um að gera stakan samning sé ekki tekin í þeim tilgangi að undanskilja samninga frá beitingu þessarar tilskipunar eða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB <sup>(7)</sup>. Rétt er að taka fram að ekki ætti að hindra samningsyfirvöld í að velja að beita þessari tilskipun gagnvart tilteknum blönduðum samningum í stað þess að beita

(7) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útböð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB (Sjúð. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76).

- 14) Koma ætti skýrt fram að túlka ætti hugtakið „rekstraraðili“ vítt þannig að það taki til allra aðila og/eða stofnana sem bjóða framkvæmd verka, vöruafhendingu eða þjónustustarfsemi á markaði, án tillits til þess samkvæmt hvaða lögákvæðna rekstrarformi þeir hafa kosið að starfa. Því ættu fyrirtæki, útibú, dótturfyrirtæki, sameignarfélag, samvinnufélag, félag með takmarkaða ábyrgð, ríkisháskólar og einkaháskólar, og allar aðrar tegundir aðila en einstaklingar að falla undir hugtakið rekstraraðili undir öllum kringumstæðum, hvort sem um er að ræða „lögáðila“ eða ekki.
- 15) Koma ætti skýrt fram að hópar rekstraraðila, þ.m.t. þar sem þeir hafa komið saman til að mynda tímabundin samtök, geta tekið þátt í útbóðsferli án þess að nauðsynlegt sé að þeir stofni til sérstaks lögákvæðins rekstrarforms. Að því marki sem nauðsynlegt er, t.d. þar sem krafist er óskiptar bótaábyrgðar, má gera kröfu um sérstakt rekstrarform þegar gerður er samningur við slíka hópa.

Einnig ætti að koma skýrt fram að samningsyfirvöld ættu að geta sett fram með ótvíræðum hætti hvernig hópar rekstraraðila eigi að fara að kröfum um efnahagslega og fjárhagslega stöðu, eins og sett er fram í þessari tilskipun, eða viðmiðunum um tæknilega og faglega getu sem krafist er af rekstraraðilum sem taka þátt á eigin vegum.

Þegar hópar rekstraraðila framkvæma samninga getur verið nauðsynlegt að setja skilyrði sem einstakir þátttakendur þurfa ekki að hlíta. Meðal slíkra skilyrða, sem ættu að vera réttlætanagerð á grundvelli hlutlægra ástæðna og vera í samræmi við meðalhófsregluna, gæti t.d. verið krafan um að myndað sé sameiginlegt fyrirsvar eða skipaður leiðandi samstarfsaðili að því er varðar innkaupaferlið eða krafa um upplýsingar um hvernig þeir eru samsettir.

- 16) Samningsyfirvöld ættu að nýta allar mögulegar leiðir, sem þau hafa aðgang að samkvæmt landslögum, til þess að koma í veg fyrir röskun á opinberum innkaupaferlum sem stafar af hagsmunaárekstrum. Þeirra á meðal gætu verið reglur sem greina, koma í veg fyrir og lagfæra hagsmunaárekstra.
- 17) Með ákvörðun ráðsins 94/800/EB <sup>(8)</sup> var samþykktur sérstaklega samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup (samningurinn um opinber innkaup). Samningurinn um opinber innkaup hefur að markmiði að koma á marghliða ramma um jafnvæg réttindi og skyldur sem tengjast opinberum samningum með það í huga að efla frelsi í alþjóðaviðskiptum. Vegna samninga sem falla undir 1., 2., 4. og 5. viðauka og almennar athugasemdir við I. viðbæti Evrópusambandsins við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup og einnig undir aðra alþjóðasamninga, sem Sambandið er bundið af, ættu samningsyfirvöld að uppfylla skyldur samkvæmt þessum samningum með því að beita þessari tilskipun gagnvart rekstraraðilum þriðju landa sem eru undirritunaraðilar að samningunum.
- 18) Samningurinn um opinber innkaup gildir um samninga yfir vissum viðmiðunarfjárhæðum sem ákvarðaðar eru í samningnum um opinber innkaup og eru tilgreindar í sérstökum dráttarréttindum. Rétt er að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, til að tryggja að þær samsvari fjárhæðum í evrum sem jafngilda viðmiðunarfjárhæðunum í samningnum um opinber innkaup. Í þessu sambandi ætti einnig að setja ákvæði um reglubundna endurskoðun á viðmiðunarfjárhæðum sem tilgreindar eru í evrum til að laga þær, með hreinni stærðfræðiaðferð, að hugsanlegum breytingum á gengi evru gagnvart sérstökum dráttarréttindum. Auk þessara reglubundnu stærðfræðilegu aðlagana ætti að skoða hvort hækka ætti viðmiðunarfjárhæðirnar sem ákvarðaðar eru í samningnum um opinber innkaup í næstu samningalotu um efnið.
- 19) Gera ætti ljóst að við mat á verðmæti samnings verður að taka tillit til allra tekna hvort sem tekið er við þeim frá samningsyfirvaldinu eða þriðju aðilum. Einnig ætti að gera það ljóst að við mat á viðmiðunarfjárhæðum ber að skilja hugtakið sambærilegar vörur sem vörur, sem ætlaðar eru til sömu eða sambærilegrar notkunar, s.s. röð matvæla eða ýmiss konar skrifstofuhúsgagna. Venjulega myndi rekstraraðili, sem starfar á viðkomandi sviði, vera líklegur til að eiga slíkar vörur sem væru hluti af venjulegu vöruúrvali hans.

<sup>(8)</sup> Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málafni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðanna (1986 til 1994) (Sjútið EB L 336, 23.12.1994, bls. 1).

- 20) Til þess að meta verðmæti tiltekinna innkaupa ætti að taka fram að því aðeins ætti að vera heimilt að byggja verðmætið á verðmæti undirskipaðra hluta innkaupanna að það sé réttlætt með hlutlægum rökum. Sem dæmi mætti rökstyðja að verðmæti samnings væri metið hjá aðskilinni rekstrareiningu samningsyfirvaldsins, s.s. skólum eða leikskólum, að því tilskildu að einingin sem um ræðir beri sjálf ábyrgð á innkaupum sínum. Gera má ráð fyrir að svo sé þegar sérstök rekstrareining sér sjálf um innkaupafærlin og tekur ákvarðanir um kaup, er sjálf með sérstakan fjárhagslið vegna innkaupanna sem um er að ræða, gerir sjálf samninginn og fjármagnar hann af fjárveitingu sem hún hefur yfir að ráða. Undirskipaður hluti er ekki réttlætanagerður ef samningsyfirvaldið skipuleggur aðeins innkaupin með dreifstýrðum hætti.
- 21) Opinberir samningar, gerðir af samningsyfirvöldum sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og sem varða slíka starfsemi, falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB <sup>(9)</sup>. Samningar, sem samningsyfirvöld gera í tengslum við hjónustustarfsemi á þeirra vegum vegna sjó- og strandflutninga og flutninga á ám og vötnum, skulu þó falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.
- 22) Þar sem þessari tilskipun er beint til aðildarríkjanna gildir hún ekki um innkaup af hálfu alþjóðastofnana fyrir eigin hönd og á eigin reikning. Hins vegar er nauðsynlegt að gera grein fyrir því að hvaða marki beita ætti þessari tilskipun gagnvart innkaupum sem falla undir sérstakar alþjóðlegar reglur.
- 23) Við gerð opinberra samninga vegna tiltekinna hljóð- og myndmiðlunar- og útvarpsþjónustu af hálfu veitenda fjölmiðlaþjónustu ætti að gefa kost á því að taka tillit til menningarlegra eða félagslega mikilvægra þátta sem valda því að ekki er heppilegt að beita reglum um opinber innkaup. Af þeim sökum ætti að gera undantekningu um opinbera hjónustusamninga, sem veitendur fjölmiðlaþjónustu gera sjálfir, vegna kaupa, þróunar, framleiðslu eða samframleiðslu á efni sem er tilbúið til notkunar og annarrar undirbúningsþjónustu, t.d. varðandi handrit eða listræna framkvæmd, sem nauðsynleg er fyrir framleiðslu efnisins. Einnig ætti að koma skýrt fram að undantekningin ætti að gilda jafnt um útvarps- og sjónvarpsþjónustu og pöntunarþjónustu (ólínuleg hjónusta). Þessi undantekning ætti þó ekki gilda um afhendingu tæknilegs búnaðar sem er nauðsynlegur fyrir framleiðslu, sameiginlega framleiðslu og útsendingu slíks efnis.
- 24) Rétt er að minna á að gerðardóms- og sáttagerðarþjónusta og önnur svipuð form við lausn deilumála utan dómstóla er venjulega veitt af aðilum eða einstaklingum sem samþykki ríkir um eða eru valdir á þann hátt sem ekki fellur undir reglur um innkaup. Gera ætti grein fyrir að þessi tilskipun gildir ekki um hjónustusamninga um veitingu slíkrar þjónustu, hvernig svo sem þeim er lýst samkvæmt landslögum.
- 25) Ýmis lögfræðiþjónusta er veitt af hálfu hjónustuveitenda sem dómstóll í aðildarríki tilnefnir, hún felur í sér að lögfræðingar fara með málflutning fyrir skjólstæðinga í dómsmálum, lögbókendur verða að veita hana eða hún er í tengslum við beitingu opinbers valds. Slík lögfræðiþjónusta er venjulega veitt af aðilum eða einstaklingum, sem eru tilnefndir eða valdir á einhvern þann hátt sem ekki fellur undir gildissvið reglna um innkaup, sem dæmi má nefna tilnefningu ríkislögmanns í tilteknum aðildarríkjum. Því ætti slík lögfræðiþjónusta að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.
- 26) Rétt þykir að tilgreina að hugtakið fjármálagerningur, eins og um getur í þessari tilskipun, hefur hér sömu merkingu og í annarri löggiöf um innri markaðinn og ef litið er til þess að nýlega var komið á fót Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum og Evrópska stöðugleikakerfinu ætti að tilskilja að aðgerðir sem fara fram með sjóðnum og kerfinu ættu að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Að síðustu ætti að taka fram að lán ættu að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar hvort sem þau eru í tengslum við útgáfu verðbréfa eða aðra fjármálagerninga eða aðra tengda starfsemi.
- 27) Rétt er að minna á að í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 <sup>(10)</sup> er ótvírætt kveðið á um að tilskipun 2004/17/EB og 2004/18/EB gildi annars vegar um hjónustusamninga og hins vegar um opinbera hjónustusamninga vegna almennra farþegaflutninga með strætisvögnum eða sporvögnum, en reglugerð (EB) nr. 1370/2007 gildir um sérleyfissamninga um hjónustu vegna almennra farþegaflutninga með strætisvögnum eða sporvögnum. Enn fremur er rétt að minna á að sú reglugerð gildir áfram um opinbera hjónustusamninga sem og sérleyfissamninga um hjónustu vegna almennra farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum. Til að gera grein fyrir tengslum milli þessarar tilskipunar og reglugerðar (EB) nr. 1370/2007 ætti að kveða ótvírætt á um að þessi tilskipun skuli ekki gilda um opinbera hjónustusamninga vegna hjónustu við almenna farþegaflutninga með lestum eða

<sup>(9)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (Stjóð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

<sup>(10)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70 (Stjóð. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1).

jarðlestum en gerð þeirra ætti áfram að vera á efnissviði þeirrar reglugerðar. Að því marki sem reglugerð (EB) nr. 1370/2007 veitir svigrúm í landslögum til að víkja frá reglum, sem settar eru í þeirri reglugerð, ætti aðildarríkjum að vera kleift að kveða á um í landslögum sínum að opinberir þjónustusamningar um almenna farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum skuli gerðir með útboðsferli fyrir samningsgerð samkvæmt almennum reglum þeirra um opinber innkaup.

- 28) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um tiltekna neyðarþjónustu, sem stofnanir eða félög sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni veita, þar sem erfitt væri að varðveita eðli þessara samtaka ef velja þyrfti þjónustuveitendur í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í þessari tilskipun. Hins vegar ætti undantekningin ekki að vera umfangsmeiri en ýtrasta nauðsyn krefur. Því ætti að taka ótvírætt fram að flutningur sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu ætti ekki að vera undanskilinn. Í því samhengi er enn fremur nauðsynlegt að gera grein fyrir því að flokkur 601, „landflutningar“, í sameiginlega innkaupaorðasafninu, nær ekki til sjúkraflutningaþjónustu sem er í grein 8514 í sameiginlega innkaupaorðasafninu. Því ætti að taka skýrt fram að þjónusta, sem fellur undir CPV-kóða 85143000-3 og felst einvörðungu í flutningi sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu ætti að falla undir sérreglur sem settar eru fram fyrir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu („einfalda fyrirkomulagið“). Af þessum sökum myndu blandaðir samningar um veitingu sjúkraflutningaþjónustu almennt einnig falla undir einfalda fyrirkomulagið ef verðmæti flutnings sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu væri meira en verðmæti annarrar sjúkraflutningaþjónustu.
- 29) Rétt þykir að minna á að þessi tilskipun gildir aðeins um samningsyfirvöld aðildarríkjanna. Ákvæði hennar gilda af þessum sökum ekki um stjórnmalaflokka þar sem þeir eru ekki samningsyfirvöld. Engu að síður gætu stjórnmalaflokkar í sumum aðildarríkjum talist aðilar sem heyra undir opinberan rétt.

Hins vegar er tiltekin þjónusta (t.a.m. framleiðsla áróðursmynda og myndbanda) svo órjúfanlega tengd stjórnmalaskoðunum þjónustuveitandans þegar hún er veitt í tengslum við kosningabaráttu að val á þjónustuveitendum fer venjulega þannig fram að ekki verður fellt undir gildissvið reglna um innkaup.

Að lokum er rétt að minna á að aðrar reglur gilda um samþykktir og fjármögnun evrópskra stjórnmalaflokka og stjórnmalastofnana á Evrópuvetvangi en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

- 30) Í vissum tilvikum getur samningsyfirvald eða samband samningsyfirvalda verið eini veitandi tiltekinna þjónustu og í tengslum við að veita hana njóta þau einkaréttar samkvæmt lögum og birtum stjórnsýslufyrirmælum sem eru í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins. Rétt er að taka fram að þessi tilskipun þarf ekki að gilda um gerð opinberra þjónustusamninga við viðkomandi samningsyfirvald eða samband samningsyfirvalda.
- 31) Umtalsverð réttaróvissa er um það að hve miklu leyti samningar, sem gerðir eru milli aðila innan opinbera geirans, ættu að falla undir reglur um opinber innkaup. Viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins er túlkuð með mismunandi hætti í aðildarríkjunum og jafnvel eftir því hvaða samningsyfirvald á í hlut. Því er nauðsynlegt að skýra í hvaða tilvikum samningar, sem gerðir eru innan opinbera geirans, falla ekki undir beitingu reglna um opinber innkaup.
- Slík skýring ætti að vera byggð á meginreglunum sem settar eru fram í viðkomandi dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Sú staðreynd ein og sér að báðir aðilar samkomulags séu opinber yfirvöld útilokar í sjálfu sér ekki beitingu reglna um innkaup. Beiting reglna um opinber innkaup ætti hins vegar ekki að hafa áhrif á frelsi opinberra yfirvalda til framkvæma þau verkefni, sem snúa að opinberri þjónustu og þeim eru falin, með því að beita eigin úrræðum, sem m.a. felur í sér möguleikann á samvinnu við önnur opinber yfirvöld.
- Tryggja ætti að undanþegin samstarfsverkefni milli opinberra aðila leiði ekki til röskunar á samkeppni í tengslum við einkarekna rekstraraðila að svo miklu leyti sem röskunin veitir einkareknum veitanda þjónustu forskot á samkeppnisaðila hans.
- 32) Opinberir samningar, sem gerðir eru við lögaðila sem eru undir yferráðum samningsyfirvalds, ættu ekki að falla undir ferlið, sem kveðið er um í þessari tilskipun, ef samningsyfirvaldið fer með yferráð yfir viðkomandi lögaðila sem eru svipuð þeim sem það hefur yfir eigin deildum, að því tilskildu að lögaðilinn, sem er undir yferráðum samningsyfirvalds, inni af hendi meira en 80% af starfsemi sinni við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af samningsyfirvaldinu sem fer með yferráðin eða öðrum lögaðilum sem lúta yferráðum þessa samningsyfirvalds, óháð

því hver nýtur góðs af framkvæmd samningsins.

Undantekningin ætti ekki að ná til aðstæðna þar sem um beinan hlut einkarekins rekstraraðila er að ræða í fjármagni lögaðilans sem er undir yferráðum samningsyfirvalds, þar sem gerð opinbers samnings undir slíkum kringumstæðum án samkeppniútboðs myndi veita einkarekna rekstraraðilanum, sem hefur hlutdeild í fjármagni lögaðilans sem er undir yferráðum samningsyfirvalds, óréttmætt forskot á samkeppnisaðila hans. Hins vegar, í ljósi sérstakra eiginleika opinberra aðila með skylduáðild, s.s. samtaka, sem bera ábyrgð á að reka eða veita tiltekna opinbera þjónustu, ætti þetta ekki að gilda þegar hlutdeild tiltekinn einkarekinna rekstraraðila í fjármagni lögaðila, sem er undir yferráðum samningsyfirvalds, er skyldubundin samkvæmt innlendum lagaákvæðum í samræmi við sáttmálana, að því tilskildu að slík hlutdeild feli ekki í sér yferráð og stöðvunarmöguleika og hafi ekki afgerandi áhrif á ákvarðanir lögaðilans sem er undir yferráðum samningsyfirvalds. Rétt er að gera nánari grein fyrir því að einungis bein einkahlutdeild í lögaðilanum, sem er undir yferráðum samningsyfirvalds, er ákvarðandi þáttur. Þar af leiðandi útilokar þetta ekki fyrir fram, þegar um einkafjármagnshlutdeild er að ræða í samningsyfirvaldinu eða -yfirvöldunum sem fara með yferráð, gerð opinberra samninga við lögaðilann sem er undir yferráðum samningsyfirvaldsins, án þess að beita ferlinu sem kveðið er á um í þessari tilskipun, þar sem slík hlutdeild hefur ekki neikvæð áhrif á samkeppni milli einkarekinna rekstraraðila.

Einnig ætti að koma skýrt fram að samningsyfirvöld, s.s. aðilar sem heyra undir opinberan rétt, sem kunna að hafa einkafjármagnshlutdeild, ættu að vera í aðstöðu til geta nýtt sér undantekninguna fyrir lárétt samstarf. Af þessum sökum ætti undanþágan fyrir lárétt samstarf að ná til slíkra samningsyfirvalda þar sem samningurinn er gerður eingöngu milli samningsyfirvalda, ef öll önnur skilyrði í tengslum við lárétt samstarf eru uppfyllt.

- 33) Samningsyfirvöld ættu að geta valið um að veita opinbera þjónustu sína sameiginlega með samstarfi án þess að þeim sé skylt að nota eitthvert tiltekið lögákvæðið rekstrarform. Slík samvinna gæti náð til allra tegunda starfsemi, sem tengist veitingu þjónustu og ábyrgð, sem yfirvöldum sem taka þátt er fengin eða þau takast á herðar, s.s. lögboðin eða valfrjáls verkefni staðar- eða svæðisyfirvalda eða þjónusta sem sérstökum aðilum er fengin samkvæmt opinberum rétti. Ekki er nauðsynlegt að sú þjónusta sem hin ýmsu yfirvöld sem taka þátt veita sé nákvæmlega sú sama, hún getur líka verið til fyllingar.

Samningar um sameiginlega veitingu opinberrar þjónustu ættu ekki að falla undir reglur sem settar eru í þessari tilskipun, að því tilskildu að þeir séu eingöngu gerðir milli samningsyfirvalda, að framkvæmd samvinnunnar sé einvörðungu stjórnað á grundvelli sjónarmiða sem varða almannahagsmuni og að enginn einkarekin þjónustuveitandi öðlist forskot á samkeppnisáðila sína.

Til þess að uppfylla þessi skilyrði ætti samvinnan að vera byggð á hugmyndinni um samstarfsfélög. Þess er ekki krafist í slíkri samvinnu að öll yfirvöldin, sem taka þátt, taki að sér framkvæmd samningsbundinna meginskyldna, að því tilskildu að um sé að ræða skuldbindingu um að leggja sitt af mörkum til samvinnu við veitingu þeirrar opinberu þjónustu sem um er að ræða. Að auki ætti framkvæmd samvinnunnar, þ.m.t. tilfærsla fjármagns milli samningsyfirvalda, sem taka þátt, að stjórnast einvörðungu af sjónarmiðum sem varða almannahagsmuni.

- 34) Ákveðin tilvik eru til staðar þar sem lögaðili, samkvæmt viðkomandi ákvæðum í landslögum, er í hlutverki tækis eða veitir tæknipjónustu í þágu ákveðinna samningsyfirvalda og honum ber skylda til að fara að fyrirmælum sem hann fær frá þessum samningsyfirvöldum, en hefur engin áhrif endurgjald fyrir hans framlag. Í ljósi þess að slíkt réttarsamband er algjörlega stjórnsýslulegt í eðli sínu en ekki samningssamband ætti það ekki að falla undir opinber innkaupaferli.
- 35) Hvetja ætti til þess að atvinnulífið fjármagni í sameiningu rannsóknar- og þróunarátlanir. Af þeim sökum er rétt að taka skýrt fram að þessi tilskipun gildir aðeins ef sameiginleg fjármögnun af þessu tagi er alls ekki fyrir hendi og ef útkoman af rannsóknar- og þróunarstarfsemi rennur til viðkomandi samningsyfirvalds. Þetta ætti ekki að útiloka þann möguleika að þjónustuveitandi, sem sinnt hefur þessari starfsemi, gæti birt skýrslu um hana, svo fremi sem samningsyfirvaldið heldur einkaréttinum á því að nýta útkomu úr rannsóknar- og þróunarstarfinu til eigin starfsemi. Þótt hlutdeild í niðurstöðum rannsóknar- og þróunarstarfs sé uppspuni eða þátttaka í greiðslum til þjónustuveitandans sé hreinlega táknræn ætti slíkt hins vegar ekki að hindra beitingu þessarar tilskipunar.

- 36) Atvinna og starfsgrein hafa sitt að segja um aðlögun að samfélaginu og eru lykilþættir þegar kemur að því að tryggja öllum jöfn tækifæri. Í þessu samhengi geta verndaðir vinnustaðir gegnt mikilvægu hlutverki. Það á einnig við um önnur félagsleg fyrirtæki, sem hafa að meginmarkmiði að styðja félagslega og faglega aðlögun eða enduraðlögun fatlaðra eða illa settra einstaklinga, t.d. atvinnulausra, einstaklinga, sem tilheyra minnihlutahópum, sem eiga undir högg að sækja, eða hópa sem eru á einhvern hátt félagslega jaðarsettir. Hins vegar er hugsanlegt að slíkir vinnustaðir eða fyrirtæki nái ekki samningum við venjulegar samkeppnisaðstæður. Þess vegna er rétt að setja ákvæði um að aðildarríkin geti bundið réttinn til þátttöku í útboði vegna opinberra samninga eða tiltekinna samningshluta þeirra slíkum vinnustöðum eða fyrirtækjum eða bundið framkvæmd samninga við áætlanir um verndaða vinnu.
- 37) Þegar litið er til viðeigandi samþættingar umhverfislegra og félagslegra krafna og vinnumarkaðskrafna í opinberu innkaupaferli er einkum mikilvægt að aðildarríki og samningsyfyrvöld grípi til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að uppfylltar séu kröfur á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem gilda á staðnum þar sem verkin eru framkvæmd eða þjónustan veitt og leiða má af lögum, reglugerðum, úrskurðum og ákvörðunum bæði á landsvísu og á Sambandsvísu, og af kjarasamningum, að því tilskildu að slíkar reglur, og beiting þeirra, samræmist löggjöf Sambandsins. Á sama hátt ættu skyldur, sem stafa af alþjóðasamningum, sem öll aðildarríki hafa fullgilt og eru tilgreindar í X. viðauka, að gilda meðan á framkvæmd samnings stendur. Þetta ætti hins vegar ekki að koma í veg fyrir að notaðir séu ráðningarskilmálar og atvinnuskilyrði sem eru hagstæðari fyrir starfsmenn.

Viðkomandi ráðstöfunum ætti að beita í samræmi við grundvallarreglur í löggjöf Sambandsins, einkum með það í huga að tryggja jafna meðferð. Beita ætti slíkum viðeigandi ráðstöfunum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB <sup>(1)</sup> og með slíkum hætti að það tryggi jafna meðferð og að rekstraraðilum og starfsmönnum frá öðrum aðildarríkjum sé ekki mismunað beint eða óbeint.

- 38) Líta ætti svo á að þjónusta sé veitt á þeim stað þar sem einkennandi þættir hennar eru framkvæmdir. Þegar þjónustu er fjarmiðlað, t.d. þjónustu sem veitt er úr þjónustuverum, ætti slík þjónusta að teljast veitt á þeim stað þar sem þjónustan er framkvæmd, án tillits til þeirra staða eða aðildarríkja sem þjónustunni er beint til.
- 39) Þær skyldur sem við eiga gætu endurspeglast í samningsákvæðum. Einnig ætti að vera mögulegt að setja inn ákvæði í opinbera samninga sem tryggja að farið sé að kjarasamningum í samræmi við lög Sambandsins. Líta má á það sem alvarlegt misferli af hálfu rekstraraðilans sem í hlut á ef viðeigandi skyldur eru ekki uppfylltar og gæti slíkt varðað útilokun þess rekstraraðila frá ferlinu við gerð opinbers samnings.
- 40) Eftirlit með því hvort farið sé að ákvæðum umhverfis-, félagsmála- og vinnulöggjafar ætti að fara fram á viðeigandi stigum innkaupaferlisins, þegar almennum meginreglum um val á þátttakendum og gerð samninga er beitt, þegar útilokunarviðmiðunum er beitt og þegar beitt er ákvæðum sem varða óeðlilega lág tilboð. Nauðsynleg sannprófun í þessu tilliti ætti að fara fram í samræmi við viðeigandi ákvæði í þessari tilskipun, einkum þau sem varða leiðir til sönnunar og eigin yfirlýsingar.
- 41) Ekkert í þessari tilskipun ætti að koma í veg fyrir að gerðar verði ráðstafanir eða framfylgt verði ráðstöfunum, sem eru nauðsynlegar til að vernda allsherjarreglu, almennt siðgæði, almannaoöryggi, heilbrigði, líf manna og dýra, að varðveita plöntur eða gera aðrar umhverfisráðstafanir, einkum með tilliti til sjálfbærrar þróunar, að því tilskildu að þessar ráðstafanir samrýmist sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.
- 42) Mikil þörf er fyrir samningsyfyrvöld að hafa meiri sveigjanleika við val á innkaupaferli þar sem gefinn er kostur á samningsviðræðum. Með frekari notkun þessara ferla er einnig líklegt að viðskipti yfir landamæri aukist, en sýnt hefur verið fram á með mati að samningar gerðir með samningskaupum að undangenginni auglýsingu eru einstaklega árangursríkir ef litið er til tilboða yfir landamæri. Aðildarríkin ættu að geta kveðið á um notkun samkeppnisútbóðs með samningsviðræðum eða samkeppnisviðræðna við ýmsar aðstæður þar sem ólíklegt er að opið eða lokað útboð án samningsviðræðna muni leiða til viðunandi niðurstaðna innkaupanna. Rétt er að minna á að notkun samkeppnisviðræðna hefur aukist stórum í seinni tíð með tilliti til samningsfjárhæða. Það hefur sýnt sig að þær eru gagnlegar þegar samningsyfyrvöld geta ekki skilgreint leiðir til að uppfylla eigin þarfir eða metið hvað í boði er á markaðnum af tæknilegum, fjárhagslegum eða lagalegum lausnum. Þessi staða getur einkum komið upp í tengslum við nýsköpunarverkefni, framkvæmd stórra samþættra verkefna á sviði grunnvirkja í flutningum, stórra tölvuneta eða verkefna sem fela í sér flókna og skipulagsbundna fjármögnun. Þar sem við á ætti að hvetja samningsyfyrvöld til að

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Sjítö. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1).



tilnefna verkefnisstjóra til að tryggja gott samstarf milli rekstraraðilanna og samningsyfirvaldsins meðan á útbóðsferlinu stendur.

- 43) Þegar um er að ræða verksamninga eru slíkar aðstæður t.d. verk sem ekki eru staðalbyggingar eða ef verkið felur í sér hönnun eða nýstárlegar lausnir. Þegar um er að ræða þjónustu eða vörur sem krefjast breytinga eða hönnunar er sennilegt að notkun samkeppnisútbóðs með samningsviðræðum eða samkeppnisviðræðna gagnist vel. Einkum eru slíkar breytingar eða hönnun nauðsynleg þegar um er að ræða flókin kaup, s.s. á háþróaðri vöru, hugverkaþjónustu, t.d. sum ráðgjafarþjónusta, arkitektþjónusta eða verkfræðiþjónusta eða stór upplýsinga- og fjarskiptatækniverkefni. Í slíkum tilvikum geta samningsviðræður verið nauðsynlegar til að tryggja að vörurnar eða þjónustan, sem um er að ræða, svari þörfum samningsyfirvaldsins. Þegar um er að ræða staðalþjónustu eða hilluvöru, sem margir mismunandi rekstraraðilar á markaðnum geta veitt, ætti ekki að nota samkeppnisútbóð með samningsviðræðum og samkeppnisviðræður.
- 44) Einnig ætti að vera unnt að nota samkeppnisútbóð með samningsviðræðum ef almennt eða lokað útbóð skilaði einungis ógildum tilboðum eða tilboðum sem ekki uppfylla skilmála innkaupaferlis. Ef svo ber undir ætti samningsyfirvöldum að vera heimilt að fara með samningsviðræður með það að markmiði að afla gildra tilboða sem uppfylla skilmála innkaupaferlis.
- 45) Samkeppnisútbóði með samningsviðræðum ættu að fylgja fullnægjandi verndarráðstafanir til að tryggja að meginreglurnar um jafna meðferð og gagnsæi séu uppfylltar. Einkum ættu samningsyfirvöld að tilgreina fyrirfram þær lágmarkskröfur sem eru einkennandi fyrir innkaupin og ætti ekki að breyta í samningsviðræðunum. Valforsendur og vægi þeirra ættu að vera óbreyttar meðan allt ferlið varir og ættu ekki að vera umsemjanlegar svo að tryggð sé jöfn meðferð allra rekstraraðila. Samningsviðræður ættu að hafa það að markmiði að bæta tilboðin og gera samningsyfirvöldum þannig kleift að kaupa verk, vörur og þjónustu sem eru nákvæmlega aðlöguð sértækum þörfum þeirra. Samningsviðræður geta varðað öll einkenni keyþra verka, vara og þjónustu, einnig hvað varðar t.d. gæði, magn, viðskiptaákvæði, sem og félags-, umhverfis- og nýsköpunartengda þætti, að svo miklu leyti sem þeir falla ekki undir lágmarkskröfur.  
  
Rétt er að taka skýrt fram að lágmarkskröfur, sem samningsyfirvald á að setja, eru þau skilyrði og einkenni (einkum efnisleg, hagnýt og lagaleg), sem sérhvert tilboð ætti að uppfylla eða bera með sér, svo að samningsyfirvaldinu sé unnt að gera samning í samræmi við valforsendur. Til að tryggja gagnsæi og rekjanleika í ferlinu ætti að skjalfesta öll stig á tilhlýðilegan hátt. Enn fremur ætti að leggja fram skriflega öll tilboð meðan á ferlinu stendur.
- 46) Samningsyfirvöldum ætti að vera heimilt að stytta tiltekna fresti, sem gilda um almenn og lokað útbóð og um samkeppnisútbóð með samningsviðræðum, þegar slíkir frestir koma ekki til greina vegna brýnna aðstæðna og ættu samningsyfirvöld að færa gild rök fyrir því. Taka ber skýrt fram að ekki er endilega um bráða nauðsyn að ræða vegna atburða sem samningsyfirvaldið gat ekki séð fyrir og eru ekki raktir til þess.
- 47) Rannsóknir og nýsköpun, þ.m.t. vistvæn nýsköpun og félagsleg nýsköpun, eru meðal þess sem helst drífur áfram framtíðarvöxt og eru kjarninn í áætluninni Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla. Opinber yfirvöld ættu að nýta opinber innkaup á sem skipulagðastan hátt til að efla nýsköpun. Kaup á nýsköpunarvörum, -verkum og -þjónustu gegna lykilhlutverki í því að bæta skilvirkni og gæði opinberrar þjónustu og að sama skapi er með þeim tekið á helstu samfélagslegum áskorunum. Þetta stuðlar að því að fá mesta verðmætið fyrir opinbert fé, auk víðtækara efnahagslegs, umhverfislegs og félagslegs hagræðis þegar litið er til þess að skapa nýjar hugmyndir, koma þeim yfir í nýsköpunarvörur og -þjónustu og efla sjálfbæran hagvöxt með þessum hætti.

Minna ætti á að röð innkaupalíkana er tilgreind í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 14. desember 2007 sem ber heitið „Opinber innkaup fyrir markaðssetningu: Hvatt til nýsköpunar til að tryggja varanlega hágæða opinbera þjónustu í Evrópu“ og fjallar um innkaup á rannsókna- og þróunarþjónustu sem fellur ekki innan gildissviðs þessarar tilskipunar. Þessi líkön yrðu áfram tiltekt en þessi tilskipun ætti einnig að hafa einföldun opinberra innkaupa á sviði nýsköpunar í för með sér og auðvelda aðildarríkjum að ná takmörkum um nýsköpun í Sambandinu.

- 48) Þegar litið er til þess hve nýsköpun er mikilvæg ætti að hvetja samningsyfirvöld til að heimila frávikstilboð eins oft og unnt er. Þar af leiðandi ætti að beina athygli þessara yfirvalda að því að nauðsynlegt er að skilgreina lágmarkskröfur sem frávikstilboð verða að uppfylla áður en þau gefa til kynna að leggja megi fram frávikstilboð.
- 49) Ef lausnir sem þegar eru fyrir hendi á markaði eru ekki fullnægjandi til að koma til móts við þörfina á að þróa nýsköpunarvöru eða -þjónustu eða nýsköpunarverk og eftirfylgjandi kaup á vörum, þjónustu eða verkum sem af því leiðir ættu samningsyfirvöld að hafa aðgang að sérstöku innkaupaferli að því er varðar samninga sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar. Þetta sérstaka ferli ætti að gefa samningsyfirvöldum færi á að stofna til langtíma nýsköpunarsamstarfs fyrir þróun og eftirfylgjandi kaup á nýrri nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verkum að því tilskildu að unnt sé að afhenda slíka nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verk á því nothæfisstigi og fyrir þann kostnað, sem samþykktur var, án þess að þörf sé á sérstöku innkaupaferli vegna kaupanna. Nýsköpunarsamstarfið ætti að byggjast á málsmeðferðarreglum, sem gilda um samkeppnisútboð með samningsviðræðum, og eingöngu ætti að gera samninga á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða sem er hentugasta aðferðin við samanburð á tilboðum vegna nýsköpunarlausna. Hvort sem um er að ræða mjög stór verkefni eða nýsköpunarverkefni, sem eru smærri í sniðum, ætti að skipuleggja nýsköpunarsamstarfið þannig að það gefi þann „markaðstogkraft“ sem þarf og sé hvetjandi fyrir þróun á nýsköpunarlausn en virki þó ekki útilokandi fyrir markaðinn.

Samningsyfirvöld ættu því ekki að nota nýsköpunarsamstarf á þann hátt að það komi í veg fyrir, takmarki eða raski samkeppni. Í sérstöku tilvikum gæti stofnun nýsköpunarsamstarfs með nokkrum samstarfsaðilum haft í för með sér að komist yrði hjá slíkum áhrifum.

- 50) Í ljósi skaðlegra áhrifa á samkeppni ætti einungis að nota samningskaup án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar í sérstöku undantekningartilvikum. Þessi undantekning ætti að takmarkast við tilvik þegar birting er ýmist ekki möguleg vegna þess að bráð nauðsyn skapaðist vegna atburða sem samningsyfirvaldið gat ekki séð fyrir og eru ekki raktir til þess eða vegna þess að augljóst er allt frá upphafi að birtingin myndi ekki ýta undir meiri samkeppni eða hagstæðari innkaupaniðurstöðum, ekki hvað síst vegna þess að í reynd er einungis einn rekstraraðili sem getur framkvæmt samninginn. Þetta á við um listaverk þegar það hver listamaðurinn er ákvarðar í sjálfu sér einstakt eðli og virði listmunarins sjálfs. Einkaréttur getur einnig skapast af öðrum ástæðum en eingöngu er hægt að réttlæta notkun samningskaupa án auglýsingar ef aðstæður eru hlutlægar í einkaréttarlegu tilliti og samningsyfirvaldið sjálft hefur ekki skapað þessar einkaréttarástæður með komandi innkaupaferli í huga.

Samningsyfirvöld, sem reiða sig á þessa undantekningu, ættu að gefa ástæður fyrir því af hverju ekki fyrirfinnast neindir aðrir raunhæfir valkostir eða annað sem komið getur í staðinn, t.d. að nota aðrar dreifileiðir, einnig utan aðildarríkis samningsyfirvaldsins, eða að fhuga verk, vörur og þjónustu með sambærilega hagnýtingu.

Ef einkaréttarástæðurnar eru tilkomnar af tæknilegum ástæðum ætti að skilgreina og réttlæta þær af gaumgæfni í hverju tilviki fyrir sig. Þær gætu m.a. verið vegna þess að því sem næst ógerlegt er fyrir annan rekstraraðila að ná þeirri frammistöðu, sem krafist er, eða að nauðsynlegt er að nota sérstaka verkkunnáttu, tæki eða aðferðir sem aðeins einn rekstraraðili býr yfir. Tæknilegar ástæður geta einnig verið tilkomnar vegna tiltekinna krafna um rekstrarsamhæfi sem skylt er að uppfylla til að tryggja nothæfi verka, birgða eða þjónustu sem kaupa skal inn.

Að lokum er ekki gagnlegt að nota innkaupaferli ef vörur eru keyptar beint á vörumarkaði, þ.m.t. viðskiptavettvangar fyrir hrávöru á borð við landbúnaðarafurðir, hrávörur og orkuviðskipti þar sem fjölþætt viðskiptakerfi, sem lýtur reglusetningu og eftirliti, tryggir markaðsverð með eðlilegum hætti.

- 51) Taka ætti skýrt fram að ákvæði um verndun trúnaðarupplýsinga koma ekki á nokkurn hátt í veg fyrir opinbera birtingu upplýsinga um þá hluta gerðra samninga, sem ekki lúta trúnaðarkvöðum, þ.m.t. allar síðari breytingar.
- 52) Rafrænar aðferðir við upplýsingar og samskipti geta einfaldað mjög birtingu samninga og aukið skilvirkni og gagnsæi innkaupaferla. Þær ættu að verða hin hefðbundna aðferð fyrir samskipti og skipti á upplýsingum í innkaupaferlum þar sem þær auka verulega möguleika rekstraraðila til að taka þátt í innkaupaferlum á öllum innri markaðnum. Í því skyni ætti að skyldubinda að tilkynningar séu sendar á rafrænu formi, að útboðsgögn séu aðgengileg rafrænt og – að 30 mánaða umbreytingarfresti liðnum – öll samskipti séu rafræn, þ.e.a.s. samskipti með rafrænum leiðum á öllum stigum ferlisins, þ.m.t. sending þáttökutilkynninga og sér í lagi sending tilboðanna (rafræn framlagning). Aðildarríkjum og samningsyfirvöldum ætti áfram að vera frjálst að setja ákvæði sem ganga lengra ef

þau kjósa svo. Einnig ætti að taka skýrt fram að skyldubundin notkun rafrænna samskiptaaðferða samkvæmt þessari tilskipun ætti þó ekki að leggja þá kvöð á samningsyfirvöld að úrvinnsla tilboða sé rafræn né heldur að lögbjóða rafrænt mat eða sjálfvirka vinnslu. Samkvæmt þessari tilskipun ættu enn fremur engir þættir opinbera innkaupaferlisins, eftir að samningur er gerður, að falla undir kvöðina um að nota rafrænar samskiptaaðferðir og á það einnig við um innri samskipti hjá samningsyfirvaldinu.

- 53) Samningsyfirvöld ættu, nema aðstæður séu alveg sérstakar, að nota rafrænar samskiptaaðferðir sem mismuna ekki, eru almennt aðgengilegar og innbyrðis samhæfðar upplýsinga- og fjarskiptatækni sem almennt er í notkun og takmarka ekki aðgang rekstraraðila að innkaupaferlinu. Við notkun slíkra samskiptaaðferða ætti einnig að taka tilhlýðilegt tillit til aðgengis fatlaðs fólks. Rétt er að taka skýrt fram að skyldan til þess að nota rafrænar aðferðir á öllum stigum opinbera innkaupaferlisins myndi ekki eiga við ef notkun rafrænna aðferða hefði skilyrðislaust í för með sér sérhæfð tæki eða skráasnið, sem eru yfirleitt ekki tiltæk, eða ef einungis væri hægt að hafa umrædd samskipti með því að nota sérhæfðan skrifstofubúnað. Þess vegna ætti ekki að skylda samningsyfirvöld til að gera kröfu um notkun rafrænna samskiptaaðferða í framlagningarferlinu í tilteknum tilvikum sem ætti að taka saman tæmandi lista yfir. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um að slík tilvik séu m.a. aðstæður þar sem gerð væri krafa um sérhæfðan skrifstofubúnað sem er yfirleitt ekki tiltækur samningsyfirvöldunum, t.d. prentarar fyrir breitt snið (e. wide-format). Í sumum innkaupaferlum gæti verið nauðsynlegt, útboðsgagnanna vegna, að leggja fram líkan eða smækkað líkan (e. a physical or scale model) sem ekki er hægt að senda samningsyfirvöldunum með rafrænum hætti. Þegar svo ber undir ætti að senda líkanið til samningsyfirvalda með pósti eða öðrum viðeigandi flutningsmáta.

Hins vegar ætti að taka skýrt fram að notkun annarra samskiptaaðferða ætti einungis að ná til þeirra þátta tilboðsins þar sem ekki er krafist rafrænna samskiptaaðferða.

Rétt þykir að taka fram að samningsyfirvöld ættu, ef nauðsyn krefur af tæknilegum ástæðum, að geta sett hámarksörk á stærð skráa sem leggja má fram.

- 54) Upp geta komið undantekningartilvik þar sem samningsyfirvöldum ætti ekki að vera heimilt að nota rafrænar samskiptaaðferðir og nauðsynlegt er að nota ekki slíkar samskiptaaðferðir til að vernda upplýsingar sem eru sérstaklega viðkvæmar í eðli sínu. Taka ætti fram að ef notkun rafrænna tækja, sem eru almennt ekki tiltæk, hefur í för með sér að ná megi nauðsynlegu verndarstigi, ætti að nota slík rafræn tæki. Sem dæmi gæti þetta átt við ef samningsyfirvöld gera kröfu um að notaðar séu sérstaklega öruggar samskiptaaðferðir sem þau bjóða upp á aðgang að.
- 55) Mismunandi tæknisnið eða -ferlar og skeytastaðlar gætu hugsanlega skapað hindranir gagnvart rekstrarsamhæfi, ekki aðeins innan sérhvers aðildarríkis, heldur einnig og einkum milli aðildarríkjanna. Sem dæmi má nefna að til að taka þátt í innkaupaferli þar sem notkun rafrænna vörulista er leyfð eða hennar krafist, en þeir eru ákveðið snið fyrir kynningu og skipulag upplýsinga á formi sem sammerkt er öllum bjóðendum, sem taka þátt, og hentar vel til rafrænnar meðferðar, myndi sú krafa gerð til rekstraraðila, ef ekki er um stöðlun að ræða, að þeir aðlagi vörulista sína að sérhverju innkaupaferli, en slíkt hefði í för með sér að mjög sambærilegar upplýsingar væru veittar á mismunandi formi og færi eftir nákvæmum skilgreiningum viðkomandi samningsyfirvalds. Stöðlun á sniði vörulista myndi því bæta samhæfisstigið, auka skilvirkni og myndi einnig minnka þá vinnu sem rekstraraðilar þurfa að leggja á sig.
- 56) Við skoðun á því hvort þörf sé á að tryggja eða auka samhæfi milli mismunandi tæknisniða eða ferla- og skeytastaðla með því að skyldubinda sérstaka staðla, og ef slíkt yrði raunin, hvaða staðla ætti að setja, ætti framkvæmdastjórnin að taka ítrasta tillit til skoðana viðkomandi hagsmunaaðila. Hún ætti einnig að taka til skoðunar að hvaða marki tiltekinn staðall hefur þegar verið notaður í reynd af rekstraraðilum og samningsyfirvöldum og hversu vel hann reyndist. Áður en notkun tiltekinna tæknistaðla er gerð skyldubundin ætti framkvæmdastjórnin einnig að fhuga vandlega hvaða kostnað slíkt gæti haft í för með sér, einkum að því er varðar aðlaganir að rafrænum innkaupalausnum sem þegar eru fyrir hendi, m.a. að því er varðar innviði, ferla eða hugbúnað. Ef viðkomandi staðlar hafa ekki verið þróaðir af alþjóðlegri, evrópski eða landsbundinni staðlastofnun ættu þeir að uppfylla kröfur sem gilda um upplýsinga- og fjarskiptatæknistaðla eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 1025/2012 <sup>(12)</sup>.

(12) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB.

- 57) Áður en öryggisstig, sem krafist er fyrir rafrænar samskiptaáðferðir sem nota skal á ýmsum stigum útböðsferlisins, er tilgreint ættu aðildarríki og samningsyfirvöld að meta samsvörun milli þeirra krafna, sem miða að því að tryggja rétta og áreiðanlega auðkenningu sendanda viðkomandi skilaboða, auk heilleika efnisins, annars vegar, og hættu á vandamálum, t.d. í aðstæðum þegar skilaboð eru send af öðrum sendanda en þeim sem tilgreint er að sendi þau hins vegar. Að öðru jöfnu þýðir þetta að öryggisstig, sem t.d. er gerð krafa um varðandi tölvupóst þar sem farið er fram á að staðfest sé nákvæmt heimilisfang á þeim stað, sem upplýsingafundur verður haldinn, væri ekki hið sama og fyrir tilboðið sjálft, en í því felst bindandi tilboð fyrir rekstraraðilann. Á sama hátt gæti matið á samsvörun haft í för með sér að gerð sé krafa um lægra öryggisstig í tengslum við að rafrænir vörulistar séu aftur lagðir fram eða framlagningu tilboða þegar um að ræða örútböð samkvæmt rammasamningi eða aðgang að útböðsgögnum.
- 58) Enda þótt mikilvægir þættir í innkaupaferlinu, s.s. útböðsgögn, þátttökubeiðnir, staðfesting á áhuga og tilboð, ættu ætíð að vera skriflegir ættu munnleg samskipti við rekstraraðila að öðru leyti að vera möguleg áfram, að því tilskildu að efni þeirra sé skjalfest að nægilega miklu leyti. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja viðunandi gagnsæi sem gerir kleift að sannreyna fylgt hafi verið meginreglunni um jafna meðferð. Einkum er brýnt að munnleg samskipti við bjóðendur, sem gætu haft áhrif á efni og mat tilboða, séu skrásett nægilega vel og með viðeigandi hætti, s.s. sem skriflegar eða hljóðskýrslur eða samantekt á helstu atriðum í samskiptunum.
- 59) Fyrir hendi er rík tilhneiging á opinberum innkaupamörkuðum í öllu Sambandinu í átt að samþjöppun eftirspurnar af hálfu opinberra kaupenda, sem miðar að því að ná fram stærðarhagkvæmni, m.a. lægra verði og viðskiptakostnaði og að bæta stjórnun í innkaupum og gera hana faglegru. Þessu má ná fram með samsöfnun innkaupa, annaðhvort með fjölda samningsyfirvalda sem eiga hlut að máli, eða með umfangi og verðmæti yfir lengra tímabil. Hins vegar ætti að fylgjast náið með samþjöppun og miðstýringu innkaupa til að forða frá of mikilli samsöfnun innkaupamáttar og leynilegu samráði og til að viðhalda gagnsæi og samkeppni sem og tækifærum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að hafa aðgang að markaði.
- 60) Víðtæk notkun hefur verið á rammasamningum og eru þeir taldir skilvirk innkaupatækni um gervalla Evrópu. Þeim ætti því viðhalda að mestu leyti í núverandi mynd. Hins vegar er þörf á að gera grein fyrir tilteknum þáttum, einkum því að samningsyfirvöld ættu ekki að nota rammasamninga, sem þau eru ekki tilgreind í. Í því skyni ætti að tilgreina skýrt þau samningsyfirvöld, sem eru aðilar að sérstökum rammasamningi frá upphafi, annaðhvort með heiti eða öðrum hætti, t.d. með tilvísun í ákveðinn flokk samningsyfirvalda innan skýrt afmarkaðs landsvæðis, svo að auðvelt sé og ótvírætt unnt að bera kennsl á viðkomandi samningsyfirvöld. Á sama hátt ættu nýir rekstraraðilar ekki að geta orðið aðilar að rammasamningi þegar hann hefur verið gerður. Þetta hefur t.d. í för með sér að ef miðlæg innkaupastofnun notar heildarskrá yfir samningsyfirvöld eða flokka þeirra, s.s. staðaryfirvöld á tilteknu landsvæði, sem eiga rétt á að nota rammasamninga sem hún gerir, ætti þessi miðlæga innkaupastofnun að nota hana þannig að ekki er eingöngu unnt að sannreyna að um hlutaðeigandi samningsyfirvald sé að ræða heldur einnig dagsetninguna, sem hún öðlast rétt til að nota rammasamning þann sem gerður var af hálfu miðlægu innkaupastofnunarinnar, vegna þess að sú dagsetning er ákvarðandi um hvaða tilteknu rammasamninga umrætt samningsyfirvald ætti að hafa heimild til að nota.
- 61) Meðal hlutlægra skilyrða fyrir ákvörðun á því hvaða rekstraraðilar, sem eru aðilar að rammasamningnum, ættu að annast tiltekið verkefni, s.s. vörur eða þjónustu sem fyrirhuguð er til nota fyrir einstaklinga, geta verið þarfir eða val hlutaðeigandi einstaklings ef um er að ræða rammasamninga þar sem allir skilmálar koma fram.

Samningsyfirvöld ættu að hafa kost á viðbótarsveigjanleika við innkaup samkvæmt rammasamningum sem gerðir eru við fleiri en einn rekstraraðila og allir skilmálar koma fram í honum.

Þegar um slíkt er að ræða ætti að heimila samningsyfirvöldum að hljóta tiltekin verk, vörur eða þjónustu, sem fellur undir rammasamninginn, annaðhvort með því að gera kröfu um þau frá einum rekstraraðilanna, sem valinn er í samræmi við hlutlægar forsendur og skilmála sem þegar eru sett fram eða með því að gera sérstakan samning um viðkomandi verk, vörur eða þjónustu í kjölfar örúboðs meðal rekstraraðilanna sem eru aðilar að rammasamningnum. Til að tryggja gagnsæi og jafna meðferð ættu samningsyfirvöld að tilgreina í útboðsgögnum fyrir rammasamning hvaða hlutlægu viðmiðanir muni ráða vali milli þessara tveggja aðferða við framkvæmd rammasamningsins. Slíkar viðmiðanir gætu t.d. vísað til magns, virðis eða eiginleika viðkomandi verka, vara eða þjónustu, m.a. að þörf sé á viðameiri þjónustu eða auknu öryggisstigi eða til þróunar á verðlagi í samanburði við fyrirfram ákvarðaða verðvísitölu. Ekki ætti að misnota rammasamninga eða nota þá á þann hátt að það komi í veg fyrir, takmarki eða raski samkeppni. Ekki ætti með þessari tilskipun að skuldbinda samningsyfirvöld til að kaupa verk, vörur eða þjónustu sem falla undir rammasamning samkvæmt þeim rammasamningi.

- 62) Einnig ætti að gera grein fyrir því að þótt gera eigi samninga, sem byggðir eru á rammasamningi, fyrir lok gildistíma rammasamningsins sjálfs, er ekki nauðsynlegt að gildistími einstakra samninga, sem byggjast á rammasamningi, falli saman við gildistíma umrædds rammasamnings heldur gæti hann verið skemmri eða lengri, eftir því sem við á. Einkum ætti að heimila að ákveða lengd einstakra samninga, sem byggjast á rammasamningi með tilliti til þátta á borð við hve langan tíma tekur að framkvæma þá, að litið er til þess að tilgreint er viðhald á búnaði með lengri væntan nýtingartíma en fjögur ár eða að þörf er á yfirgripsmikilli þjálfun starfsfólks til að framkvæma samninginn.

Einnig ætti að taka fram að upp geta komið undantekningartilvik þar sem heimila ætti að lengd rammasamninganna sjálfra taki til lengri tíma en fjögurra ára. Slík tilvik, sem ættu að vera tilhlýðilega rökstudd, einkum með inntaki rammasamningsins, gætu t.d. orðið ef rekstraraðilar verða að farga búnaði, sem tekur lengri tíma en fjögur ár að afskrifa, og verður ætíð að vera tiltækur á öllum gildistíma rammasamningsins.

- 63) Í ljósi fenginnar reynslu er einnig nauðsynlegt að aðlaga reglurnar um gagnvirk innkaupakerfi til að gera samningsyfirvöldum kleift að nýta til fulls þá möguleika sem þetta stjórntæki felur í sér. Einfalda þarf kerfin, einkum að því leyti að starfrækja ætti þau í formi lokaðs útboðs og uppræta þannig þörfina á kynningarboðum, sem hafa verið tilgreind sem einn mest þýngjandi þátturinn í tengslum við gagnvirk innkaupakerfi. Þess vegna ætti að heimila öllum rekstraraðilum, sem leggja fram þátttökutilkynningu og uppfylla hæfiskröfur, að taka þátt í innkaupaferlunum sem fram fara í gegnum gagnvirka innkaupakerfið meðan á gildistíma þess stendur. Með þessari innkaupatækni er samningsyfirvaldinu gert kleift að hafa einkar vítt svið tilboða og tryggja þannig hámarksnýtingu opinbers fjármagns í gegnum viðtæka samkeppni þegar litið er til algengrar hilluvöru, verka eða þjónustu, sem eru almennt fáanleg á markaðnum.
- 64) Yfirleitt ætti skoðun á þessum þátttökutilkynningum að fara fram innan 10 virkra daga að hámarki, að því gefnu að hæfiskröfurnar verði metnar á grundvelli einfölduðu krafanna um skjalahald sem settar eru fram í þessari tilskipun. Þegar gagnvirku innkaupakerfi er upphaflega komið á gætu samningsyfirvöld þó staðið andspænis það miklum fjölda beiðna um þátttöku þegar viðbrögð berast við fyrstu birtingu útboðstilkynningar eða boðs um að staðfesta áhuga að þau þyrftu lengri tíma til að skoða beiðnirnar. Þetta ætti að vera leyfilegt að því tilskildu að engin sérstök kaup verði hafin áður en allar beiðnirnar hafa verið skoðaðar. Samningsyfirvöldum ætti að vera frjálst að skipuleggja hvernig þau hyggjast skoða þátttökubeiðnir, t.d. með því að ákveða að annast þessar skoðanir einungis einu sinni í viku, að því tilskildu að tímamörk um skoðun á sérhverri beiðni séu virtar.
- 65) Samningsyfirvöldum ætti að vera frjálst, hvenær sem er á gildistíma gagnvirka innkaupakerfisins, að krefja rekstraraðila um að leggja fram nýja og uppfærða eigin yfirlýsingu að því er varðar uppfyllingu skilyrða um hæfismiðað val innan hæfilegra tímamarka. Rétt er að minna á að möguleikinn sem gert er ráð fyrir í almennum ákvæðum um sönnunaraðferðir í þessari tilskipun, að biðja rekstraraðila um að leggja fram fylgiskjöl og skylda þess bjóðanda, sem samningsyfirvaldið hefur ákveðið að gera samning við, að gera það einnig, á einnig við í tilteknu sambandi þegar um gagnvirk innkaupakerfi er að ræða.
- 66) Til að ýta undir þátttökumöguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja í umfangsmiklu gagnvirku innkaupakerfi, t.d. kerfi sem rekið er af miðlægri innkaupastofnun, ætti viðkomandi samningsyfirvald að geta gert grein fyrir kerfinu í flokkum vöru, verka og þjónustu sem skilgreindir eru á hlutlægan hátt. Slíka flokka ætti að skilgreina með vísun í hlutlæga þætti, sem gætu t.d. falið í sér mestu leyfilegu stærð ákveðinna samninga, sem gera skal innan viðkomandi flokks, eða tiltekið landsvæði þar sem ákveðnir samningar koma til framkvæmda. Ef gagnvirku innkaupakerfi er skipt niður í flokka ætti samningsyfirvaldið að nota hæfiskröfur sem eru í réttu hlutfalli við einkenni viðkomandi flokks.
- 67) Taka ætti skýrt fram að rafræn uppboð eru yfirleitt ekki hentug fyrir tiltekna opinbera verksamninga og tiltekna opinbera þjónustusamninga, sem eru að samningsefni til um framkvæmd á sviði hugverka, s.s. verkhönnun, vegna þess að einungis er heimilt að þeir þættir, sem unnt er að meta sjálfvirkt með rafrænum aðferðum án nokkurra afskipta eða mats af hálfu samningsyfirvaldsins, þ.e.a.s. þættir sem eru mælanlegir og unnt er að setja fram í tölum

eða hundraðshlutum, séu viðfangsefni rafrænna uppboða.

Þó ætti einnig að taka skýrt fram að heimilt er að nota rafræn uppboð í innkaupaferli vegna kaupa á sérstökum hugverkaréttindum. Rétt er einnig að minna á að þótt samningsyfirvöldum sé áfram frjálst að draga úr fjölda umsækjenda eða bjóðenda, meðan uppboðið er enn ekki hafið, er engin fækkun heimil á fjölda bjóðenda, sem taka þátt í rafræna uppboðinu, eftir að uppboðið er hafið.

- 68) Stöðugt er í þróun ný tækni við rafræn kaup, t.a.m. rafrænir vörulistar. Rafrænir vörulistar eru form á kynningu og skipulagi upplýsinga með ákveðnum hætti sem er sammerk öllum bjóðendum sem taka þátt og hentar vel til rafrænnar meðferðar. Dæmi um slíkt getur verið tilboð sem sett er fram í töflureikni. Samningsyfirvöldum ætti að vera kleift að gera kröfu um rafræna vörulista í öllum tiltækum ferlum þar sem krafist er notkunar rafrænna samskiptaaðferða. Rafrænir vörulistar eru til þess fallnir að auka samkeppni og hagræða í opinberum innkaupum, einkum með tilliti til þess að spara tíma og peninga. Þó ætti að ákveða vissar reglur til að tryggja að notkun nýrrar tækni sé í samræmi við þessa tilskipun og við meginreglurnar um jafna meðferð, bann við mismunun og gagnsæi. Þannig ætti notkun rafrænna vörulista við kynningu á tilboðum ekki að hafa þann möguleika í för með sér að rekstraraðilar láti nægja að senda einungis almennan vörulista. Rekstraraðilar ættu enn sem fyrr að breyta almennum vörulistum sínum með tilliti til hins sérstaka innkaupaferlis. Þess háttar breyting tryggir að vörulistinn, sem sendur er vegna tiltekns innkaupaferlis, innihaldi einungis vörur, verk eða þjónustu sem rekstraraðilarnir mátu, að viðhöfðu virku mati, að samsvaraði kröfum samningsyfirvaldsins. Um leið ætti að heimila rekstraraðilum að afrita upplýsingar úr almenna vörulistanum sínum en þeim ætti ekki að vera heimilt að leggja fram almenna listann sem slíkan.

Ef fullnægjandi tryggingar eru fyrir hendi að því er varðar að tryggja rekjanleika, jafna meðferð og fyrirsjáanleika ætti einnig að heimila samningsyfirvöldum að afla tilboða vegna sérstakra innkaupa á grundvelli rafrænna vörulista, sem áður hafa verið sendir, einkum þegar efnt er á ný til samkeppni í tengslum við rammisamning eða gagnvirk innkaupakerfi.

Ef samningsyfirvaldið hefur aflað tilboða ætti að gefa viðkomandi rekstraraðila tækifæri til að ganga úr skugga um að tilboð, sem gert er með þessum hætti af hálfu samningsyfirvaldsins, innihaldi ekki neinar efnislegar skekkjur. Ef efnislegar skekkjur fyrirfinnast ætti rekstraraðilinn ekki að vera bundinn af tilboðinu, sem samningsyfirvaldið hefur samþykkt, nema skekkjan sé leiðrétt.

Í samræmi við kröfur í reglum um rafrænar samskiptaaðferðir ættu samningsyfirvöld að forðast óréttmætar hindranir gagnvart aðgangi rekstraraðila að innkaupaferlunum þar sem leggja skal fram tilboð í formi rafrænna vörulista og þau tryggja að uppfylltar séu almennu meginreglurnar um bann við mismunun og jafna meðferð.

- 69) Æ algengara er að nota miðstýrðar innkaupaaðferðir í flestum aðildarríkjunum. Miðlægar innkaupastofnanir bera ábyrgð á að annast innkaup, reka gagnvirk innkaupakerfi eða gera opinbera samninga/rammasamninga fyrir önnur samningsyfirvöld, bæði án þess að taka þóknun fyrir og fyrir þóknun. Samningsyfirvöld, sem rammisamningur er gerður fyrir, ættu að geta nýtt hann til einstakra eða endurtekinna innkaupa. Þegar litið er til hins mikla innkaupamagns ættu þessar aðferðir að leiða til aukinnar samkeppni og fagmennsku í opinberum innkaupum. Þess vegna ætti að kveða á um skilgreiningu á vettvangi Sambandsins á miðlægum innkaupastofnunum fyrir samningsyfirvöld og gera ætti grein fyrir því að miðlægar innkaupastofnanir starfi á tvenns konar hátt.

Í fyrsta lagi ættu þær að geta gegnt hlutverki heildsala með kaupum, birgðasöfnun og endursölu eða í öðru lagi ættu þær að geta verið milliliðir með því að gera samninga, reka gagnvirk innkaupakerfi eða gera rammisamninga sem samningsyfirvöld nýta sér. Slíku miðlunarhlutverki mætti í sumum tilvikum sinna með því að láta viðkomandi útboðsferli fara fram sjálfstætt, án ítarlegra fyrirmæla frá hlutaðeigandi samningsyfirvöldum, eða með því að láta viðkomandi útboðsferli fara fram samkvæmt fyrirmælum hlutaðeigandi samningsyfirvalda, fyrir þeirra hönd og á þeirra kostnað.

Jafnframt ætti að setja reglur um skiptingu ábyrgðar á að uppfylla skyldur samkvæmt þessari tilskipun milli miðlæga innkaupastofnunarinnar og samningsyfirvaldsins sem kaupir af henni eða í gegnum hana. Ef miðlæga innkaupastofnunin ber ein alla ábyrgð á framkvæmd innkaupaferlanna ætti hún einnig að bera ein alla og beina ábyrgð á lögmati þeirra. Ef samningsyfirvald annast tiltekna hluta ferlisins, t.d. að efna á ný til samkeppni innan rammisamnings eða gera einstaka samninga á grundvelli gagnvirks innkaupakerfis, ætti það að bera áfram ábyrgð á þeim stigum sem það annast.

- 70) Heimila ætti samningsyfirvöldum að gera opinberan þjónustusamning við miðlæga innkaupastofnun um að inna af hendi miðstýrða innkaupastarfsemi án þess að beitt sé ferlunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Einnig ætti að vera heimilt að hafa ákvæði um veitingu stoðstarfsemi við innkaup í slíkum opinberum þjónustusamningum. Opinbera þjónustusamninga um veitingu stoðstarfsemi við innkaup ætti að gera í samræmi við þessa tilskipun ef þeir eru framkvæmdir með öðrum hætti en af miðlægrri innkaupastofnun þegar hún innir af hendi miðstýrða innkaupastarfsemi fyrir hlutaðeigandi samningsyfirvald. Einnig er rétt að minna á að þessi tilskipun ætti ekki að gilda ef miðstýrð innkaup eða stoðstarfsemi við innkaup er veitt á annan hátt en með samningi, sem er fjárhagslegs eðlis og telst til innkaupa í skilningi þessarar tilskipunar.
- 71) Styrking ákvæða um miðlægar innkaupastofnanir ætti ekki að koma á neinn hátt í veg fyrir núverandi starfsvenjur vegna tilfallandi sameiginlegra innkaupa, þ.e. sameiginleg innkaup, sem eru lítt stofnanavædd og kerfisbundin eða viðteknar venjur um að geta nýtt þjónustuveitendur sem undirbúa innkaupaferli og stjórna þeim fyrir hönd samningsyfirvalds, á kostnað þess og samkvæmt fyrirmælum þess. Þvert á móti ætti að skýra tiltekna þætti sameiginlegra innkaupa vegna þess að sameiginleg innkaup geta gegnt mikilvægu hlutverki, ekki hvað síst í tengslum við nýsköpunarverkefni.

Sameiginleg innkaup geta verið á ýmiss konar formi, allt frá samræmdum innkaupum þar sem teknar hafa verið saman sameiginlegar tækniforskriftir fyrir verk, vörur og þjónustu, sem verða keypt af nokkrum samningsyfirvöldum, sem hvert um sig er með sérstakt innkaupaferli, til aðstæðna þar sem hlutaðeigandi samningsyfirvöld annast eitt innkaupaferli saman, annaðhvort í sameiningu eða með því að fela einu samningsyfirvaldi að stýra innkaupaferlinu fyrir hönd allra samningsyfirvaldanna.

Ef nokkur samningsyfirvöld annast í sameiningu innkaupaferli ættu þau að vera sameiginlega ábyrg fyrir því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun. Ef, hins vegar, aðeins hlutar innkaupaferlisins fara fram í sameiningu hjá samningsyfirvöldunum ætti sameiginlega ábyrgðin einungis að taka til þeirra hluta ferlisins sem framkvæmdir hafa verið sameiginlega. Hvert samningsyfirvald ætti eitt og sér að bera ábyrgð því sem tengist ferlum eða hlutum ferla, sem það annast sjálft, s.s. samningsgerð, gerð rammasamnings, rekstri gagnvirkis innkaupakerfis, nýrri samkeppni innan rammasamnings eða ákvörðun um hver þeirra rekstraraðila, sem eiga aðild að rammasamningi, skuli annast tiltekið verkefni.

- 72) Rafrænar samskiptaaðferðir eru einkar hentugar til að styðja starfshætti og tæki við miðstýrð innkaup vegna þess að með þeim er hægt að endurnýta gögn og vinna sjálfvirkt með þau og að lágmarka kostnað vegna upplýsinga og viðskipta. Þess vegna ætti fyrsta skrefið að vera að gera notkun rafrænna samskiptaaðferða sem þessara skyldubundna hjá miðlægum innkaupastofnunum en slíkt myndi um leið greiða fyrir samleitni í starfsvenjum í Sambandinu öllu. Í kjölfarið ætti að fylgja sú almenna skylda að nota rafrænar samskiptaaðferðir í öllum innkaupaferlum að liðnu 30 mánaða umbreytingartímabili.
- 73) Gerð sameiginlegra opinberra samninga af hálfu samningsyfirvalda frá ýmsum aðildarríkjum er sem stendur bundin sérstökum lagalegum vandkvæðum vegna lagaskila í lögum einstakra ríkja. Þrátt fyrir að heimilað var með óbeinum hætti í tilskipun 2004/18/EB að opinber innkaup færu fram sameiginlega yfir landamæri standa samningsyfirvöld ennþá frammi fyrir talsverðum lagalegum og framkvæmdatengdum vandkvæðum við innkaup frá miðlægum innkaupastofnunum í öðrum aðildarríkjum eða við sameiginlega gerð opinberra samninga. Til að gera samningsyfirvöldum kleift að njóta hámarksávinninga af þeim möguleikum sem felast í innri markaðnum þegar litið er til stærðarhagkvæmni og áhættu- og hagnaðarskiptingar, ekki síst vegna nýsköpunarverkefna sem fylgir meiri áhætta en sanngjarnt er að vænta að eitt stakt samningsyfirvald geti borið, ætti að uppræta þessi vandkvæði. Þess vegna ætti að setja nýjar reglur um sameiginleg innkaup yfir landamæri til að greiða fyrir samstarfi milli samningsyfirvalda og ná fram meiri ávinningi af innri markaðnum með því að skapa viðskiptatækifæri yfir landamæri fyrir birgja og þjónustuveitendur. Með þessum reglum ætti að ákvarða skilyrði fyrir því að miðlægar innkaupastofnanir séu nýttar yfir landamæri og tiltaka viðeigandi löggjöf um opinber innkaup, þ.m.t. viðeigandi löggjöf um úrræði, ef um er að ræða sameiginlega verkferla yfir landamæri, til að fylla í skarðið á reglum varðandi lagaskil í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008<sup>(13)</sup>. Auk þessa ættu samningsyfirvöld frá ýmsum aðildarríkjum að geta stofnað sameiginlegar rekstrareiningar í samræmi við lands- eða Sambandslög. Setja ætti sértækar reglur um slík form sameiginlegra innkaupa.

Hins vegar ættu samningsstofnanir ekki að nýta sér möguleikann á sameiginlegum innkaupum yfir landamæri til að sniðganga lögboðnar reglur í opinberum rétti, í samræmi við Sambandslög, sem gilda um þau í aðildarríkinu þar sem

<sup>(13)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm D (Sjötö. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6).

þau eru staðsett. Slíkar reglur gætu t.d. falið í sér ákvæði um gagnsæi og aðgang að skjölum eða sértækar kröfur um rekjanleika viðkvæmrar vöru.

- 74) Tækniforskriftirnar, sem opinberir innkaupsaðilar setja fram, verða að veita möguleika á að opið sé fyrir samkeppni í opinberum innkaupum og einnig því að ná markmiðum um sjálfbærni. Í því skyni ætti að vera mögulegt að leggja fram tilboð, sem endurspeglar fjölbreytni í tæknilausnastöðlum og tækniforskriftum á markaðnum, m.a. þau sem gerð eru á grundvelli frammistöðuviðmiðana, sem tengjast vistferli og sjálfbærni framleiðsluferlis verkanna, varanna og þjónustunnar.

Þess vegna ætti að semja tækniforskriftir með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að þrengt sé að samkeppni með óeðlilegum hætti með kröfum sem eru tilteknum rekstraraðila í hag með því að endurspeglar lykileinkenni vara, þjónustu eða verka sem umræddur rekstraraðili veitir venjulega. Með því að semja tækniforskriftir út frá kröfum um virkni og frammistöðu verður yfirleitt möguleiki á að ná þessu markmiði á besta hugsanlegan hátt. Kröfur um virkni og frammistöðu eru einnig viðeigandi leið til að styðja nýsköpun í opinberum innkaupum og ætti að nota þær á eins víðtækan hátt og mögulegt er. Þegar vísað er til Evrópustaðals eða, ef hann er ekki fyrir hendi, til landsstaðals, ættu samningsyfirvöld að taka gild tilboð sem eru byggð á jafngildu fyrirkomulagi. Það ætti að vera á ábyrgð rekstraraðilans að færa sönnur á að jafngildi sé með merkinu sem krafist er.

Til að færa sönnur á jafngildi ætti að vera mögulegt að krefjast þess að bjóðendur sýni staðfesta sönnun þess efnis frá þriðja aðila. Hins vegar ætti að leyfa önnur viðeigandi sönnunargögn, s.s. tæknileg málsskjöl framleiðandans, ef viðkomandi rekstraraðili hefur ekki aðgang að vottorðum eða prófunarskýrslum, eða hefur engan möguleika á að afla þeirra innan þeirra tímamarka, sem um ræðir, að því tilskildu að viðkomandi rekstraraðili færi þannig sönnur á að verkin, vörurnar eða þjónustan uppfylli þær kröfur eða viðmiðanir, sem settar eru fram í tækniforskriftum, valforsendum eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings.

- 75) Samningsyfirvöld, sem vilja kaupa verk, vörur eða þjónustu með sérstökum umhverfislegum, félagslegum eða öðrum eiginleikum, ættu að geta vísað til sérstakra merkja, s.s. umhverfismerkis ESB, (fjöl-)þjóðlegra umhverfismerkja eða annarra merkja, að því tilskildu að kröfur sem gerðar eru um merkið tengist inntaki samningsins, s.s. lýsing og framsetning vörunnar og einnig kröfur um þökkun. Enn fremur er brýnt að þessar kröfur séu skrifadaðar og samþykktar á grundvelli forsendna, sem unnt er að sanna á hlutlægan hátt með ferli sem hagsmunaaðilar, s.s. opinberir aðilar, neytendur, framleiðendur, dreifingaraðilar og umhverfissamtök, geta tekið þátt í og að allir hlutaðeigandi aðilar geti nálgast merkið og haft aðgang að því. Taka ber skýrt fram að hagsmunaaðilar geta verið opinberir eða einkaaðilar, fyrirtæki eða ýmis konar frjáls félagasamtök (aðili sem er ekki hluti af hinu opinbera og er ekki hefðbundið fyrirtæki).

Jafnframt ætti að taka skýrt fram að sérstakir landsbundnir aðilar eða landssamtök geta átt þátt í að semja kröfur sem liggja að baki merki, sem unnt er að nota í tengslum við innkaup af hálfu opinberra yfirvalda, án þess að þessir aðilar eða samtök missi stöðu sína sem þriðju aðilar.

Þó að vísað sé til merkja ætti það ekki að hafa hamlandi áhrif á nýsköpun.

- 76) Í öllum innkaupum sem ætluð eru til nota fyrir einstaklinga, hvort sem um er að ræða almenning eða starfsfólk samningsyfirvaldsins, er nauðsynlegt að samningsyfirvöld semji tækniforskriftir þannig að tekið sé tillit til viðmiðana um aðgengi fatlaðs fólks eða hönnun fyrir alla notendur nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.
- 77) Við samningu tækniforskrifta ættu samningsyfirvöld að líta til krafna, sem leiðir af Sambandslöggjöf á sviði laga um gagnavernd, einkum í tengslum við hvernig staðið er að vinnslu persónuupplýsinga (innbyggð gagnavernd).
- 78) Aðlaga ætti opinber innkaup að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hvetja ætti samningsyfirvöld til að beita reglunum um bestu starfsvenjur sem settar eru fram í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júní 2008 undir heitinu „Evrópskar reglur um bestu starfsvenjur sem auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að samningum um opinber innkaup“ með leiðbeiningum um hvernig þau geta notað rammann fyrir opinber innkaup þannig að það liði fyrir þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í þessu skyni og til að auka samkeppni ætti einkum að hvetja samningsyfirvöld til að skipta niður stórum samningum. Slík skipting ætti að byggjast á meginlegum grunni, þannig að stærð einstakra samninga samsvari betur getu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eða á eiginlegum grunni, í samræmi við mismunandi atvinnugreinar og sérhæfð svið, sem hlut eiga að máli, til að aðlaga efni einstakra samninga betur að sérhæfðum geirum, sem lítil og meðalstór fyrirtæki eru í, eða í samræmi við ýmis stig verkefnis sem fylgja í kjölfarið.

Samningsyfirvaldinu ætti að vera frjálst að ákvarða stærð og efni hlutanna og í samræmi við viðeigandi reglur um útreikning á áætluðu verðmæti innkaupanna ætti því einnig að vera heimilt að gera samning um suma hlutana án þess



að nota ferlin í þessari tilskipun. Samningsyfirvaldinu ætti einnig að vera skylt að skoða hversu heppilegt er að skipta samningum í hluta og um leið vera frjálst að taka sjálft ákvörðun á grundvelli einhverrar ástæðu, sem það metur svo að skipti máli, án þess að það falli undir stjórnþýlu- eða réttarfræðilegt eftirlit. Ef samningsyfirvaldið ákveður að ekki sé heppilegt að skipta samningi niður í hluta ætti að koma fram í stöku skýrslunni eða í útboðsgögnum hvaða meginástæður eru fyrir vali samningsyfirvaldsins. Sem dæmi gætu ástæðurnar verið að samningsyfirvaldið álitir að slík skipting gæti valdið hættu á að hamlá samkeppni eða að hætta sé á að framkvæmd samningsins verði tæknilega séð óhóflega erfið eða kostnaðarsöm eða að þörfin fyrir að samhæfa mismunandi verkataka einstakra hluta gæti valdið hættu á að skaða alvarlega rétta framkvæmd samningsins.

Aðildarríkjunum ætti áfram að vera frjálst að ganga lengra í viðleitni sinni til að liðka fyrir þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinbera innkaupamarkaðnum, með því að víkka gildissvið skyldunnar til að skoða hversu heppilegt er að skipta samningum niður í hluta og smærri samninga, með því að gera þá kröfu til samningsyfirvalda að leggja fram rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun að skipta samningum ekki niður í hluta eða með því að gera það að skyldu að skipta þeim niður í hluta við tiltekna aðstæður. Í sama tilgangi ætti aðildarríkjunum einnig að vera frjálst að hafa á að skipa aðferðum til að greiða undirverktökum beint.

- 79) Ef samningum er skipt í hluta ætti samningsyfirvöldum að vera heimilt, t.d. til að viðhalda samkeppni eða tryggja áreiðanleika afhendingar, að takmarka fjölda hluta sem rekstraraðili getur gert tilboð í og jafnframt ætti að heimila þeim að takmarka fjölda hluta sem getur komið í hlut einhvers eins bjóðanda.

Þó gæti það verið heftandi fyrir markmiðið um að liðka fyrir auknum aðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að opinberum innkaupum ef samningsyfirvöld yrðu skylduð til að gera samninginn í einstökum hlutum, og jafnvel að slíkt hefði í för með sér að þau yrðu að samþykkja umtalsvert óhagstæðari lausnir samanborið við samningsgerð á mörgum hlutum eða öllum hlutum. Ef möguleikinn á að beita slíkri aðferð hefur verið skýrt tilgreindur fyrirfram ætti því að vera mögulegt fyrir samningsyfirvöld að framkvæma samanburðarmat á tilboðum til að ákvarða hvort tilboðin, sem tiltekinn bjóðandi lagði fram fyrir tiltekna samsetningu hluta samnings, myndu, sem heild, frekar uppfylla valforsendur, sem mælt er fyrir um samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar þessa hluta, heldur en tilboðin fyrir einstaka hluta, sem um ræðir, ef litið er til hvers og eins einstaks þeirra. Ef svo er ætti samningsyfirvaldinu að vera heimilt að gera samning með samsetningu þeirra hluta, sem um er að ræða, við hlutaðeigandi bjóðanda. Gera ætti skýra grein fyrir því að samningsyfirvöld ættu að framkvæma þetta samanburðarmat með því að ákveða fyrst hvaða tilboð uppfylla best valforsendurnar, sem mælt er fyrir um fyrir hvern einstakan hluta, og bera það síðan saman við tilboðin sem tiltekinn bjóðandi leggur fram fyrir tiltekna samsetningu hluta, sem teknir eru sem heild.

- 80) Til að gera ferli skjótvirkari og skilvirkari ætti að hafa tímamörk um þátttöku í innkaupaferlum eins stutt og unnt er án þess að það skapi óæskilegar hindranir á aðgangi rekstraraðila á öllum innri markaðnum, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hafa ætti í huga að við ákvörðun á fresti til móttöku tilboða og þátttökutilkynninga ættu samningsyfirvöld einkum að líta til þess hversu flókinn samningurinn er og hversu langan tíma þarf til að setja fram tilboð, jafnvel þótt þetta hafi í för með að tímamörk verði lengri en lágmarkið sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Á hitt er að líta að notkun rafrænna upplýsinga- og samskiptaáðferða, einkum algjörlega rafrænn aðgangur rekstraraðila, bjóðenda og umsækjenda að útboðsgögnum og rafræn sending tilkynninga, leiðir til aukins gagnsæis og tímasparnaðar. Þess vegna ætti að kveða á um að lágmarksfrestur sé stytur í samræmi við reglur í samningnum um opinber innkaup og með fyrirvara um það skilyrði að hann samrýmist sérstakri sendingaraðferð sem fyrirhuguð er á vettvangi Sambandsins. Enn fremur ættu samningsyfirvöld að hafa þann kost að stytta tímamörkin fyrir móttöku þátttökutilkynninga og tilboða enn frekar ef aðstæður skapa brýna nauðsyn og hefðbundin tímamörk koma því ekki til greina, án þess þó að almennt útboð með auglýsingu sé ómögulegt. Einungis í undantekningartilvikum og ef brýn nauðsyn hefur skapast vegna atburða, sem viðkomandi samningsyfirvald gat ekki séð fyrir og eru ekki raktir til þessa samningsyfirvalds, og gera það að verkum að ógerlegt er að viðhafa venjulegt útboðsferli, jafnvel með stytum tímamörkum, ættu samningsyfirvöld, að því marki sem bráðnauðsynlegt er, að gera samninga með samningskaupum án undangenginnar auglýsingar. Slíkt getur átt við ef nauðsyn er á tafarlausum viðbrögðum vegna náttúruhamfara.

- 81) Taka ætti fram að þörfin á að tryggja að rekstraraðilar hafi nægan tíma til að skrifa svartilboð getur haft í för með sér að framlengja þurfi upphafleg tímamörk. Einkum gæti slíkt átt við um tilvik þegar umtalsverðar breytingar eru gerðar á útboðsgögnum. Einnig ætti að tilgreina sérstaklega að ef svo hagar til ætti að túlka umtalsverðar breytingar þannig að þær feli í sér breytingar sem rekstraraðilar myndu þarfnast viðbótartíma til að skilja og svara á viðeigandi hátt, einkum á þetta við um tækniforskriftir Þó ætti að taka skýrt fram að slíkar breytingar ættu ekki að vera svo víðtækar að öðrum umsækjendum en þeim sem upphaflega voru valdir hefði verið gert kleift að taka þátt eða að viðbótarpátttakendur hefðu fengið áhuga á innkaupaferlinu. Einkum gæti þetta átt við um tilvik þar sem breytingar hafa í för með sér efnislegar breytingar á eiginleikum samningsins eða rammamarkaðsins frá því sem upphaflega var sett fram í útboðsgögnum.

- 82) Gera ætti ljóst að samningsyfirvöld ættu að senda upplýsingar varðandi tiltekna ákvarðanir, sem teknar eru meðan á innkaupaferli stendur, m.a. ákvörðun um að gera ekki samning eða rammamarkað, án þess að umsækjendur eða

bjóðendur þurfi að fara fram á slíkar upplýsingar. Einnig er rétt að minna á að í tilskipun ráðsins 89/665/EBE <sup>(14)</sup> er kveðið á um skyldu samningsyfirvalda, og það án þess að umsækjendur eða bjóðendur þurfi að fara fram á slíkt, að láta hlutaðeigandi umsækjendum og bjóðendum í té samantekt um viðkomandi ástæður sem liggja fyrir sumum helstu ákvörðunum sem teknar eru í innkaupaferlinu. Að lokum ætti að taka fram að umsækjendur og bjóðendur ættu að geta farið fram á ítarlegri upplýsingar varðandi þessar ástæður, sem gera ætti kröfu um að samningsyfirvöld veiti, nema til þess liggi ríkar ástæður að veita þær ekki. Þessar ástæður ætti að setja fram í þessari tilskipun. Til að tryggja nauðsynlegt gagnsæi í tengslum við innkaupaferli, sem fela í sér samninga og samræður við bjóðendur, ætti einnig að gera þeim bjóðendum, sem gert hafa tækt tilboð, kleift að fara fram á upplýsingar um framkvæmd og framvindu ferlisins nema ríkar ástæður séu gegn því að svo sé gert.

- 83) Allt of strangar kröfur um efnahagslega og fjárhagslega getu eru oft óréttmætar hindranir í vegi fyrir þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinberum innkaupum. Allar slíkar kröfur ættu að tengjast efni samningsins og vera í réttu hlutfalli við hann. Einkum ætti samningsyfirvöldum ekki að vera heimilt að gera þá kröfu til rekstraraðila að þeir séu með lágmarksveltu, sem væri ekki í réttu hlutfalli við efni samningsins, krafan ætti almennt ekki að vera hærri en í mesta lagi tvöfalt áætlað virði samningsins. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum ætti þó að vera unnt að setja hærri kröfur. Slíkar aðstæður gætu verið tengdar mikilli áhættu sem fylgir framkvæmd samningsins eða þeirri staðreynd að tímanlegar og réttar samningsefndir eru mjög mikilvægar, t.d. vegna þess að þær eru nauðsynleg forsenda fyrir framkvæmd annarra samninga.

Í slíkum tilhlýðilega rökstuddum tilvikum ætti samningsyfirvöldum áfram að vera frjálst að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort heppilegt og viðeigandi væri að setja kröfur um hærri lágmarksveltu án þess að þurfa að sæta eftirliti stjórnáslu eða dómstóla. Ef setja á kröfur um hærri lágmarksveltu ætti samningsyfirvöldum áfram að vera frjálst að ákveða mörkin, svo fremi sem þau tengjast og eru í réttu hlutfalli við efni samningsins. Ef samningsyfirvaldið ákveður að krefjast skuli þess að lágmarksvelta sé hærri en tvöfalt áætlað verðmæti samningsins ætti að koma fram í stöku skýrslunni eða í útboðsgögnum hvaða meginástæður eru fyrir vali samningsyfirvaldsins.

Samningsyfirvöld ættu t.d. einnig að geta farið fram á upplýsingar um hlutföllin milli eigna og skulda í ársreikningunum. Jákvætt hlutfall, sem sýnir að eignir eru umfram skuldir, gæti gefið viðbótarvísendingar um að fjárhagsleg geta rekstraraðila sé fullnægjandi.

- 84) Margir rekstraraðilar, ekki síst lítil og meðalstór fyrirtæki, telja ýmiss konar stjórnáslubyrði vera meiri háttar hindrun fyrir þátttöku þeirra í opinberum innkaupum, vegna þess að nauðsynlegt er að útbúa umtalsverðan fjölda vottorða og annarra skjala sem tengjast útilokunarviðmiðunum og hæfiskröfum. Ef dregið væri úr þessum kröfum, t.d. með því að nota samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda (e. European Single Procurement Document (ESPD)), þar sem fram kemur uppfærð eigin yfirlýsing, gæti það orðið til talsverðar einföldunar til hagsbóta bæði fyrir samningsyfirvöld og rekstraraðila.

Þó ætti að gera kröfu um að bjóðandinn, sem ákveðið hefur verið að gera samning við, leggi fram viðeigandi sönnunargögn og samningsyfirvöld ættu ekki að gera samninga við bjóðendur sem ekki geta lagt þau fram. Samningsyfirvöld ættu einnig að hafa rétt á að fara fram á öll eða hluta fylgiskjala hvenær sem þau telja slíkt nauðsynlegt til að tryggja að ferlið fari rétt fram. Þetta gæti einkum átt við í tveggja stiga ferli – lokuðum útboðum, samkeppnisútboðum með samningsviðræðum, samkeppnisviðræðum og nýsköpunarsamstarfi – þar sem samningsyfirvöld nýta sér möguleikann á að takmarka fjölda umsækjenda sem boðið er að leggja fram tilboð. Réttlætta mætti að fylgiskjöl séu lögð fram þegar val á umsækjendum, sem boðin er þátttaka, fer fram til að komast megi hjá því að samningsyfirvöld bjóði umsækjendum, sem reynast síðar ófærir um að leggja fram fylgiskjöl á samningsgerðarstiginu, og komi þannig í veg fyrir að annars hæfir umsækjendur taki þátt.

Gera ætti skýra grein fyrir því að á samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda yrðu einnig veittar viðeigandi upplýsingar um aðila, sem rekstraraðilinn reiðir sig á hvað varðar getu, svo að staðfesting á upplýsingum varðandi slíka aðila geti farið fram með og samkvæmt sömu skilyrðum og staðfestingin í tengslum við aðalrekstraraðilann.

- 85) Mikilvægt er að ákvarðanir samningsyfirvalda séu byggðar á nýlegum upplýsingum, einkum hvað varðar útilokunarástæður, vegna þess að vitað er að miklar breytingar geta orðið snögglega, t.d. vegna fjárhagslegra vandkvæða, sem gætu valdið því að rekstraraðilinn hentar ekki, eða öfugt vegna þess að útstandandi framlag til almannatrygginga hefur verið greitt í millitíðinni. Æskilegt er því, hvenær sem unnt er, að samningsyfirvöld staðfesti slíkar upplýsingar með aðstoð viðeigandi gagnagrunna sem ættu að vera innlendir, í þeim skilningi að þeir eru reknir af opinberum yfirvöldum. Eins og þróunin stendur nú gætu enn verið tilvik þar sem slíkt er ekki mögulegt af

<sup>(14)</sup> Tilskipun ráðsins 89/665/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnáslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð keru vegna útbóðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga (Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 33).

tæknilegum ástæðum. Framkvæmdastjórnin ætti því að íhuga að hvatt verði til ráðstafana sem gætu eflt og auðveldað rafrænan aðgang að uppfærðum upplýsingum, s.s. að styrkja verkfæri sem veita aðgang að rafrænu upplýsingasafni um hæfi fyrirtækja (e. virtual company dossier) eða leiðir sem auðvelda rekstrarsamhæfi gagnasafna eða annarra þess háttar samhliða ráðstafana.

Einnig ætti að kveða á um að samningsyfirvöld ættu ekki að fara fram á að fá enn nýrri uppfærð skjöl með upplýsingum sem þau hafa þegar undir höndum frá fyrri innkaupaferlum. Hins vegar ætti einnig að tryggja að samningsyfirvöld muni ekki standa andspænis óhóflegri skjalavörslu og -vistun í þessu sambandi. Af þessu leiðir að eingöngu ætti að innleiða þessa skyldu þegar notkun rafrænna samskiptaáðferða hefur verið skyldubundin vegna þess að rafræn skjalastjórnun mun auðvelda samningsyfirvöldum þetta verk til muna.

- 86) Ná mætti frekari einföldun, bæði fyrir rekstraraðila og samningsyfirvöld, með stöðluðu eyðublaði fyrir eigin yfirlýsingar, sem gæti dregið úr vandamálum sem tengjast nákvæmni við vinnslu formlegra yfirlýsinga og yfirlýsinga um samþykki sem og vandkvæðum í tengslum við tungumál.
- 87) Framkvæmdastjórnin hefur á að skipa og rekur rafrænt kerfi, e-Certis, sem landsyfirvöld uppfæra og staðfesta á valfrjálsum grundvelli sem stendur. Markmiðið með e-Certis er að auðvelda skipti á vottorðum og öðrum skriflegum sönnunargögnum sem samningsyfirvöld gera oft kröfu um. Reynslan hingað til gefur til kynna að valfrjáls uppfærsla og staðfesting nægir ekki til að tryggja að e-Certis geti nýst til fulls við að einfalda og auðvelda skjalaskipti, einkum til hagsbóta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Fyrsta skrefið ætti því að vera að gera viðhald þess skyldubundið. Notkun e-Certis verður gerð skyldubundin síðar.
- 88) Samningsyfirvöldum ætti að vera kleift að krefjast þess að umhverfisstjórnunarráðstöfunum eða -kerfum sé beitt meðan á framkvæmd opinbers samnings stendur. Umhverfisstjórnunarkerfi, hvort sem þau eru skráð samkvæmt Sambandsgerningum, eins og t.d. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 <sup>(15)</sup> eða ekki, geta sýnt hvort rekstraraðilinn hefur tæknilega getu til að framkvæma samninginn. Þeirra á meðal eru vottorð um umhverfismerki varðandi viðmiðanir vegna umhverfisstjórnunar. Ef rekstraraðili hefur engan aðgang að slíkum umhverfisstjórnunarskráningarkerfum eða möguleika á að fá aðgang innan viðeigandi tímamarka ætti að heimila honum að leggja fram lýsingu á þeim umhverfisstjórnunarráðstöfunum, sem komið hefur verið í framkvæmd, að því tilskildu að hlutaðeigandi rekstraraðili sýni fram á að þessar ráðstafanir tryggji sama umhverfisverndarstig og þær ráðstafanir sem krafist er samkvæmt umhverfisstjórnuninni.
- 89) Hugtakið forsendur fyrir vali tilboðs er kjarni þessarar tilskipunar. Þess vegna er mikilvægt að viðkomandi ákvæði séu sett fram á eins einfaldan og aðgengilegan hátt og mögulegt er. Þetta er hægt með því að nota hugtakið „fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið“ sem yfirhugtak vegna þess að öll tilboð sem valin eru ættu að lokum að vera valin í samræmi við það sem einstök samningsyfirvöld telja að sé fjárhagslega besta lausnin af þeim sem í boði eru. Til að komast hjá ruglingi við valforsenduna, sem nú er þekkt sem „fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið“ í tilskipun 2004/17/EB og 2004/18/EB ætti að nota annað orðasamband um það hugtak, þ.e. „besta hlutfall milli verðs og gæða“. Af því leiðir að túlka ætti það í samræmi við dómaframkvæmd, sem tengist þessum tilskipunum, nema þar sem greinilega er umtalsvert önnur lausn í þessari tilskipun.
- 90) Gera ætti samninga á grundvelli hlutlægra viðmiðana, sem tryggja samræmi við meginregluna um gagnsæi, bann við mismunun og jafna meðferð, með það í huga að tryggja hlutlægan samanburð á hlutfallslegu virði tilboða til að ákvarða, við aðstæður þar sem virk samkeppni ríkir, hvaða tilboð er fjárhagslegasta hagstæðasta tilboðið. Setja ætti skýrt og ótvírætt fram að meta ætti fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða og ætti alltaf að fela í sér verð- eða kostnaðarþátt. Jafnframt ætti að gera skýra grein fyrir því að slíkt mat á fjárhagslega hagkvæmasta tilboðinu væri einnig hægt að framkvæma á grundvelli annaðhvort verðs eða kostnaðarhagkvæmni eingöngu. Enn fremur er rétt að minna á að samningsyfirvöldum er frjálst að setja viðeigandi gæðastaðla með því að nota tækniforskriftir eða skilyrði varðandi framkvæmd samnings.

Til að hvetja til meiri áherslu á gæði í opinberum innkaupum ætti að heimila aðildarríkjum að banna eða takmarka notkun verðs eingöngu eða kostnaðar eingöngu við mat á því hvaða tilboð er fjárhagslega hagkvæmast eftir því sem þau telja að við eigi.

Til að tryggja að farið sé að meginreglunni um jafna meðferð við gerð samninga ætti að skylda samningsyfirvöld til skapa nauðsynlegt gagnsæi til að gera öllum bjóðendum kleift að vera tilhlýðilega vel upplýstir um forsendur og tilhögun sem beitt verður við ákvörðun um gerð samnings. Þess vegna ætti að skylda samningsyfirvöld til að tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs og hlutfallslegt vægi sem hver og ein forsenda fékk. Samningsyfirvöldum ætti þó að vera heimilt að gera undantekningu frá þeirri skyldu að tilgreina vægi forsendna þegar gildir ástæður eru fyrir því, sem

(15) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (Stjóð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).

þau verða að geta rökstutt, og ekki er unnt að meta vægið fyrir fram, einkum þegar um er að ræða flókna samninga. Í slíkum tilvikum ættu þau að tilgreina forsendurnar í forgangsrið eftir mikilvægi.

91) Í samræmi við 11. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ber að fella kröfur um umhverfisvernd inn í skilgreiningu og framkvæmd á stefnu Sambandsins og starfsemi, einkum með það fyrir augum að stuðla að sjálfbærri þróun. Í þessari tilskipun er skýrt hvernig samningsyfirvöld geta stuðlað að vernd umhverfisins og sjálfbærri þróun og jafnframt tryggt að besta hlutfall milli gæða og verðs náist í samningum.

92) Við mat á besta hlutfallinu milli verðs og gæða ættu samningsyfirvöld að ákvarða fjárhagslegar viðmiðanir og gæðaviðmiðanir sem tengjast efni samningsins og þau munu nota í þeim tilgangi. Þessar viðmiðanir ættu því að gefa færi á samanburðarmati á því nothæfisstigi sem boðið er í sérhverju tilboði í ljósi þess hvert efni samningsins er eins og skilgreint er í tækniforskriftunum. Með tilliti til besta hlutfalls milli verðs og gæða er í þessari tilskipun settur fram listi, sem ekki er tæmandi, um mögulegar valforsendur og þar koma m.a. fram umhverfislegir og félagslegir þættir. Hvetja ætti samningsyfirvöld til að velja valforsendur sem gera þeim kleift að fá hágæðaverk, vörur og þjónustu sem samrýmast þörfum þeirra sem best.

Þær valforsendur sem valdar eru ættu ekki að veita samningsyfirvaldinu ótakmarkað ákvörðunarvald og þær ættu að tryggja möguleikann á skilvirkri og sanngjarnri samkeppni og fela í sér tilhögun sem gerir kleift að staðfesta á skilvirkan hátt upplýsingar sem bjóðendur leggja fram.

Til að ákvarða hvaða tilboð er fjárhagslega hagstæðast ætti ákvörðunin um samningsgerðina ekki að byggjast eingöngu á forsendum sem ekki tengjast kostnaði. Þess vegna ætti kostnaðarviðmiðun að fylgja gæðaviðmiðunum og gæti það annaðhvort falist í nálgun sem byggist á verði eða kostnaðarhagkvæmni, s.s. útreikningi á vistferilskostnaði, eftir því sem samningsyfirvaldið kys. Hins vegar ættu valforsendur ekki að hafa áhrif á beitingu ákvæða landslaga sem ákvarða greiðslur fyrir tiltekna þjónustu eða þar sem fast verð er ákveðið fyrir tiltekna vörur.

93) Ef greiðsla fyrir tiltekna þjónustu ræðst af ákvæðum landslaga eða er ákveðin í föstu verði fyrir tiltekna vörur ætti að koma skýrt fram að áfram er unnt að meta hlutfall gæða og verðs á grundvelli annarra þátta en einungis verðsins eða greiðslunnar. Eftir því hvaða þjónustu eða vöru er um að ræða gætu slíkir þættir m.a. verið skilmálar um afhendingu og greiðslu, atriði varðandi þjónustu eftir sölu (t.d. umfang ráðgjafar- og endurnýjunarþjónustu) eða umhverfislegir eða félagslegir þættir (t.d. hvort bækur voru prentaðar á enduruninn pappír eða pappír úr sjálfbærum víði, kostnaður sem skrifast á umhverfisleg úthrif eða hvort ýtt hafi verið undir félagslega aðlögun einstaklinga, sem standa höllum fæti, eða þeirra sem tilheyra berskjölduðum hópum meðal einstaklinga sem falið er að framkvæma samninginn). Miðað við margvíslega möguleika til að meta hlutfall gæða og verðs á grundvelli efnislegra viðmiðana ætti að forðast að nota þá leið að draga um hluta sem einu aðferðina við gerð samnings.

94) Hvenær sem gæði ráðsins starfsfólks skipta máli varðandi framkvæmd samnings ætti einnig að heimila samningsyfirvöldum að nota sem valforsendu skipulag, gæði og reynslu þess starfsfólks, sem falið er að framkvæma umræddan samning, vegna þess að þetta getur haft áhrif á gæði framkvæmdar samningsins og, þar af leiðandi, á fjárhagslegt virði tilboðsins. Þetta getur t.d. átt við um samninga um hugverkaþjónustu á borð við ráðgjafar- eða arkitektþjónustu. Samningsyfirvöld, sem nýta sér þennan möguleika, ættu að tryggja með viðeigandi samningsbundnum leiðum að starfsfólkið, sem falin er framkvæmd samnings, uppfylli í raun þá gæðastaðla, sem tilgreindir eru, og að einungis megi ráða annað starfsfólk í stað þess sem fyrir er með samþykki samningsyfirvaldsins sem staðfestir að starfsfólkið, sem ráðið er í annars stað, sé af sambærilegum gæðum.

95) Það er gríðarlega brýnt að nýta til fulls þá möguleika sem felast í opinberum innkaupum við að ná markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla. Í þessu tilliti er rétt að minna á að opinber innkaup eru drifkraftur nýsköpunar sem skiptir miklu máli fyrir framtíðarvöxt í Evrópu. Í ljósi þess að mikilvægur munur er á einstökum geirum og mörkuðum væri á hinn bóginn ekki viðeigandi að setja almennar lögboðnar kröfur um innkaup á sviði umhverfismála, félagsmála og nýsköpunar.

Í lögjöf Sambandsins hafa þegar verið settar lögboðnar kröfur um innkaup til að ná sérstökum takmörkum á sviði vélknúinna ökutækja til flutninga á vegum (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB) <sup>(16)</sup> og á sviði skrifstofubúnaðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008) <sup>(17)</sup>. Auk þess hefur mikið áunnist hvað varðar skilgreininguna á sameiginlegum aðferðum til útreiknings vistferilskostnaðar.

Því virðist rétt að halda áfram á þessari leið og láta lögjöf í vissum geirum það eftir að setja lögboðin markmið og takmörk í samræmi við tiltekna stefnur og skilyrði sem eru í gildi í viðkomandi geira og halda á lofti þróun og notkun evrópskra aðferða við útreikning á vistferilskostnaði í þeim tilgangi að styðja betur við notkun opinberra innkaupa til að styrkja sjálfbæran vöxt.

96) Til viðbótar við þessar ráðstafanir í tilteknum geirum ætti að breyta tilskipun 2004/17/EB og 2004/18/EB og gera

<sup>(16)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB frá 23. apríl 2009 um að stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum (Stjóð. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 5).

<sup>(17)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008 frá 15. janúar 2008 um áætlun Bandalagsins varðandi orkunýtnimerkingar á skrifstofubúnaði (Stjóð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 1)

samningsyfirvöldum kleift að keppa að markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbærar hagvöxt og hagvöxt fyrir alla í innkaupaáætlunum sínum. Þess vegna ætti að taka ótvírætt fram að ef matið er ekki einungis gert á grundvelli verðs geta samningsyfirvöld ákveðið hvaða tilboð er fjárhagslega hagstæðast og lægstur kostnaður með því að nota nálgun sem grundvallast á útreikningi á vistferliskostnaði. Hugtakið útreikningur á vistferliskostnaði tekur til alls kostnaðar á vistferli verka, vöru eða þjónustu.

Þetta þýðir innri kostnað, s.s. vegna rannsókna sem gera skal, þróunar, framleiðslu, flutninga, notkunar, viðhalds og kostnaðar við förgun við lok vistferlis en getur einnig tekið til kostnaðar sem skrifast á umhverfisleg úthrif, s.s. mengunar af völdum náms hráefna, sem notuð eru í vörunni eða af völdum vörunnar sjálfrar eða vinnslu hennar, að því tilskildu að unnt sé að verðleggja þær og fylgjast með þeim. Þær aðferðir sem samningsyfirvöld nota við mat á kostnaði sem skrifast á umhverfisleg úthrif ætti að ákvarða fyrirfram á hlutlægan hátt og án mismununar og ættu að vera aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum. Þessar aðferðir má ákvarða á lands-, svæðis- eða staðarvísu en til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni með hjálp sérsníðinna aðferða ættu þær að vera almennar í þeim skilningi að ekki ætti að koma þeim á fót sérstaklega fyrir tiltekið opinbert innkaupaferli.

Þróa ætti sameiginlegar aðferðir á vettvangi Sambandsins til að reikna út vistferliskostnað í sérstökum flokkum vara eða þjónustu. Þar sem slíkar sameiginlegar aðferðir eru þróaðar ætti að skyldubinda notkun þeirra.

Jafnframt ætti að skoða hvort hagkvæmt sé að koma á sameiginlegum aðferðum í útreikningi á félagslegum vistferliskostnaði og líta til fyrirliggjandi aðferða, s.s. viðmiðunarreglna fyrir félagslegt vistferilsmat á vörum sem samþykktar voru innan ramma Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

- 97) Enn fremur ætti samningsyfirvöldum, með betri samþættingu félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða í innkaupaferli í huga, að vera heimilt að nota valforsendur eða skilyrði varðandi framkvæmd samnings, sem tengjast verkum, vörum eða þjónustu, sem veita á samkvæmt opinbera samningnum, að hvaða leyti sem er og á hvaða stigi sem er á vistferli þeirra frá námi hráefna fyrir vöruna þar til vörunni er fargað, þ.m.t. þættir í hinu sérstaka ferli framleiðslu, veitingar eða viðskipta með þau verk, vörur eða þjónustu eða í sérstöku ferli á síðara stigi í vistferli þeirra jafnvel þótt slíkir þættir séu ekki hluti af efni þeirra. Forsendur og skilyrði sem varða slíkt framleiðslu- eða veitingarferli eru t.d. að ekki hafi verið notuð eiturefni við framleiðslu keyptu varanna eða að keypt þjónusta sé veitt með notkun orkunýttinna véla. Í samræmi við dómaframkvæmd Evrópudómstólsins tekur þetta líka til valforsendna eða skilyrða um framkvæmd samnings í tengslum við afhendingu eða notkun vara sem framleiddar eru í samræmi við sanngjörn viðskipti (e. fair trade) við framkvæmd samningsins sem á að gera. Forsendur og skilyrði í tengslum við viðskipti og aðstæður þeirra geta t.d. vísað til þeirrar staðreyndar að varan, sem um er að ræða, er framleidd í samræmi við sanngjörn viðskipti, þ.m.t. krafan um að greiða lágmarksverð auk álags (e. price premium) til framleiðenda. Skilyrði varðandi framkvæmd samnings, sem varða umhverfissjónarmið, geta t.d. náð yfir afhendingu, þökkun og förgun vara og í tengslum við verk- og þjónustusamninga, lágmarkun úrgangs eða auðlindanýtni.

Hins vegar útilokar skilyrðið um tengsl við efni samningsins forsendur og skilyrði, sem tengjast almennri stefnu fyrirtækisins, sem ekki er unnt að líta á sem einkennandi þátt í sérstöku framleiðslu- eða veitingarferli keyptu verkanna, varanna eða þjónustunnar. Þess vegna ætti ekki að heimila samningsyfirvöldum að gera þá kröfu til þjóðenda að þeir hafi sett tiltekna stefnu um samfélagslega eða umhverfislega ábyrgð fyrirtækisins.

- 98) Mikilvægt er að valforsendur og skilyrði um framkvæmd samnings varðandi félagslega þætti í framleiðsluferlinu tengist þeim verkum, vöru eða þjónustu sem veita skal samkvæmt samningnum. Auk þess ætti að beita þeim í samræmi við tilskipun 96/71/EB eins og hún hefur verið túlkuð af Evrópudómstólnum, og ætti ekki að velja eða beita þeim þannig að í því felist bein eða óbein mismunur rekstraraðila frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum sem eiga aðild að samningnum um opinber innkaup eða fríverslunarsamningum sem Sambandið er aðili að. Því ættu kröfur varðandi grundvallarvinnuskilyrði, sem reglur eru settar um í tilskipun 96/71/EB, s.s. um lágmarkslaun, að vera áfram þær sem settar eru með landslöggjöf eða kjarasamningum sem beitt er í samræmi við lög Sambandsins í tengslum við þá tilskipun.

Skilyrðum varðandi framkvæmd samnings gæti einnig verið ætlað að stuðla að framkvæmd ráðstafana til að efla jafnrétti milli kvenna og karla í vinnu, aukinni þátttöku kvenna á vinnumarkaði og samræmingu vinnu og einkalífs, verndun umhverfisins eða velferð dýra, því að farið sé efnislega að grundvallarsamningum Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar, og að ráðið sé fleira fólk sem stendur höllum fæti en krafist er samkvæmt landslöggjöf.

- 99) Ráðstafanir til að vernda heilsu starfsfólks, sem tekur þátt í framleiðsluferlinu, til að efla félagslega aðlögun fólks sem stendur höllum fæti eða þeirra sem tilheyrja berskjölduðum hópum meðal þeirra sem falið er að framkvæma samninginn eða til að veita þjálfun á þeirri kunnáttu sem nauðsynleg fyrir viðkomandi samning, geta líka verið meðal valforsendna eða skilyrða varðandi framkvæmd samnings, að því tilskildu að þær snúi að verkum, vörum eða þjónustu sem veitt er samkvæmt samningnum. Til dæmis gætu slíkar forsendur eða skilyrði m.a. vísað til ráðningar

umsækjenda, sem hafa verið lengi atvinnulausir, framkvæmdar ráðstafana vegna menntunar fyrir atvinnulausa eða ungmenni við framkvæmd samningsins sem gera skal. Samningsyfirvöld geta í tækniforskriftum kveðið á um slíkar félagslegar kröfur sem einkenna með beinum hætti viðkomandi vöru eða þjónustu, svo sem aðgengi fyrir fatlaða eða hönnun fyrir alla notendur.

100) Ekki ætti að gera opinbera samninga við rekstraraðila, sem hafa tekið þátt í skipulögðum brotasamtökum eða hafa verið fundnir sekir um spillingu, svik sem hafa skaðað fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, hryðjuverk, peningabætti, fjármögnun hryðjuverka eða mansal. Vangreiðsla skatta eða framlaga til almannatrygginga ætti einnig að varða skyldubundinni útilokun á Sambandsvísu. Aðildarríki ættu hins vegar að geta kveðið á um undanþágur frá þessum skyldubundnu útilokunum í undantekningartilvikum þegar kröfur, sem veita þyngra í þágu almannahagsmuna, gera það að verkum að samningsgerð er óhjákvæmileg. Slíkt gæti t.d. átt við ef aðeins er hægt að kaupa bóluþefni eða neyðarbúnað sem brýn þörf er fyrir frá rekstraraðila sem skyldubundnar forsendur fyrir útilokun gilda um að öðru leyti.

101) Enn fremur ætti samningsyfirvöldum að vera gert kleift að útiloka rekstraraðila, sem reynst hafa óáreiðanlegir, t.d. vegna brota á skyldum vegna umhverfismála eða í félagslegu tilliti, þ.m.t. reglur um aðgengi fatlaðra eða annars konar alvarlegt misferli í starfsemi í viðkomandi atvinnugrein, s.s. brot á samkeppnisreglum eða hugverkaréttindum. Koma ætti skýrt fram að alvarlegt misferli í tengslum við starfsemi í viðkomandi atvinnugrein getur gert það að verkum að heiðarleiki rekstraraðila sé dreginn í efa og þannig gert rekstraraðilann illa til þess fallinn að fá opinberan samning, óháð því hvort hann hefði annars yfir að ráða þeirri tæknilegu og efnahagslegu getu sem þarf til að framkvæma samninginn.

Með það í huga að samningsyfirvaldið ber ábyrgð á afleiðingum ákvarðana, sem gætu mögulega verið rangar, ættu samningsyfirvöld áfram að geta talið að alvarlegt misferli í tengslum við starfsemi í viðkomandi atvinnugrein hafi átt sér stað þegar þau geta sýnt fram á með viðeigandi hætti, áður en endanleg og bindandi ákvörðun er tekin um tilvist skyldubundinna útilokunarástæðna, að rekstraraðili hafi brotið gegn skyldum sínum, þ.m.t. skyldum er varða greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga, nema kveðið sé á um annað í landslögum. Samningsyfirvöld ættu einnig að geta útilokað umsækjendur eða bjóðendur þegar framkvæmd þeirra á fyrri opinberum samningum var verulega áfátt að því er varðar efnislegar kröfur, t.d. skortur á efnidum eða framkvæmd, alvarlegir anmarkar á vörinni eða þjónustunni sem veitt var, sem gerðu hana ónothæfa í tilætluðum tilgangi, eða röng háttsemi sem veldur verulegum vafa um áreiðanleika rekstraraðilans. Í landslögum ætti að kveða á um hámarks lengd slíkrar útilokunar.

Við beitingu valfrjálsra ástæðna fyrir útilokun ættu samningsyfirvöld að líta sérstaklega til meginreglunnar um meðalhóf. Minni háttar frávik ættu einungis í undantekningartilvikum að leiða til útilokunar rekstraraðila. Ef minni háttar frávik eru siendurtekin getur slíkt þó vakið efasemdir um áreiðanleika rekstraraðila og gæti réttlætt útilokun hans.

102) Þó ætti að taka tillit til möguleika rekstraraðila á að gera ráðstafanir til að fara að reglum í þeim tilgangi að bæta fyrir afleiðingar hvers konar refsilagabrota eða misferlis og koma með áhrifaríkum hætti í veg fyrir fleiri tilvik rangrar háttsemi. Slíkar ráðstafanir gætu einkum snúið að starfsfólki eða skipulagi s.s. að rjúfa öll tengsl við fólk eða stofnanir, sem tóku þátt í misferlinu, gera viðeigandi ráðstafanir til endurskipulagningar varðandi starfsfólk, innleiða tilkynninga- og eftirlitskerfi, koma á fyrirkomulagi fyrir innri endurskoðun til að fylgjast með því að farið sé að reglum og samþykkja innri reglur um ábyrgð og bætur. Þegar slíkar ráðstafanir veita nægilega tryggingu ætti ekki að útiloka viðkomandi rekstraraðila lengur af þessum sökum einvörðungu. Rekstraraðilar ættu að geta óskað eftir að ráðstafanir til að fara að reglum, sem gerðar eru með það í huga að gera þátttöku þeirra í opinberu innkaupaferli mögulega, verði skoðaðar. Hins vegar ætti að láta það eftir aðildarríkjum að ákveða nákvæmlega þau formlegu og efnislegu skilyrði sem gilda um slík tilvik. Þau ættu einkum að geta ákveðið hvort þau heimili einstökum samningsyfirvöldum að framkvæma viðkomandi mat eða fá það öðrum yfirvöldum í hendur með miðlægum eða dreifstýrðum hætti.

103) Tilboð sem virðast óeðlilega lág miðað við verkin, vörurnar eða þjónustuna gætu byggst á ótryggum forsendum eða starfsvenjum í tæknilegu, fjárhagslegu eða lagalegu tilliti. Ef bjóðandinn getur ekki veitt fullnægjandi skýringu ætti samningsyfirvaldið að hafa rétt til þess að hafna tilboðinu. Höfnun ætti að vera lögboðin ef samningsyfirvaldið hefur komist að raun um að ástæðan fyrir óeðlilega lágu verði eða kostnaði, sem boðið er, er að ekki er farið að skyldubundnum Sambandslögum eða sambærilegum landslögum á sviði félagsmála-, vinnu- eða umhverfisréttar eða ákvæðum alþjóðlegrar vinnulöggjafar.

104) Skilyrði varðandi framkvæmd samnings eru til þess að mæla fyrir um sérstakar kröfur sem tengjast því að samningurinn sé efndur. Ólíkt því sem á við um forsendur fyrir vali tilboðs, sem eru grundvöllurinn fyrir samanburðarmati á gæðum tilboða, fela skilyrði varðandi framkvæmd samnings í sér fastar hlutlægar kröfur, sem hafa engin áhrif á mat á tilboðum. Skilyrði varðandi framkvæmd samnings ættu að samrýmast þessari tilskipun, að því tilskildu að þau mismuni ekki, hvorki beint né óbeint, og að þau tengist efni samningsins, sem felur í sér alla þætti sem varða hið sérstaka ferli framleiðslu, veitingar eða markaðssetningar. Þar á meðal eru skilyrði sem varða

framvindu efnda sammingsins, en undanskildar eru kröfur sem eiga við um almenna stefnu fyrirtækisins.

Tilgreina ætti skilyrði varðandi framkvæmd sammings í útboðstilkynningunni, kynningartilkynning er notuð sem leið til að kalla eftir samkeppni eða útboðsgögnum.

- 105) Mikilvægt er að tryggja að undirverktakar uppfylli viðeigandi skyldur á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar, sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar, sem talin eru upp í þessari tilskipun, með viðeigandi aðgerðum lögbærra landsyfirvalda innan marka ábyrgða þeirra og valdsviða, s.s. vinnueftirlitsstofnana eða umhverfisverndarstofnana, að því tilskildu að slíkar reglur og beiting þeirra samrýmist lögum Sambandsins.

Einnig er nauðsynlegt að tryggja nokkurt gagnsæi í undirverktakakeðjunni, þar sem það veitir sammingsyfirvöldum upplýsingar um hverjir eru til staðar á byggingarsvæðum þar sem unnið er að verum í þeirra þágu, eða um það hvaða fyrirtæki veita þjónustu í eða við byggingar, grunnvirki eða svæði, s.s. ráðhús, skóla í eigu sveitarfélaga, íþróttamannvirki, hafnir eða hraðbrautir, sem sammingsyfirvöld bera ábyrgð á eða hafa yfirumsjón með. Koma ætti skýrt fram að skyldan til að veita tilskildar upplýsingar hvílir alltaf á aðalverktakanum, annaðhvort á grundvelli sérstakra skilmála, sem hvert sammingsyfirvald þyrfti að fella inn í öll innkaupaferli eða á grundvelli skyldna sem aðildarríki legðu á aðalverktakana með almennt gildandi ákvæðum.

Einnig ætti að koma skýrt fram að skilyrði um framfylgd þess að farið sé að viðeigandi skyldum á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar, sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar, sem talin eru upp í þessari tilskipun, ættu að gilda þegar landslög aðildarríkis kveða á um kerfi sameiginlegrar ábyrgðar undirverktaka og aðalverktaka, að því tilskildu að slíkar reglur og beiting þeirra samrýmist löggjöf Sambandsins. Enn fremur ætti að taka ótvírætt fram að aðildarríki ættu að geta gengið lengra, t.d. með því að víkka út skyldur um gagnsæi, með því að gera kleift að undirverktökum sé greitt beint eða með því að gera sammingsyfirvöldum kleift eða skylda þau til að ganga úr skugga um að ekki sé þannig ástætt um undirverktaka að útilokun rekstraraðila eigi við. Þegar slíkum ráðstöfunum er beitt gagnvart undirverktökum ætti að tryggja samræmi við ákvæðin sem gilda um aðalverktaka svo að aðalverktakanum sé gert að skipta út viðkomandi undirverktaka ef bindandi útilokunarástæður eru fyrir hendi. Ef slík athugun leiðir í ljós útilokunarástæður, sem ekki eru bindandi, ætti að koma fram að sammingsyfirvöld geti gert kröfu um að undirverktakanum sé skipt út. Hins vegar ætti einnig að koma ótvírætt fram að sammingsyfirvöldum getur verið skylt að krefjast þess að viðkomandi undirverktaka sé skipt út ef útilokun aðalverktaka væri skyldubundin við slíkar aðstæður.

Einnig ætti að taka ótvírætt fram að aðildarríkjunum er áfram frjálst að kveða á um strangari reglur um bótaábyrgð í landslögum eða ganga lengra í landslögum sínum varðandi beinar greiðslur til undirverktaka.

- 106) Rétt er að minna á að reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 <sup>(18)</sup> gildir um útreikning á tímamörkum í þessari tilskipun.

- 107) Nauðsynlegt er að skýra við hvaða aðstæður breytingar, sem verða á samningi meðan á framkvæmd hans stendur, gera nýtt innkaupaferli nauðsynlegt, með hliðsjón af viðkomandi dómaframkvæmd Evrópuþingstólsins. Nýtt innkaupaferli er nauðsynlegt ef um er að ræða efnislegar breytingar á upphaflega samningnum, einkum á umfangi og efni gagnkvæmra réttinda og skyldna aðilanna, þ.m.t. skiptingu hugverkaréttinda. Slíkar breytingar sýna vilja aðilanna til að semja aftur um nauðsynlega skilmála eða skilyrði þess sammings. Þetta á einkum við ef hin breyttu skilyrði hefðu haft áhrif á útkomu útboðsins hefðu þau verið hluti af upprunalega útboðinu.

Breytingar á samningnum, sem valda minniháttar breytingum á sammingsfjárhæðinni upp að vissri viðmiðunarfjárhæð, ættu alltaf að vera mögulegar án þess að framkvæma nýtt innkaupaferli. Í þessu skyni og til þess að tryggja réttarvissu ætti þessi tilskipun að kveða á um lágmarksviðmiðunarfjárhæðir og sé fjárhæðin undir þeim þarf ekki að hefja nýtt innkaupaferli. Breytingar á samningnum, sem nema fjárhæðum sem eru yfir þessum viðmiðunarfjárhæðum, ættu að vera mögulegar án nýs innkaupaferlis, að því marki sem slíkar breytingar samrýmast viðeigandi skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

- 108) Sammingsyfirvöld gætu staðið andspænis aðstæðum þar sem viðbótarverk, -vörur eða -þjónusta reynast nauðsynleg; í slíkum tilvikum gæti verið réttlætanlegt að breyta upphaflega samningnum án nýs innkaupaferlis, einkum ef um er að ræða viðbótarafhendingu á vörum sem annaðhvort er ætlað að hluta í stað eða vera viðbót við fyrirbyggjandi þjónustu, vörur eða búnað og val á nýjum birgi myndi skuldbinda sammingsyfirvaldið til að kaupa efni, verk eða

<sup>(18)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti (Stjóð. EB sérstök ensk útgáfa: Róð V hefti 1952-1972 bls. 88).

þjónustu sem hefði aðra tæknilega eiginleika og leiddu því til ósamhæfis eða óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald.

- 109) Samningsyfírvöld geta staðið andspænis ytri kringumstæðum sem þau gátu ekki séð fyrir þegar þau gerðu samninginn, einkum þegar framkvæmd hans nær yfir langt tímabil. Þegar svo ber undir er viss sveigjanleiki nauðsynlegur til að laga samninginn að aðstæðunum án nýs innkaupaferlis. Hugtakið ófyrirsjáanlegar aðstæður vísar til aðstæðna, sem ekki hefði verið hægt að spá fyrir um þrátt fyrir vandlegan undirbúning samningsyfírvaldsins á upphaflegu samningsgerðinni með tilliti til færra leiða, eðlis og einkenna hins tiltekna verkefnis, góðra starfsvenja á viðkomandi sviði og þarfarinnar á að tryggja eðlileg tengsl milli þess sem varið er í að undirbúa gerð samningsins og fyrirsjáanlegs verðmætis hans. Hins vegar getur þetta ekki átt við þegar breyting leiðir til breytingar á eðli innkaupanna í heild, t.d. með því að eitthvað annað komi í stað verkanna, varanna eða þjónustunnar sem kaupa skal, eða með því að tegund innkaupanna sé breytt í grundvallaratriðum, þar sem gera má ráð fyrir því í slíkum tilvikum að það hafi möguleg áhrif á útkomuna.
- 110) Í samræmi við meginreglurnar um jafna meðferð og gagnsæi ætti ekki að skipta út hlutskarpasta bjóðandanum fyrir annan rekstraraðila án þess að efna á ný til samkeppni um samninginn, t.d. þar sem bundinn er endi á samninginn vegna annmarka við efndir. Hlutskarpasti bjóðandinn sem framkvæmir samninginn ætti hins vegar, einkum þegar samningurinn hefur verið gerður við fleiri en eitt fyrirtæki, að geta farið í gegnum tilteknar skipulagsbreytingar meðan á framkvæmd samningsins stendur, s.s. hreina innri endurskipulagningu, yfirtökur, samruna og kaup eða ógjaldfærni. Slíkar skipulagsbreytingar ættu ekki sjálfkrafa að kalla á nýtt innkaupaferli fyrir alla opinbera samninga sem sá bjóðandi framkvæmir.
- 111) Samningsyfírvöld ættu að hafa möguleika á að kveða á um breytingar á einstökum samningum með endurskoðunarákvæðum eða ákvæðum um valmöguleika í samningunum sjálfum en slík ákvæði ættu ekki að veita þeim ótakmarkað ákvörðunarvald. Því ætti að setja fram í þessari tilskipun upp að hvaða marki megi kveða á um breytingar í upphaflega samningnum. Því ætti að koma skýrt fram að nægilega skýrt orðuð endurskoðunarákvæði eða ákvæði um valmöguleika geti m.a. kveðið á um verðtryggingu eða tryggt að t.d. fjarskiptabúnaður, sem ber að afhenda á tilteknu tímabili henti áfram, einnig ef um er að ræða breyttar samskiptareglur um fjarskipti eða aðrar tæknilegar breytingar. Einnig ætti að vera mögulegt, samkvæmt nægilega skýrum ákvæðum, að kveða á um breytingar á samningnum sem reynast nauðsynlegar vegna tæknilegra örðugleika sem hafa komið upp við starfrækslu eða viðhald. Einnig ætti að minna á að samningar gætu t.d. varðað bæði hefðbundið viðhald auk þess að kveða á um sérstök inngrip vegna viðhalds sem kann að vera nauðsynlegt til þess að tryggja áframhaldandi veitingu opinberrar þjónustu.
- 112) Samningsyfírvöld standa stundum frammi fyrir aðstæðum sem krefjast þess að opinberum samningum sé slitið fyrr en ætlað var til þess að farið sé að skyldum samkvæmt löggjöf Sambandsins á sviði opinberra innkaupa. Aðildarríkin ættu því að tryggja að samningsyfírvöld eigi þess kost að slíta opinberum samningi, í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í landslögum, á gildistíma hans, ef þess er krafist samkvæmt lögum Sambandsins.
- 113) Niðurstöður vinnuskjals framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júní 2011 með heitinu „Matsskýrsla: Áhrif og skilvirkni löggjafar ESB um opinber innkaup“ gáfu til kynna að endurskoða ætti að vissar tegundir þjónustu eru undanskildar fullri beitingu tilskipunar 2004/18/EB. Af því leiðir að vikka ætti út fulla beitingu þessarar tilskipunar þannig að hún nái til fleiri tegunda þjónustu.
- 114) Eðlis síns vegna ná tilteknir flokkar þjónustu áfram að takmörkuðu leyti yfir landamæri, einkum þjónusta, sem lýst er sem þjónusta við einstaklinga, s.s. tiltekin félagsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og þjónusta á sviði menntunar. Slík þjónusta er veitt í tilteknu samhengi sem er mjög mismunandi meðal aðildarríkjanna vegna mismunandi menningarhefða. Því ætti að koma á sérstöku fyrirkomulagi fyrir opinbera samninga vegna þess konar þjónustu með hærri viðmiðunarfjárhæð en gildir um aðra þjónustu.

Þjónusta við einstaklinga, þar sem verðmætið er undir þeirri viðmiðunarfjárhæð, veur yfirleitt ekki áhuga þjónustuveitenda í öðrum aðildarríkjum nema ótvíræðar vísbendingar séu um hið gagnstæða, s.s. að Sambandið fjármagni verkefni sem ná yfir landamæri.

Um samninga um þjónustu við einstaklinga yfir þessari viðmiðunarfjárhæð ættu að gilda gagnsæiskvaðir innan alls Sambandsins. Í ljósi mikilvægis menningarlegs samhengis þessarar þjónustu og hversu viðkvæm hún er ætti að veita aðildarríkjunum víðtækt ákvörðunarvald til að skipuleggja val á þjónustuveitendum með þeim hætti sem þau telja hæfa best. Reglur þessarar tilskipunar taka mið af þessari brýnu kröfu og með þeim eru einungis settar kröfur um að



uppfylla grundvallarreglurnar um gagnsæi og jafna meðferð og að tryggja að samningsyfirvöld séu fær um að nota sérstakar gæðaviðmiðanir við val á þjónustuveitendum, s.s. viðmiðanirnar sem settar eru fram í valfrjálsum evrópskum gæðaramma fyrir félagsþjónustu, sem birtur er af nefnd Evrópusambandsins um félagslega vernd. Við ákvörðun á þeim ferlum sem nota skal við samningsgerð vegna þjónustu við einstaklinga ættu aðildarríkin að taka mið af 14. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og bókun nr. 26. Um leið ættu aðildarríkin að leitast við að ná markmiðum um einföldun og að létta stjórnsýsluálag samningsyfirvalda og rekstraraðila; taka ætti skýrt fram að slíkar aðgerðir gætu einnig falið í sér að fara þyrfti að reglum sem gilda um þjónustusamninga sem ekki falla undir einfalda fyrirkomulagið.

Aðildarríkjum og opinberum yfirvöldum er áfram frjálst að veita þessa þjónustu sjálf eða að skipuleggja félagsþjónustu með þeim hætti að það feli ekki í sér gerð opinberra samninga, t.d. með því að fjármagna aðeins slíka þjónustu eða með því að veita leyfi eða heimildir til allra rekstraraðila, sem uppfylla tiltekin skilyrði sem samningsyfirvaldið setur fyrirfram, án takmarkana eða kvóta, að því tilskildu að slík kerfi tryggi næga auglýsingu og séu í samræmi við meginreglurnar um gagnsæi og bann við mismunun.

- 115) Á sama hátt er hótél- og veitingaþjónusta almennt einungis boðin af aðilum sem eru staðsettir á þeim tiltekna stað þar sem þjónustan er veitt og nær þess vegna að takmörkuðu leyti yfir landamæri. Hún ætti því eingöngu að falla undir einfalda fyrirkomulagið ef verðmæti hennar nemur 750 000 evra viðmiðunarfjárhæðinni eða þar yfir. Stórir hótél- og veitingaþjónustusamningar yfir þessum viðmiðunarfjárhæðum geta verið mikilvægir fyrir ýmsa rekstraraðila, s.s. ferðaskrifstofur og aðra milliliði, einnig yfir landamæri.
- 116) Svipuðu máli gegnir með tiltekna lögfræðiþjónustu, sem snertir eingöngu málefni sem eru alfarið bundin við landslög og er þess vegna almennt aðeins boðin af aðilum, sem eru í hlutaðeigandi aðildarríki, og nær af þessum sökum einnig að takmörkuðu leyti yfir landamæri. Hún ætti því eingöngu að falla undir einfalda fyrirkomulagið ef verðmæti hennar nemur 750 000 evra viðmiðunarfjárhæðinni eða þar yfir. Stórir samningar um lögfræðiþjónustu, sem eru yfir þessari viðmiðunarfjárhæð, geta verið mikilvægir fyrir ýmsa rekstraraðila, t.d. alþjóðleg lögfræðifyrirtæki, einnig þeir sem ná yfir landamæri, einkum ef um er að ræða lögfræðileg álitaefni sem rísa eða eru tilkomin vegna Sambandslaga eða annarra alþjóðalaga eða taka til fleiri en eins lands.
- 117) Reynslan hefur leitt í ljós að yfirleitt varðar ýmiss konar önnur þjónusta, s.s. björgunarþjónusta, slökkvistörf og fangelsisþjónusta, aðeins hagsmuni yfir landamæri frá þeim tíma sem hún nær nægilegu magnumfangi vegna hlutfallslega mikils verðmætis. Svo fremi sem hún er ekki undanskilin gildissviði þessarar tilskipunar ætti hún að falla undir einfalda fyrirkomulagið. Að því marki sem veiting þjónustu byggist í reynd á samningum, mun annars konar þjónusta, s.s. opinber þjónusta eða þjónusta við samfélagið, að öðru jöfnu aðeins varða hagsmuni yfir landamæri ef verðmæti hennar fer yfir 750 000 evra viðmiðunarfjárhæð og ætti þess vegna aðeins í slíku tilviki að falla undir einfalda fyrirkomulagið.
- 118) Til að tryggja áframhaldandi opinbera þjónustu ætti þessi tilskipun að gefa færi á að þátttaka á sviði tiltekinna heilbrigðis-, félags- og menningarþjónustu í innkaupaferli geti verið bundin við stofnanir, sem byggjast á eignarhaldi starfsmanna eða virkri þátttöku starfsmanna í stjórnun þeirra, sem og við fyrirliggjandi stofnanir á borð við samvinnufélög, að því er varðar þátttöku í að veita endanlegum notendum þessa þjónustu. Gildissvið þessa ákvæðis nær einungis til tiltekinna heilbrigðis- og félagsþjónustu og tengdrar þjónustu, tiltekinna menntunar- og þjálfunarþjónustu, bókasafns-, skjalavörslu- og safnaþjónustu og annarrar menningartengdrar þjónustu, íþróttþjónustu og þjónustu fyrir einkaheimili og er ekki ætlað að ná til undanskilinnar þjónustu sem annars er kveðið á um í þessari tilskipun. Sú þjónusta ætti aðeins að falla undir einfalda fyrirkomulagið.
- 119) Rétt er að skilgreina þess konar þjónustu með tilvísun í sérstaka liði í sameiginlega innkaupaorðasafninu eins og það var samþykkt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 <sup>(19)</sup>, en það er flokkunarkerfi með stigskipaðri uppbyggingu, skipt niður í deildir, hópa, greinar, flokka og undirflokka. Til þess að koma í veg fyrir réttaróvissu ætti að taka fram að tilvísun í deild felur ekki í sér að vísað sé í undirskipaðar undirdeildir. Þess í stað ætti að setja fram slíka heildartilvísun skýrt og greinilega með því að tiltaka alla viðkomandi staði, ef við á, sem röð af kóðum.
- 120) Hönnunarsamkeppnir hafa yfirleitt helst verið haldnar á sviði borgar- og byggðaskipulags, byggingarlistar og verkfræði eða gagnavinnslu. Hins vegar er rétt að minna á að þessar sveigjanlegu aðferðir mætti líka nýta í öðrum tilgangi, s.s. til að afla áætlana um fjármögnunarúrræði til að hámarka stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki í tengslum við verkefnið sameiginleg evrópsk úrræði fyrir ör- til meðalstór fyrirtæki (JEREMIE) eða aðrar stuðningsáætlanir Sambandsins fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í tilteknu aðildarríki. Í hönnunarsamkeppninni, sem

<sup>(19)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 frá 5. nóvember 2002 um sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV) (Stjóð. EB L 340, 16.12.2002, bls. 1).

notuð væri til að afla áætlana um þess háttar fjármögnunarúrræði, mætti einnig gera ráð fyrir að þjónustusamningar, sem fylgja í kjölfarið til að koma í þessum fjármögnunarúrræðum í framkvæmd, yrðu gerðir við vinningshafann eða einn vinningshafa hönnunarsamkeppninnar með samningskaupum án auglýsingar.

- 121) Matið hefur leitt í ljós að enn er umtalsvert svigrúm til endurbóta á beitingu reglna Sambandsins um opinber innkaup. Til að beiting reglnanna verði skilvirkari og samræmdari er mikilvægt að öðlast góða yfirsýn yfir möguleg kerfislæg vandamál og almenn mynstur í opinberri innkaupastefnu í hverju aðildarríki fyrir sig svo taka megji á mögulegum vandamálum með markvissari hætti. Þetta yfirlit ætti að vinna með viðeigandi eftirliti og niðurstöður þess ætti að birta reglulega til að upplýst umræða um mögulegar endurbætur á reglum og starfsvenjum um innkaup geti farið fram. Með því að fá gott yfirlit af þessu tagi væri einnig hægt að fá innsýn í beitingu reglna um opinber innkaup í tengslum við framkvæmd verkefna sem Sambandið fjármagnar í samstarfi við aðildarríkin. Aðildarríkjnum ætti að vera í sjálfsvald sett að ákveða hvernig eftirlitið fer fram og hver annast framkvæmd þess, um leið ætti þeim að vera í sjálfsvald sett að ákveða hvort eftirlitið skuli byggjast á eftirliti eftir á með hjálp úrtaka eða á kerfisbundnu fyrirframmati á opinberum innkaupaferlum sem falla undir þessa tilskipun. Það ætti að vera mögulegt að vekja athygli viðeigandi aðila á hugsanlegum vandamálum, en ætti ekki nauðsynlega að hafa í för með sér að þeir sem önnuðust eftirlitið öðlist rétt til málsóknar fyrir dómstólum.

Betri leiðbeiningar, upplýsingar og stuðningur við samningsyfirvöld og rekstraraðila gæti einnig lagt umtalsvert af mörkum til að auka skilvirkni í opinberum innkaupum með meiri þekkingu, aukinni réttarvissu og fagmennsku í starfsvenjum við opinber innkaup. Slíkar leiðbeiningar ætti að ætíð að gera aðgengilegar samningsyfirvöldum og rekstraraðilum ef nauðsyn virðist á því að færa beitingu reglnanna til betri vegar. Leiðbeiningarnar sem veita skal gætu náð yfir öll málefni, sem skipta máli í opinberum innkaupum, s.s. skipulagningu innkaupa, ferli, val á tækni og aðferðum og góðar starfsvenjur við framkvæmd ferlanna. Að því er varðar lagaleg atriði er ekki nauðsynlegt að leiðbeiningarnar séu svo ítarlegar að þær feli í sér lögfræðilega heildargreiningu á viðkomandi málefnum, þær mætti takmarka við almennar ábendingar á þeim þáttum, sem ætti að taka tillit til við ítarlega greiningu á spurningunum, sem síðar er gerð, t.d. með því að vísa til dómaframkvæmdar, sem gæti skipt máli, eða til leiðbeininga eða annarra heimilda þar sem þegar hefur verið fjallað um tiltekna spurningu.

- 122) Í tilskipun 89/665/EBE er kveðið á um tiltekna kæruleiðir sem skulu vera tiltækar a.m.k. einstaklingum sem hafa eða höfðu áhuga á því að ná tilteknum samningi og hafa átt á hættu að verða eða hafa orðið fyrir skaða af meintu broti á Sambandslögum á sviði opinberra innkaupa eða reglna sem aðildarríkin hafa sett til að lögleiða þau lög. Þessar kæruleiðir ættu ekki að verða fyrir áhrifum af þessari tilskipun. Borgarar, hagsmunaaðilar, sem málið varðar, hvort heldur skipulagðir eða ekki, og aðrir einstaklingar eða aðilar, sem ekki hafa aðgang að kæruleiðum samkvæmt tilskipun 89/665/EBE, hafa, sem skattgreiðendur, engu að síður lögmætra hagsmuna að gæta varðandi traust innkaupaferli. Þeir ættu því að hafa möguleika á því, fyrir utan kæruleiðirnar samkvæmt tilskipun 89/665/EBE og án þess að það hafi í för með sér að þeir öðlist rétt til málsóknar fyrir dómstólum, að benda lögbæru yfirvaldi eða stofnun á möguleg brot á þessari tilskipun. Til að komast hjá skörun við önnur yfirvöld eða stofnanir, sem þegar eru til staðar, ætti aðildarríkjnum að vera unnt að skírskota til almennra eftirlitsyfirvalda eða -stofnana, eftirlitsaðila í vissum geirum, eftirlitsyfirvalda á sveitarstjórnarstigi, samkeppnisyfirvalda, umboðsmanns eða landsbundinna endurskoðunaryfirvalda.
- 123) Til að nýta til fulls þá möguleika sem felast í opinberum innkaupum við að ná markmiðum áætlunarinnar Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla verða innkaup á sviði umhverfismála, félagsmála og nýsköpunar einnig að gegna sínu hlutverki. Þess vegna er mikilvægt að fá yfirlit yfir þróun á sviði stefnumótandi innkaupa þannig að unnt sé að fá upplýst sjónarhorn á almenna tilhneigingu á þessu sviði í heild. Auðvitað má einnig nota allar viðeigandi skýrslur, sem þegar hafa verið gerðar, í þessu samhengi.
- 124) Í ljósi þeirra möguleika sem lítil og meðalstór fyrirtæki gefa færi á varðandi fjölgun starfa, vöxt og nýsköpun er mikilvægt að hvetja þau til að taka þátt í opinberum innkaupum, bæði með viðeigandi ákvæðum í þessari tilskipun og einnig í gegnum framtakverkefni á landsvísu. Nýju ákvæðin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ættu að stuðla að því að bæta árangur, þ.e.a.s. hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja í heildarverðmæti gerðra samninga. Ekki þykir rétt að setja fyrirmæli um skyldubundið árangurshlutfall, hins vegar ætti að fylgjast náið með landsbundnum framtakverkefnum til að auka þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja með tilliti til mikilvægis þessa þátta.
- 125) Röð ferla og starfsaðferða hefur þegar verið komið á að því er varðar samskipti og tengiliði framkvæmdastjórnarinnar við aðildarríki, s.s. samskipti og tengiliði sem tengjast ferlunum, sem kveðið er á um í 258. og 260. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, samkvæmt netinu til úrlausnar vandamála á innri markaði (SOLVIT) og tilraunaverkefni ESB (EU Pilot), sem ekki er breytt með þessari tilskipun. Þeim til viðbótar ætti þó að tilgreina einn tengilið í hverju aðildarríki fyrir samvinnu við framkvæmdastjórnina, sem myndi gegna hlutverki eins móttökuaðila fyrir málefni sem varða opinber innkaup í viðkomandi aðildarríki. Þetta hlutverk gæti verið í höndum annaðhvort einstaklinga eða stofnana, sem þegar eru í reglulegu sambandi við framkvæmdastjórnina varðandi málefni sem tengjast opinberum innkaupum, s.s. landsbundnir tengiliðir, fulltrúar í ráðgjafarnefnd um opinber

innkaup, fulltrúar í innkaupatengslanetinu eða landsbundnir samræmingaraðilar.

- 126) Rekjanleiki og gagnsæi við ákvarðanatöku í innkaupaferlum er það sem meginmáli skiptir til að tryggja traust ferli, m.a. að berjast með skilvirkni gegn spillingu og svikum. Samningsyfirvöld ættu því að geyma afrit af verðmætum samningum, sem gerðir eru, til þess að geta veitt hlutaðeigandi aðilum aðgang að þessum skjölum í samræmi við gildandi reglur um aðgang að skjölum. Enn fremur ætti að skjalfesta mikilvægustu þætti og ákvarðanir einstakra innkaupaferla í innkaupaskýrslu. Til að komast hjá stjórnsýsluálagi, svo sem unnt er, ætti að vera heimilt að vísað sé til upplýsinga í innkaupaskýrslunni sem þegar eru fyrir hendi í viðkomandi tilkynningu um samningsgerð. Einnig ætti að endurbæta rafrænu kerfin fyrir birtingu slíkra tilkynninga, sem framkvæmdastjórnin hefur umsjón með, í því skyni að auðvelda innfærslu gagna og um leið útdrátt heildarskýrslna og gagnaskipti milli kerfa.
- 127) Í þágu þess að einfalda stjórnsýsluna og til að létta byrðum af aðildarríkjunum ætti framkvæmdastjórnin að skoða reglulega hvort gæði og heilleika í upplýsingum í tilkynningum, sem birtar eru í tengslum við opinber innkaupaferli, séu nægileg til að framkvæmdastjórninni sé kleift að draga út þær tölfræðilegu upplýsingar sem aðildarríkin myndu að öðrum kosti þurfa að sjá um að senda.
- 128) Skilvirk samvinna á sviði stjórnsýslu er nauðsynleg vegna þeirra upplýsingaskipta sem þörf er á við framkvæmd útbóðsferla yfir landamæri, einkum að því er varðar sannprófun á ástæðum útilokunar og á hæfiskröfum og notkun gæða- og umhverfisstaðla og skráa yfir viðurkennda rekstraraðila. Upplýsingaskipti eru með fyrirvara um landslög um trúnaðarskyldu. Þess vegna felur þessi tilskipun ekki í sér neins konar kvöð fyrir aðildarríkin um að skiptast á upplýsingum umfram þær sem landsbundin samningsyfirvöld hafa aðgang að. Upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (IM-upplýsingakerfið), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012<sup>(20)</sup>, gæti falið í sér gagnlegar rafrænar leiðir til að auðvelda og efla samvinnu á sviði stjórnsýslu varðandi stjórnun upplýsingaskipta með einföldum og samræmdum ferlum til að yfirstíga tungumálhindranir. Þess vegna ætti að hleypa af stokkunum tilraunaverkefni svo skjótt sem auðið er til að prófa hvort það sé heppilegt skref að stækka upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn þannig að nái yfir upplýsingaskipti samkvæmt þessari tilskipun.
- 129) Til þess að aðlagast hraðri tæknilegri og efnahagslegri þróun og þróun á sviði reglusetningar ætti að framselja vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar nokkra þætti í þessari tilskipun sem hafa ekki grundvallarþýðingu. Þar sem nauðsynlegt er að fylgja alþjóðasamningum ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að breyta tæknilegri útfærslu aðferða til útreiknings á viðmiðunarfjárhæðum ásamt reglubundinni endurskoðun á viðmiðunarfjárhæðunum sjálfum og að breyta X. viðauka. Breytingar gætu orðið á skránum yfir yfirvöld á vegum ríkisins vegna breytinga í stjórnsýslunni í hverju aðildarríki fyrir sig. Tilkynnt er um slíkar breytingar til framkvæmdastjórnarinnar sem ætti að hafa heimild til að breyta I. viðauka. Tilvísanir í flokkunarkerfi sameiginlega innkaupaorðasafnsins geta breyst vegna breytinga á reglum á vettvangi Sambandsins og nauðsynlegt er að þessar breytingar skili sér í texta þessarar tilskipunar. Uppfæra ætti tæknileg atriði og eiginleika búnaðar til rafrænnar móttöku í takt við tæknipróun. Einnig er nauðsynlegt að heimila framkvæmdastjórninni að lögbjóða tæknistaðla fyrir rafræn samskipti til að tryggja rekstrarsamhæfi tæknisniða, ferla og skilaboða í innkaupaferli sem fram fer með notkun rafrænna samskiptaáðferða með hliðsjón af tæknipróun. Skránni yfir réttargerðir Sambandsins, þar sem komið er á sameiginlegum aðferðum við útreikning á vistferilskostnaði, ætti að breyta með hraði til að fella inn ráðstafanir sem samþykktar eru í hverjum geira fyrir sig. Til að uppfylla þessar þarfir ætti að heimila framkvæmdastjórninni að halda skránni yfir réttargerðir ávallt uppfærðri, þ.m.t. aðferðum við útreikning vistferilskostnaðar. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 130) Við beitingu þessarar tilskipunar ætti framkvæmdastjórnin að ráðfæra sig við viðeigandi sérfræðingahópa á sviði rafrænna innkaupa til að tryggja jafnvægi í samsetningu þeirra hópa sem hafa lykillagsmuna að gæta.
- 131) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar tilskipunar, sem og við að semja stöðluðu eyðublaðin fyrir birtingu tilkynninga og staðlað eyðublað fyrir eigin yfirlýsingar, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011<sup>(21)</sup>.
- 132) Beita ætti ráðgjafarnefndarmeðferð við samþykkt framkvæmdargerða, sem varða stöðluð eyðublað fyrir birtingu tilkynninga, sem hafa hvorki áhrif frá fjárhagslegu sjónarmiði né á eðli og umfang skyldna sem stafa af þessari tilskipun. Þessar gerðir einkennast, þvert á móti, af því að þær þjóna einvörðungu stjórnsýslulegum tilgangi og er ætlað að auðvelda beitingu reglnanna sem settar eru fram í þessari tilskipun.

<sup>(20)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (Stjóð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

<sup>(21)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjóð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

133) Beita ætti rannsóknarmálsmeðferðinni við samþykkt staðlaða eyðublaðsins fyrir eigin yfirlýsingar vegna þeirra áhrifa sem þessar eigin yfirlýsingar hafa á innkaupin og vegna þess að þær gegna lykilhlutverki við einföldun á kröfum um skjalahald í innkaupaferlinu.

134) Framkvæmdastjórnin ætti að rýna í áhrif þess á innri markaðinn að notaðar séu viðmiðunarfrárhæðir og greina Evrópuþinginu og ráðinu frá því. Um leið ætti hún að taka tillit til þátta á borð við umfang innkaupa yfir landamæri, þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja, viðskiptakostnaðar og vega og meta kostnað á móti ávinningi.

Í samræmi við 7. mgr. XXII gr. samningsins um opinber innkaup eiga samningsaðilar að eiga með sér frekari viðræður um hann þremur árum eftir að hann öðlast gildi og með reglubundnum hætti eftir það. Í tengslum við það ætti að skoða hversu viðeigandi viðmiðunarfrárhæðirnar eru, með áhrif verðbólgu í huga í ljósi þess að langur tími líður án þess að viðmiðunarfrárhæðunum sé breytt í samningnum um opinber innkaup. Ef viðmiðunarfrárhæðirnar skyldu breytast af þessum sökum ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja, eftir því sem við á, tillögu um réttargerð um að breyta viðmiðunarfrárhæðunum sem settar eru fram í þessari tilskipun.

135) Með hliðsjón af yfirstandandi umræðum um þverlæg ákvæði um tengsl við þriðju lönd með skírskotun til opinberra innkaupa ætti framkvæmdastjórnin að fylgjast náið með alþjóðlegum viðskiptaskilyrðum og meta hver samkeppnisástaða Sambandsins er.

136) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að samræma lög og stjórnáskilgæði aðildarríkanna um beitingu tiltekinna opinberra innkaupaferla og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

137) Fella ber tilskipun 2004/18/EB úr gildi.

138) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargæringa. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**

I. BÁLKUR: GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG ALMENNAR MEGINREGLUR

I. KAFLI: Gildissvið og skilgreiningar

1. ÞÁTTUR: EFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.: Efni og gildissvið

2. gr.: Skilgreiningar

3. gr.: Blönduð innkaup

2. ÞÁTTUR: VIÐMIÐUNARFJÁRHÆÐIR

4. gr.: Viðmiðunarfjárhæðir

5. gr.: Aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti innkaupa

6. gr.: Endurskoðun viðmiðunarfjárhæða og skrárinnar yfir yfirvöld á vegum ríkisins

3. ÞÁTTUR: UNDANTEKNINGAR

7. gr.: Samningar á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu

8. gr.: Sérstakar undantekningar á sviði rafrænna fjarskipta

9. gr.: Opinberir samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem haldnar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur

10. gr.: Sérstakar undantekningar vegna þjónustusamninga

11. gr.: Þjónustusamningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar

12. gr.: Opinberir samningar milli opinberra aðila

4. ÞÁTTUR: SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR

1. undirþáttur: Niðurgreiddir samningar og þjónusta tengd rannsóknum og þróun

13. gr.: Samningar niðurgreiddir af samningsyfirvöldum

14. gr.: Þjónusta tengd rannsóknum og þróun

2. undirþáttur: Innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi

15. gr.: Varnir og öryggi

16. gr.: Blönduð innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi

17. gr.: Samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur og hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi

II. KAFLI: Almennar reglur

18. gr.: Meginreglur um innkaup

19. gr.: Rekstraraðilar

20. gr.: Samningar bundnir við ákveðna hópa

21. gr.: Trúnaðarkvaðir

22. gr.: Reglur um samskipti

23. gr.: Flokkunarkerfi

24. gr.: Hagsmunaárekstrar

## II. BÁLKUR REGLUR UM OPINBERA SAMNINGA

### I. KAFLI: Útboðsaðferðir

25. gr.: Skilyrði í tengslum við samninginn um opinber innkaup og aðra alþjóðasamninga

26. gr.: Val á útboðsaðferðum

27. gr.: Almenn útbod

28. gr.: Lokað útbod

29. gr.: Samkeppnisútbod með samningsviðræðum

30. gr.: Samkeppnisviðræður

31. gr.: Nýsköpunarsamstarf

32. gr.: Notkun samningskaupa án undangenginnar auglýsingar

### II. KAFLI: Tækni og aðferðir við rafræn innkaup og hópinnkaup

33. gr.: Rammasamningar

34. gr.: Gagnvirk innkaupakerfi

35. gr.: Rafræn uppboð

36. gr.: Rafrænir vörulistar

37. gr.: Miðstýrð innkaupastarfsemi og miðlæggar innkaupastofnanir

38. gr.: Tilfallandi sameiginleg innkaup

39. gr.: Innkaup samningsyfirvalda frá mismunandi aðildarríkjum

### III. KAFLI: Framkvæmd útbods

#### 1. ÞÁTTUR: UNDIRBÚNINGUR

40. gr.: Undanfarandi markaðskannanir

41. gr.: Fyrri aðkoma umsækjenda eða bjóðenda

42. gr.: Tækniforskriftir

43. gr.: Merki

44. gr.: Prófunarskýrslur, vottun og önnur sönnunargögn

45. gr.: Frávikstilboð

46. gr.: Skipting samninga í hluta

47. gr.: Frestir settir

#### 2. ÞÁTTUR: BIRTING OG GAGNSÆI

48. gr.: Kynningartilkynningar

- 49. gr.: Útboðstilkynningar
- 50. gr.: Tilkynningar um samningsgerð
- 51. gr.: Form tilkynninga og aðferð við birtingu þeirra
- 52. gr.: Birting á landsvísu
- 53. gr.: Rafrænt aðgengi að útboðsgögnum
- 54. gr.: Boð til umsækjenda
- 55. gr.: Upplýsingar til umsækjenda og bjóðenda

### 3. ÞÁTTUR: VAL Á ÞÁTTAKENDUM OG SAMNINGSGERÐ

- 56. gr.: Almennar meginreglur
- 1. undirþáttur: Forsendur fyrir hæfismiðuðu vali
- 57. gr.: Ástæður til útilokunar
- 58. gr.: Hæfiskröfur
- 59. gr.: Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda
- 60. gr.: Sönnunargögn
- 61. gr.: Gagnasafn vottorða á Netinu (e-Certis)
- 62. gr.: Gæðastaðlar og umhverfisstjórnunarstaðlar
- 63. gr.: Byggt á getu annarra aðila
- 64. gr.: Opinberar skrár yfir samþykka rekstraraðila og vottun frá opinberum og einkaréttarlegum aðilum
- 2. undirþáttur: Fækkun umsækjenda, tilboða og lausna
- 65. gr.: Fækkun hæfra umsækjenda sem boðin er þátttaka

- 66. gr.: Fækkun tilboða og lausna

### 3. undirþáttur: Gerð samnings

- 67. gr.: Forsendur fyrir vali tilboðs
- 68. gr.: Útreikningur vistferilskostnaðar
- 69. gr.: Óeðlilega lág tilboð

### IV. KAFLI: Framkvæmd samnings

- 70. gr.: Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings
- 71. gr.: Undirverktakastarfsemi
- 72. gr.: Breyting samninga á gildistíma þeirra
- 73. gr.: Slit samninga

### III. BÁLKUR: SÉRSTAKT INNKAUPAFYRIRKOMULAG

I. KAFLI: Félagshjónusta og önnur sértæk þjónusta

74. gr.: Gerð samninga um félagshjónustu og aðra sértæka þjónustu

75. gr.: Birting tilkynninga

76. gr.: Meginreglur um val tilboða

77. gr.: Samningar bundnir við ákveðna hópa um tiltekna þjónustu

II. KAFLI: Reglur um hönnunarsamkeppni

78. gr.: Gildissvið

79. gr.: Tilkynningar

80. gr.: Reglur um tilhögun hönnunarsamkeppna og val þátttakenda

81. gr.: Samsetning dómnefndar

82. gr.: Ákvarðanir dómnefndar

IV. BÁLKUR: STJÓRNUNARHÆTTIR

83. gr.: Framfylgd

84. gr.: Stakar skýrslur um innkaupaferli vegna samninga

85. gr.: Skýrslugjöf innanlands og tölfraðilegar upplýsingar

86. gr.: Samvinna á sviði stjórnsýslu

V. BÁLKUR: FRAMSELT VALD, FRAMKVÆMDARVALD OG LOKAÁKVÆÐI

87. gr.: Beiting framsals

88. gr.: Flýtimeðferð

89. gr.: Nefndarmeðferð

90. gr.: Lögleiðing og umbreytingarákvæði

91. gr.: Niðurfelling

92. gr.: Athugun

93. gr.: Gildistaka

94. gr.: Viðtakendur

VIÐAUKAR:

I. VIÐAUKI: YFIRVÖLD Á VEGUM RÍKISINS

II. VIÐAUKI: YFIRLIT YFIR STARFSEMI SEM UM GETUR Í a-LIÐ 6. LIÐAR 1. MGR. 2. GR.

III. VIÐAUKI: SKRÁ YFIR VÖRUR SEM UM GETUR Í b-LIÐ 4. GR. MEÐ HLIÐSJÓN AF SAMNINGUM SEM SAMNINGSYFIRVÖLD GERA Á SVIÐI VARNARMÁLA

IV. VIÐAUKI: KRÖFUR VARÐANDI TÆKI OG BÚNAÐ FYRIR RAFRÆNA MÓTTÖKU TILBOÐA, ÞÁTTTÖKUTILKYNNINGA SEM OG ÁÆTLANA OG VERKEFNA Í HÖNNUNARSAMKEPPNUM

V. VIÐAUKI: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM

A-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM BIRTINGU KYNNINGARTILKYNNINGAR Í UPPLÝSINGASKRÁ KAUPANDA



- B-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í KYNNINGARTILKYNNINGUM (eins og um getur í 48. gr.)
- C-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í ÚTBODSTILKYNNINGUM (eins og um getur í 49. gr.)
- D-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM SAMNINGSGERÐ (eins og um getur í 50. gr.)
- E-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM HÖNNUNARSAMKEPPNI (eins og um getur í 1. mgr. 79. gr.)
- F-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM ÚRSLIT SAMKEPPNI (eins og um getur í 2. mgr. 79. gr.)
- G-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM BREYTINGAR Á SAMNINGI Á GILDISTÍMA HANS (eins og um getur í 1. mgr. 72. gr.)
- H-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í ÚTBODSTILKYNNINGUM VARÐANDI SAMNINGA UM FÉLAGSÞJÓNUSTU OG AÐRA SÉRTÆKA ÞJÓNUSTU (eins og um getur í 1. mgr. 75. gr.)
- I-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í KYNNINGARTILKYNNINGUM VARÐANDI FÉLAGSÞJÓNUSTU OG AÐRA SÉRTÆKA ÞJÓNUSTU (eins og um getur í 1. mgr. 75. gr.)
- J-hluti: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í TILKYNNINGUM UM SAMNINGSGERÐ VARÐANDI SAMNINGA UM FÉLAGSÞJÓNUSTU OG AÐRA SÉRTÆKA ÞJÓNUSTU (eins og um getur í 2. mgr. 75. gr.)
- VI. VIÐAUKI: UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Í ÚTBODSGÖGNUM Í TENGLUM VIÐ RAFRÆN UPPBOÐ (4. MGR. 35. GR.)
- VII. VIÐAUKI: SKILGREINING TILTEKINNA TÆKNIFORSKRIFTA
- VIII. VIÐAUKI: BIRTING
- IX. VIÐAUKI: INNIHALD BOÐS UM AÐ LEGGJA FRAM TILBOÐ, TAKA ÞÁTT Í VIÐRÆÐUM EÐA STAÐFESTA ÁHUGA SINN EINS OG KVEÐIÐ ER Á UM Í 54. GR.
- X. VIÐAUKI: SKRÁ YFIR ALÞJÓÐLEGAR SAMÞYKKTIR OG SAMNINGA Á SVIÐI FÉLAGSMÁLA OG UMHVERFISMÁLA SEM UM GETUR Í 2. MGR. 18. GR.
- XI. VIÐAUKI: SKRÁR
- XII. VIÐAUKI: SÖNNUNARGÖGN UM HÆFISKRÖFUR
- XIII. VIÐAUKI: SKRÁ YFIR RÉTTARGERÐIR SAMBANDSINS SEM UM GETUR Í 3. MGR. 68. GR.
- XIV. VIÐAUKI: ÞJÓNUSTA SEM UM GETUR Í 74. GR.
- XV. VIÐAUKI: SAMSVÖRUNARTAFLA

## I. BÁLKUR

### GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR OG ALMENNAR MEGINREGLUR

#### I. KAFLI

##### *Gildissvið og skilgreiningar*

##### 1. þáttur

##### **Efni og skilgreiningar**

##### *1. gr.*

##### **Efni og gildissvið**

- Með þessari tilskipun er komið á reglum um málsmeðferð samningsyfirvalda við opinber innkaup að því er varðar opinbera samninga og hönnunarsamkeppni, sem metið er að séu að verðmæti sem ekki er lægra en sem nemur viðmiðunarfrjárhæðunum sem mælt er fyrir um í 4. gr.
- Innkaup, í skilningi þessarar tilskipunar, eru kaup eins eða fleiri samningsyfirvalda, fyrir tilstilli opinbers samnings, á verki, vöru eða þjónustu af rekstraraðilum sem þessi samningsyfirvöld velja, hvort sem verkið, varan eða þjónustan er í almannabágu eður ei.
- Beiting tilskipunar þessarar er með fyrirvara um ákvæði 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

4. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á frelsi aðildarríkjanna til að skilgreina, í samræmi við lög Sambandsins, það sem þau telja vera þjónustu í almannapágu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, hvernig skipuleggja skuli þessa þjónustu og fjármagna hana, í samræmi við reglur um ríkisaðstoð og hvaða sérstöku skuldbindingar skulu gilda um hana. Á sama hátt hefur þessi tilskipun ekki áhrif á ákvörðun opinberra yfirvalda um það hvort, hvernig og að hvaða marki þau óska eftir að annast sjálf opinber störf í samræmi við 14. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og bókun 26.

5. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á það hvernig aðildarríki skipuleggja almannatryggingakerfi sín.

6. Samningar, ákvarðanir eða aðrir lagagerningar þar sem völd eða ábyrgðir til að framkvæma verkefni sem heyra undir hið opinbera færast milli samningsyfirvalda eða hópa samningsyfirvalda, og sem kveða ekki á um endurgjald fyrir samningsefndir, teljast vera innri málefni viðkomandi aðildarríkis og hefur tilskipunin engin áhrif á þau sem slík.

## 2. gr.

### Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „samningsyfirvöld“: ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöld, aðilar sem heyra undir opinberan rétt eða samtök sem eru mynduð af einu eða fleiri slíkum yfirvöldum eða einum eða fleiri aðilum sem heyra undir opinberan rétt,
- 2) „yfirvöld á vegum ríkisins“: samningsyfirvöld sem skráð eru í I. viðauka og, hafi leiðréttingar eða breytingar verið gerðar í viðkomandi landi, einingar sem koma í stað þeirra,
- 3) „samningsyfirvöld sem eru ekki yfirvöld á vegum ríkisins“: öll samningsyfirvöld sem ekki eru yfirvöld á vegum ríkisins,
- 4) „aðilar sem heyra undir opinberan rétt“: aðilar sem hafa öll eftirfarandi einkenni til að bera:
  - a) þeim er komið á fót í þeim sérstaka tilgangi að fullnægja þörfum almennings en starfa hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta,
  - b) þeir hafa réttarstöðu lögaðila og
  - c) þeir eru fjármagnaðir að mestu leyti af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum, eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt, eða starfsemi þeirra er undir eftirliti slíkra yfirvalda eða aðila, eða þeir hafa stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þar sem meirihluti stjórnarmanna er skipaður af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt,
- 5) „opinberir samningar“: skriflegir samningar, fjárhagslegs eðlis, sem einn eða fleiri rekstraraðilar og eitt eða fleiri samningsyfirvöld gera sín á milli og eru um að framkvæma verk, afhenda vörur og veita þjónustu,
- 6) „opinberir verksamningar“: opinberir samningar sem fjalla um eitt af eftirfarandi:
  - a) framkvæmd eða bæði hönnun og framkvæmd verka sem tengjast einhverri þeirri starfsemi sem um getur í II. viðauka,
  - b) framkvæmd, eða bæði hönnun og framkvæmd verks,
  - c) hvers konar framkvæmd verks sem svarar til krafna sem settar eru fram af samningsyfirvaldi sem hefur afgerandi áhrif á gerð eða hönnun verksins,
- 7) „verk“: heildarafrakstur af byggingarframkvæmdum eða mannvirkjagerð sem getur, sem slíkt, þjónað fjárhagslegu eða tæknilegu hlutverki,
- 8) „opinberir vörusamningar“: opinberir samningar um kaup, langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu á vörum, með eða án kaupréttar. Opinber vörusamningur getur falið í sér tilfallandi ísetningu og uppsetningu,
- 9) „opinberir þjónustusamningar“: opinberir samningar um veitingu þjónustu, annarrar en þeirrar sem um getur í 6. lið,

- 10) „rekstraraðili“: hver sá einstaklingur, lögaðili eða opinber aðili, eða hópur slíkra einstaklinga og/eða aðila, þ.m.t. tímabundin samtök fyrirtækja, sem bjóða framkvæmd verka og/eða verk, vöruafhendingu eða þjónustustarfsemi á markaðnum,
- 11) „bjóðandi“: rekstraraðili, sem hefur lagt fram tilboð,
- 12) „umsækjandi“: rekstraraðili sem hefur leitað eftir því að eða verið boðið að taka þátt í lokuðu útboði, samkeppnisútboði með samningsviðræðum, samningskaupum án undangenginnar auglýsingar, samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi,
- 13) „útboðsgögn“: hvert það skjal sem samningsyfirvald lætur í té eða vísar til, til þess að lýsa eða ákvarða þætti útboðsins eða ferlisins, þ.m.t. útboðstilkynning, kynningartilkygning þar sem hún er notuð til að kynna útboð, tækniforskriftir, skýringargögn, fyrirhuguð skilyrði samnings, form fyrir framlagningu umsækjenda og bjóðenda á skjölum, upplýsingar um þær skyldur sem gilda almennt og viðbótarskjöl ef einhver eru,
- 14) „miðstýrð innkaupastarfsemi“: viðvarandi starfsemi á einhverju því formi sem hér segir:
  - a) kaup á vöru og/eða þjónustu fyrir samningsyfirvöld eða
  - b) gerð opinberra samninga eða rammamarknaðs um verk, vöru eða þjónustu fyrir samningsyfirvöld,
- 15) „stoðstarfsemi við innkaup“: starfsemi sem felst í að veita stuðning við innkaup, einkum í formi:
  - a) tæknilegra innviða sem gera samningsyfirvöldum kleift að gera opinbera samninga eða rammamarknaðs um verk, vöru eða þjónustu,
  - b) ráðgjafar um framkvæmd eða skipulag opinberra innkaupaferla,
  - c) undirbúnings og stjórnunar innkaupaferla fyrir hönd og á kostnað viðkomandi samningsyfirvalds,
- 16) „miðlæg innkaupastofnun“: samningsyfirvald sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi og hugsanlega stoðstarfsemi við innkaup,
- 17) „veitandi innkaupaþjónustu“: opinber aðili eða einkaaðili sem býður stoðstarfsemi við innkaup á markaði,
- 18) „skriflegt“: hvers konar tjáning með orðum eða tölum sem hægt er að lesa, endurgera og miðla, þ.m.t. upplýsingar sem eru sendar eða geymdar með rafrænum aðferðum,
- 19) „rafrænar aðferðir“: rafrænn búnaður til vinnslu (þ.m.t. með stafrænni samþjöppun) og geymslu gagna sem eru send, flutt og móttækin með rafræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum.
- 20) „vistferill“: öll samfelld og/eða samtengd stig á ferli vöru, verks eða þjónustu sem veitt er, frá öflun hráefnis eða myndun tilfanga til förgunar, rýmingar og loka þjónustu eða nota, þ.m.t. rannsóknir og þróun sem fara eiga fram, framleiðsla, viðskipti og skilmálar þeirra, flutningur, notkun og viðhald,
- 21) „hönnunarsamkeppni“: ferli sem gerir samningsyfirvaldi kleift að fá til afnota áætlun eða hönnun, einkum á sviði borgar- og landsbyggðarskipulags, byggingarlistar og verkfræði eða gagnavinnslu, sem valin er af dómnefnd eftir að efnit hefur verið til samkeppni með eða án verðlauna,
- 22) „nýsköpun“: innleiðing nýrrar eða verulega bættrar vöru, þjónustu eða ferlis, þ.m.t. en ekki takmarkað við framleiðsluferli, byggingarferli, nýja markaðssetningaraðferð eða nýja skipulagsaðferð í viðskiptaháttum, skipulagi vinnustaða eða ytri samskiptum, m.a. í þeim tilgangi að hjálpa til við að takast á við samfélagslegar áskoranir eða styðja við áætlunina Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbærar hagvöxt og hagvöxt fyrir alla,
- 23) „merki“: hvers konar skjal, vottorð eða staðfesting um að tiltekin verk, vörur, þjónusta, ferli eða málsmeðferðir uppfylli tilteknar kröfur,
- 24) „kröfur sem liggja að baki merki“: þær kröfur sem tiltekin verk, vörur, þjónusta, ferli eða málsmeðferðir þurfa að uppfylla til að fá viðkomandi merki.

2. Að því er varðar þessa grein taka „svæðisyfirlögd“ til yfirvalda sem eru á skrá, sem ekki er tæmandi, á 1. og 2. stigi flokkunar hagskýrslusvæða (NUTS) eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS)<sup>22</sup>, en „staðaryfirlögd“ taka til allra yfirvalda stjórnsýslueininga sem heyra undir 3. stig NUTS-flokkunarinnar og smærri stjórnsýslueininga, eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 1059/2003.

3. gr.

#### **Blönduð innkaup**

1. Ákvæði 2. mgr. gilda um blandaða samninga sem varða mismunandi tegundir innkaupa sem allar falla undir þessa tilskipun.

Ákvæði 3.–5. mgr. gilda um blandaða samninga sem varða innkaup sem heyra undir þessa tilskipun og innkaup sem heyra undir aðrar lagareglur.

2. Samningar, sem varða í senn tvær eða fleiri tegundir innkaupa (á verkum, þjónustu eða vörum) skulu gerðir í samræmi við ákvæðin sem gilda um þá tegund innkaupa sem einkennir meginefni samningsins sem í hlut á.

Þegar um er að ræða blandaða samninga, sem varða að hluta þjónustu í skilningi I. kafla III. bálks og að hluta aðra þjónustu, eða blandaða samninga, sem varða að hluta þjónustu og að hluta vörur, skal ákvarða hvert meginefni samningsins er út frá því hvor viðkomandi þjónustubátta hefur hærra áætlað verðmæti eða hvort áætlað verðmæti þjónustu- eða vörubáttarins er hærra.

3. Þar sem hægt er að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti gildir 4. mgr. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti gildir 6. mgr.

Þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða tilskipun 2009/81/EB, gildir 16. gr. þessarar tilskipunar.

4. Ef um er að ræða samninga sem fjalla um innkaup sem falla undir þessa tilskipun auk innkaupa sem ekki falla undir hana, geta samningsyfirlögdin valið á milli þess að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta þeirra eða einn stakan samning. Þar sem samningsyfirlögd kjósa að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli einkenna viðkomandi hluta.

Þar sem samningsyfirlögd kjósa að gera stakan samning skal þessi tilskipun gilda, nema kveðið sé á um annað í 16. gr., um þann blandaða samning sem til verður, óháð verðmæti þeirra hluta hans sem myndu annars falla undir aðrar lagareglur og óháð því hvaða lagareglur þeir hlutar myndu annars falla undir.

Þegar um er að ræða blandaða samninga sem innihalda í senn þætti vöru-, verk- og þjónustusamninga og sérleyfa, skal blandaði samningurinn gerður í samræmi við þessa tilskipun að því tilskildu að áætlað verðmæti þess hluta samningsins sem telst vera samningur sem fellur undir þessa tilskipun, reiknað út í samræmi við 5. gr., sé jafnhátt eða hærra en viðkomandi viðmiðunarfjárhæð sem sett er fram í 4. gr.

5. Þegar um er að ræða samninga sem varða í senn innkaup sem falla undir þessa tilskipun og innkaup vegna starfsemi sem fellur undir tilskipun 2014/25/ESB, skal, þrátt fyrir 4. mgr. þessarar greinar, ákvarða hvaða reglur gilda í samræmi við 5. og 6. gr. tilskipunar 2014/25/ESB.

6. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti, skal ákvarða hvaða lagareglur eiga við á grundvelli meginefnis samningsins.

2. þáttur

#### **Viðmiðunarfjárhæðir**

4. gr.

#### **Viðmiðunarfjárhæðir**

Þessi tilskipun gildir um innkaup þar sem áætlað verðmæti án virðisaukaskatts er jafnt eða meira en eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðir:

a) 5 186 000 evrur þegar um er að ræða opinbera verksamninga.

b) 134 000 evrur þegar um er að ræða opinbera vöru- og þjónustusamninga, gerða af yfirlögdum á vegum ríkisins og

<sup>(22)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (Stjóð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1).

hönnunarsamkeppnir sem slík yfirvöld halda; sé um að ræða opinbera vörusamninga, gerða af samningsyfirvöldum sem starfa á sviði varnarmála, skal viðmiðunarfjárhæðin aðeins gilda um samninga varðandi vörur sem falla undir III. viðauka,

- c) 207 000 evrur þegar um er að ræða opinbera vöru- og þjónustusamninga, gerða af samningsyfirvöldum, sem eru ekki yfirvöld á vegum ríkisins og hönnunarsamkeppnir sem slík yfirvöld halda; skal sú viðmiðunarfjárhæð einnig gilda um opinbera vörusamninga gerða af yfirvöldum á vegum ríkisins sem starfa á sviði varnarmála ef þessir samningar varða vörur sem falla ekki undir III. viðauka,
- d) 750 000 evrur þegar um er að ræða opinbera þjónustusamninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu sem talin er upp í XIV. viðauka.

5. gr.

**Aðferðir til að reikna út áætlað verðmæti innkaupa**

1. Útreikningur á áætluðu verðmæti innkaupa skal byggjast á heildarfjárhæð, sem samningsyfirvald áætla að beri að greiða, að frátöldum virðisaukaskatti, að teknu tilliti til hvers konar valmöguleika og hugsanlegrar endurnýjunar samninganna, sem skýrt skal kveðið á um í útboðsgögnum.

Þegar samningsyfirvald ákveður verðlaun eða greiðslur til umsækjenda eða bjóðenda skal það taka tillit til þeirra við útreikning á áætluðu verðmæti innkaupanna.

2. Ef samningsyfirvald samanstendur af aðskildum skipulagseiningum skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis fyrir þær allar.

Ef aðskilin skipulagseining ber sjálf ábyrgð á innkaupum sínum eða tilteknum flokkum þeirra má þó, þrátt fyrir fyrstu undirgrein, áætla verðmætið á vettvangi viðkomandi einingar.

3. Ekki skal velja aðferð við útreikning áætlaðs verðmætis innkaupa í þeim tilgangi að þau falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Innkaupum skal ekki skipt niður í hluta þannig að það komi í veg fyrir að þau falli undir gildissvið þessarar tilskipunar, nema slíkt sé réttlætjanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

4. Áætlað verðmæti skal miðast við þann tíma þegar útboðsauglýsing er send eða, þegar útboðsauglýsing er ekki fyrirhuguð, á þeim tíma sem samningsyfirvaldið hefur innkaupaferlið, til dæmis með því að hafa samband við rekstraraðila í tengslum við innkaupin.

5. Varðandi rammasamninga og gagnvirk innkaupakerfi skal verðmætið, sem miðað er við, vera áætlað hámarksverðmæti allra samninga, án virðisaukaskatts, sem fyrirhugað er að gera á gildistíma rammasamningsins eða gagnvirka innkaupakerfisins.

6. Þegar um er að ræða nýsköpunarsamstarf skal verðmætið, sem miðað er við, vera áætlað hámarksverðmæti rannsóknna og þróunarstarfsemi, án virðisaukaskatts, sem fara á fram á öllum stigum fyrirhugaðs samstarfs, auk verðmætis vara, þjónustu eða verka sem verða þróuð og keypt í lok fyrirhugaðs samstarfs.

7. Að því er varðar opinbera verksamninga skal, við útreikning á áætluðu verðmæti, taka tillit bæði til kostnaðar við verkið og áætlaðs heildarverðmætis vara og þjónustu, sem samningsyfirvaldið fær verktakanum til ráðstöfunar að því tilskildu að það sé nauðsynlegt fyrir framkvæmd verksins.

8. Þegar fyrirhugað verk eða veiting þjónustu getur leitt til þess að samningar séu gerðir í aðskildum hlutum, skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis allra slíkra samningshluta.

Ef samanlagt verðmæti samningshlutanna er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni, sem mælt er fyrir um í 4. gr., eða meira skal þessi tilskipun gilda um hvern samningshluta.

9. Þegar hægt er að skipta tilboði um kaup á líkum vörum í aðgreinda samningshluta skal taka tillit til áætlaðs heildarverðmætis allra slíkra samningshluta við beitingu b- og c-liðar 4. gr.

Ef samanlagt verðmæti samningshlutanna er jafnt viðmiðunarfjárhæðinni, sem mælt er fyrir um í 4. gr., eða meira skal þessi tilskipun gilda um hvern samningshluta.

10. Þrátt fyrir 8. og 9. mgr. geta samningsyfirvöld gert einstaka samningshluta án þess að beita málsmeðferðum þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ef áætlað verðmæti viðkomandi samningshluta, án virðisaukaskatts, er minna en 80 000 evrur fyrir vörur eða þjónustu eða 1 milljón evrur fyrir verk. Þó skal samanlagt verðmæti samningshluta, sem

þannig eru gerðir án þess að þessari tilskipun sé beitt, ekki fara yfir 20% af samanlögðu verðmæti allra samningshlutanna, sem fyrirhuguðu verki, fyrirhuguðum kaupum á líkum vörum eða fyrirhugaðri veitingu þjónustu hefur verið skipt niður í.

11. Sé um að ræða opinbera vöru- eða þjónustusamninga, sem eru gerðir með reglulegu millibili eða sem á að endurnýja innan tiltekins tíma, skal leggja eftirfarandi til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

- a) annaðhvort samanlagt raunvirði sams konar samninga, sem hafa verið gerðir hver á fætur öðrum, á síðustu 12 mánuðum eða á síðasta fjárhagsári, leiðrétt, þar sem unnt er, með tilliti til magn- eða verðbreytinga sem gætu orðið á næstu 12 mánuðum eftir að fyrsti samningurinn er gerður,
- b) eða áætlað heildarverðmæti samninga sem gerðir eru hver á fætur öðrum á næstu 12 mánuðum eftir fyrstu afhendingu eða á fjárhagsárinu þar sem það er lengra en 12 mánuðir.

12. Varðandi opinbera vörusamninga í tengslum við langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu á vörum skal leggja eftirfarandi verðmæti til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

- a) áætlað heildarverðmæti tímabundinna opinberra samninga, sem gilda í 12 mánuði eða skemur, eða, ef samningur gildir lengur en í 12 mánuði, heildarverðmætið auk áætlaðs verðmætis eftirstöðva,
- b) verðmæti hvers mánaðar, margfaldað með 48, þegar um er að ræða ótímabundna, opinbera samninga eða samninga sem ekki er hægt að tímasetja nákvæmlega.

13. Varðandi opinbera þjónustusamninga skal eftirfarandi lagt til grundvallar þegar áætlað verðmæti samningsins er reiknað út:

- a) váttryggingaþjónusta: iðgjöld sem skal greiða og aðrar greiðslur,
- b) bankastarfsemi og önnur fjármálaþjónusta: þóknun, umboðslaun sem skal greiða, vextir og aðrar greiðslur,
- c) hönnunarsamningar: þóknun, umboðslaun sem skal greiða og aðrar greiðslur,

14. Að því er varðar opinbera þjónustusamninga þar sem heildarfjárhæð er ótilgreind skal áætlað verðmæti samningsins reiknað út á grundvelli eftirfarandi:

- a) ef um er að ræða tímabundinn samning sem er gerður til 48 mánaða eða skemmri tíma: heildarverðmæti samningsins allan gildistímann,
- b) verðmæti hvers mánaðar, margfaldað með 48, þegar um er að ræða ótímabundna samninga eða samninga sem gilda lengur en í 48 mánuði.

6. gr.

#### **Endurskoðun viðmiðunarfjárhæða og skrárinnar yfir yfirvöld á vegum ríkisins**

1. Á tveggja ára fresti, frá 30. júní 2013, skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar er fram í a-, b- og c-lið 4. gr. séu í samræmi við viðmiðunarfjárhæðirnar sem settar eru í samningnum um opinber innkaup og skal, ef nauðsyn krefur, endurskoða þær í samræmi við þessa grein.

Í samræmi við útreikningsaðferðina sem sett er fram í samningnum um opinber innkaup skal framkvæmdastjórnin reikna verðgildi viðmiðunarfjárhæðanna á grundvelli meðaldagengis evru með tilliti til sérstöku dráttarréttindanna, á 24 mánaða tímabili sem lýkur 31. ágúst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar. Viðmiðunarfjárhæðirnar, sem eru endurskoðaðar þannig, skulu, ef þörf krefur, jafnaðar niður að næsta þúsundi evra til að tryggja að tekið sé tillit til gildandi viðmiðunarfjárhæða samkvæmt samningnum um opinber innkaup, sem eru tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.

2. Þegar framkvæmdastjórnin framkvæmir endurskoðunina skv. 1. mgr. skal hún að auki endurskoða:

- a) viðmiðunarfjárhæðina, sem ákveðin er í a-lið fyrstu málsgreinar 13. gr., með því að aðlaga hana að endurskoðaðri viðmiðunarfjárhæð fyrir opinbera verksamninga,
- b) viðmiðunarfjárhæðina, sem ákveðin er í b-lið fyrstu málsgreinar 13. gr., með því að aðlaga hana að endurskoðaðri viðmiðunarfjárhæð fyrir opinbera þjónustusamninga sem gerðir eru af samningsyfirvöldum sem ekki eru yfirvöld á vegum ríkisins,

3. Á tveggja ára fresti frá 1. janúar 2014 skal framkvæmdastjórnin ákvarða verðgildi viðmiðunarfrjárhæðanna sem um getur í a-, b- og c-lið 4. gr., sem eru endurskoðaðar skv. 1. mgr. þessarar greinar, í gjaldmiðli þeirra aðildarríkja sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil.

Samhliða skal framkvæmdastjórnin ákvarða verðgildi viðmiðunarfrjárhæðarinnar, sem um getur í d-lið 4. gr., í gjaldmiðli þeirra aðildarríkja sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil.

Í samræmi við útreikningsaðferðina sem sett er fram í samningnum um opinber innkaup skal ákvörðun slíks verðgildis vera byggð á meðaldaggingi þeirra gjaldmiðla í samræmi við gildandi viðmiðunarfrjárhæð í evrum, á 24 mánaða tímabili sem lýkur 31. ágúst á undan endurskoðuninni sem tekur gildi 1. janúar.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta endurskoðuðu viðmiðunarfrjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr., samsvarandi verðgildi í gjaldmiðlum aðildarríkjana sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr., og verðgildi sem ákvarðað er í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr., í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í upphafi nóvembermánaðar í kjölfar endurskoðunar þeirra.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. til þess að laga aðferðafræðina, sem sett er fram í annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, að hvers konar breytingum á aðferðafræðinni sem kveðið er á um í samningnum um opinber innkaup um endurskoðun viðmiðunarfrjárhæðanna sem um getur í a-, b- og c-lið 4. gr. og til að ákvarða samsvarandi verðgildi í gjaldmiðlum aðildarríkja sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. til þess að endurskoða viðmiðunarfrjárhæðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 4. gr. í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og til þess að endurskoða viðmiðunarfrjárhæðirnar, sem um getur í a- og b-lið fyrstu málsgreinar 13. gr. í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

6. Ef nauðsynlegt reynist að endurskoða viðmiðunarfrjárhæðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 4. gr. og viðmiðunarfrjárhæðirnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu málsgreinar 13. gr. og tímatakmarkanir koma í veg fyrir að hægt sé að nota málsmeðferðina í 87. gr. og brýna nauðsyn ber því til, skal málsmeðferðin sem kveðið er á um í 88. gr. gilda um framseldar gerðir sem samþykktar eru samkvæmt annarri undirgrein 5. mgr. þessarar greinar.

7. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. til að breyta I. viðauka, í því skyni að uppfæra skrána yfir samningsyfirvöld í kjölfar tilkynninga frá aðildarríkjum, ef slíkar breytingar reynast nauðsynlegar til að tilgreina samningsyfirvöld réttilega.

### 3. þáttur

#### Undantekningar

##### 7. gr.

##### **Samningar á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu**

Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga sem eru gerðir og hönnunarsamkeppnir sem eru haldnar í samræmi við tilskipun 2014/25/ESB af samningsyfirvöldum sem reka eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 8.–14. gr. þeirrar tilskipunar, og sem eru gerðir vegna reksturs þeirrar starfsemi, og ekki heldur um opinbera samninga sem falla utan gildissviðs þeirrar tilskipunar samkvæmt 18., 23. og 34. gr. hennar eða samninga sem gerðir eru vegna reksturs eftirfarandi starfsemi þegar þeir eru gerðir af samningsyfirvaldi sem veitir pósthjónustu í skilningi b-liðar 2. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar:

- a) virðisaukaþjónusta sem tengist rafrænum aðferðum og er veitt eingöngu á þann hátt (þ.m.t. örugg sending kóðaðra skjala með rafrænum aðferðum, meðferð pósthanga og sendingar á skráðum tölvupósti),
- b) fjármálaþjónusta sem fellur undir CPV-kóða 66100000-1 til 66720000-3 og undir d-lið 21. gr. tilskipunar 2014/25/ESB, og þ.m.t. einkum póstávísanir og póstgírógreiðslur,
- c) þjónusta við frímerkjasafnara eða
- d) vörufelisstjórnun (þjónusta þar sem bein afhending og/eða vörugymsluþjónusta er sameinuð annarri starfsemi sem er ekki pósthjónusta).

##### 8. gr.

##### **Sérstakar undantekningar á sviði rafrænna fjarskipta**

Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir þar sem megintilgangurinn er að veita samningsyfirvöldum leyfi til að bjóða fram almenn fjarskiptanet eða hagnýta þau eða veita almenningi eina eða fleiri tegundir rafrænnar fjarskiptaþjónustu.

Að því er þessa grein varðar skal „almennt fjarskiptanet“ og „rafræn fjarskiptaþjónusta“ hafa sömu merkingu og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB <sup>(23)</sup>.

#### 9. gr.

##### **Opinberir samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem haldnar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur**

1. Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga sem samningsyfirvaldi er skylt að gera eða hönnunarsamkeppnir sem því er skylt að halda í samræmi við önnur innkaupaferli en mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sem komið er á með einhverjum eftirfarandi hætti:

a) með lagagerningi sem þjóðaréttarskuldbindingar leiðir af, s.s. alþjóðasamningi sem gerður er í samræmi við sáttmálana, milli aðildarríkis og eins eða fleiri þriðju landa eða hluta þeirra og sem tekur til verka, vara eða þjónustu fyrir verkefni sem undirritunaraðilar ætla að framkvæma eða nýta sameiginlega,

b) af alþjóðastofnun.

Aðildarríkin skulu senda alla lagagerninga sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar til framkvæmdastjórnarinnar, sem getur leitað til ráðgjafarnefndar um opinber innkaup sem um getur í 89. gr.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir sem samningsyfirvald gerir eða sem það heldur í samræmi við innkaupaferli sem kveðið er á um af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun, ef slík stofnun fjármagnar að öllu leyti viðkomandi opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir; þegar um er að ræða opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir sem eru fjármagnaðar að mestu leyti af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun skulu aðilar semja um gildandi innkaupaferli.

3. Ákvæði 17. gr. gilda um samninga sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur og hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ekki eiga við um slíka samninga og hönnunarsamkeppnir.

#### 10. gr.

##### **Sérstakar undantekningar vegna þjónustusamninga**

Tilskipun þessi gildir ekki um opinbera þjónustusamninga sem varða:

a) kaup eða leigu, á hvaða fjárhagsgrundvelli sem er, á landi, byggingum sem til eru fyrir eða öðrum fasteignum eða sem varða réttindi yfir þeim,

b) kaup, þróun, framleiðslu eða samframleiðslu dagskrárefnis fyrir hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða útvarpsþjónustu, sem veitendur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða útvarpsþjónustu gera, eða samninga um útsendingartíma eða gerð dagskrárliða, sem gerðir eru við veitendur hljóð- og myndmiðlunarþjónustu eða útvarpsþjónustu. Að því er varðar þennan lið skal „hljóð- og myndmiðlunarþjónusta“ annars vegar og „veitendur fjölmiðlaþjónustu“ hins vegar hafa sömu merkingu og í a- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB <sup>(24)</sup>. „Dagskrárliður“ skal hafa sömu merkingu og í b-lið 1. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar, en skal líka taka til dagskrárliða í útvarpi og útvarpsdagskrárefnis. Enn fremur, að því er varðar þetta ákvæði, skal „dagskrárefni“ hafa sömu merkingu og „dagskrárliður“,

c) gerðardóms- og sáttagerðarþjónustu,

d) eftirfarandi lögfræðijónustu:

i) málf lutning lögfræðings fyrir hönd skjólstæðings í skilningi 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/249/EBE <sup>(25)</sup>:

— fyrir gerðardómi eða við sáttaumleitan í aðildarríki, þriðja landi eða fyrir öðrum alþjóðlegum gerðardómi eða sáttaaðila eða

— við dómsmeðferð fyrir dómi eða opinberum yfirvöldum aðildarríkis eða þriðja lands eða fyrir alþjóðlegum

<sup>(23)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtuð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

<sup>(24)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinnna ákvæða í lögum og stjórnislyfyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtuð. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

<sup>(25)</sup> Tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelða lögmönum að neyta réttar til að veita þjónustu (Stjtuð. EB L 78, 26.3.1977, bls. 17).



dómstólum eða stofnunum,

- ii. lögfræðiráðgjöf sem veitt er við undirbúning málsmeðferðar sem um getur í i-lið þessa liðar eða þar sem áþreifanleg vísbending er um, og miklar líkur eru á, að það málefni sem lögfræðiráðgjöfin varðar, verði til umfjöllunar í slíkri málsmeðferð, að því tilskildu að ráðgjöfin sé veitt af lögfræðingi í skilningi 1. gr. tilskipunar 77/249/EBE,
  - iii. vottun skjala og sannvottunarþjónustu sem lögbókendur verða að veita,
  - iv. lögfræðiþjónustu sem fjárvörsluaðilar eða skipaðir forráðamenn veita eða aðra lögfræðiþjónustu þar sem veitendur eru skipaðir af dómstól í viðkomandi aðildarríki eða er falið að lögum að inna af hendi tiltekin verkefni undir eftirliti slíkra dómstóla,
  - v. aðra lögfræðiþjónustu sem tengist, þótt aðeins sé endrum og eins, beitingu opinbers valds í viðkomandi aðildarríki,
- e) fjármálaþjónustu sem tengist útgáfu, sölu, kaupum eða aðilaskiptum að verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB <sup>(26)</sup>, þjónustu seðlabanka og aðgerðir sem fram fara með Evrópska fjármálastöðugleikasjóðnum og Evrópska stöðugleikakerfinu,
  - f) lán, hvort sem þau eru eða eru ekki í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum,
  - g) ráðningarsamninga,
  - h) borgaralegar varnir, almannavarnir, og forvarnarþjónustu gegn hættum, sem stofnanir eða samtök, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, veita og sem falla undir CPV-kóða 75250000-3, 75251000-0, 75251100-1, 75251110-4, 75251120-7, 75252000-7, 75222000-8, 98113100-9 og 85143000-3, að undanskildum flutningi sjúklinga með sjúkraflutningaþjónustu,
  - i) almenna farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum,
  - j) þjónustu fyrir stjórnmalabaráttu, sem fellur undir CPV-kóða 79341400-0, 92111230-3 og 92111240-6, sem gerðir eru af stjórnmalaflokki í tengslum við kosningabaráttu.

#### 11. gr.

##### **Þjónustusamningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar**

Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera þjónustusamninga sem samningsyfirvald gerir við annað samningsyfirvald eða við samtök samningsyfirvalda á grundvelli einkaréttar sem þessir aðilar hafa samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum sem hafa verið birt og samrýmast sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

#### 12. gr.

##### **Opinberir samningar milli opinberra aðila**

1. Opinber samningur, sem samningsyfirvald gerir við lögaðila sem heyrir undir einkarétt eða opinberan rétt, skal vera utan gildissviðs þessarar tilskipunar, þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
- a) samningsyfirvaldið fer með yferráð yfir viðkomandi lögaðila sem eru svipuð þeim sem það hefur yfir eigin deildum,
  - b) yfir 80% af starfsemi lögaðilans sem er undir yferráðunum er innt af hendi við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af samningsyfirvaldinu sem hefur yferráðin eða öðrum lögaðilum sem eru undir yferráðum þess samningsyfirvalds og
  - c) ekki er um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem er undir yferráðum að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yferráð og stöðvunarmöguleika sem krafist er í landslöggjöf, í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yferráðum.

<sup>(26)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE. (Sjítíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

Samningsyfirvald skal teljast fara með yfiráð yfir lögaðila, sem svipar til þess sem það hefur yfir eigin deildum í skilningi a-liðar fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, þegar það hefur afgerandi áhrif bæði á skipulagsmarkmið og mikilvægar ákvarðanir lögaðilans sem er undir yfiráðum. Annar lögaðili, sem er sjálfur undir yfiráðum samningsyfirvaldsins með sama hætti, getur líka beitt þeim yfiráðum.

2. Ákvæði 1. mgr. gildir einnig þegar lögaðili undir yfiráðum sem er samningsyfirvald gerir samning við samningsyfirvaldið sem hefur yfiráð yfir honum eða aðra lögaðila undir yfiráðum sama samningsyfirvalds, að því tilskildu að ekki sé um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem samningur er gerður við að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yfiráð og stöðvunarmöguleika, sem krafist er í landslöggjöf í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yfiráðum.

3. Samningsyfirvald, sem fer ekki með yfiráð í skilningi 1. mgr. þessarar greinar yfir lögaðila sem heyrir undir einkarétt eða opinberan rétt, getur engu að síður gert samning við þann lögaðila án þess að beita þessari tilskipun þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) samningsyfirvaldið fer sameiginlega með öðrum samningsyfirvöldum með yfiráð yfir þeim lögaðila sem eru svipuð þeim sem þau hafa yfir eigin deildum,
- b) yfir 80% af starfsemi lögaðilans er innt af hendi við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af samningsyfirvöldunum sem hafa yfiráðin eða öðrum lögaðilum sem eru undir yfiráðum þeirra samningsyfirvalda og
- c) ekki er um beina einkafjármagnshlutdeild að ræða í lögaðilanum sem er undir yfiráðum að undanskilinni einkafjármagnshlutdeild sem felur ekki í sér yfiráð og stöðvunarmöguleika sem krafist er í landslöggjöf, í samræmi við sáttmálana, og felur ekki í sér afgerandi áhrif á lögaðilann undir yfiráðum.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar fara samningsyfirvöld sameiginlega með yfiráð yfir lögaðila þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- i. aðilarnir sem fara með ákvarðanatöku lögaðilans sem er undir yfiráðum samanstanda af fulltrúum allra samningsyfirvalda sem eiga hlutdeild. Einstaka fulltrúar geta komið fram fyrir hönd nokkurra eða allra samningsyfirvalda sem eiga hlutdeild,
- ii. þau samningsyfirvöld geta sameiginlega haft afgerandi áhrif á skipulagsmarkmið og mikilvægar ákvarðanir lögaðilans sem er undir yfiráðum og
- iii. lögaðilinn undir yfiráðum hefur ekki hagsmuna að gæta sem eru á öndverðum meiði við hagsmuni samningsyfirvaldanna sem hafa yfiráðin.

4. Samningur sem gerður er eingöngu milli tveggja eða fleiri samningsyfirvalda fellur utan gildissviðs þessarar tilskipunar þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) samningurinn kemur á eða hrindir í framkvæmd samvinnu milli samningsyfirvaldanna sem eiga hlutdeild með það markmiði að tryggja að opinbera þjónustan sem þau þurfa að sinna sé veitt með það í huga að ná sameiginlegum markmiðum,
- b) að eingöngu sjónarmið sem varða almannahagsmuni eigi við um framkvæmd þeirrar samvinnu og
- c) samningsyfirvöldin sem eiga hlutdeild inna af hendi innan við 20% af starfseminni, sem samvinnan varðar, á opnum markaði.

5. Við ákvörðun hlutfalls starfseminnar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. og c-lið 4. mgr., skal taka tillit til meðalheildarveltu eða annars viðeigandi verkgrundaðs mælikvarða, s.s. kostnaðar sem viðkomandi lögaðili eða samningsyfirvald hefur stofnað til að því er varðar þjónustu, vörur eða verk undanfarin þrjú árin fyrir gerð samningsins.

Þegar veltan eða annar viðeigandi verkgrundaður mælikvarði, s.s. kostnaður, liggur annað hvort ekki fyrir vegna undanfarinna þriggja ára eða á ekki lengur við vegna þess á hvaða tímapunkti viðkomandi lögaðili eða samningsyfirvald varð til eða hóf starfsemi eða vegna endurskipulagningar starfseminnar, skal nægja að sýna að mælikvarði fyrir starfsemina sé trúverðugur, einkum í ljósi viðskipaáætlana.

#### 4. ÞÁTTUR

### Sérstakar aðstæður

#### 1. undirþáttur

### Niðurgreiddir samningar og þjónusta tengd rannsóknum og þróun

#### 13. gr.

#### Samningar niðurgreiddir af sammingsyfirvöldum

Tilskipun þessi gildir um gerð eftirtalinna samninga:

- a) verksamninga sem eru niðurgreiddir beint af sammingsyfirvöldum um meira en 50% og áætlað verðmæti þeirra, án virðisaukaskatts, er 5 186 000 evrur eða meira, þegar slíkir samningar fela í sér einhverja af eftirtalinni starfsemi:
  - i. mannvirkjagerð, eins og talið er upp í II. viðauka,
  - ii. byggingaframkvæmdir sjúkrahúsa, íþróttar- og tómstundamannvirkja, skóla- og háskóla og opinberra bygginga,
- b) þjónustusamninga sem eru niðurgreiddir beint af sammingsyfirvöldum um meira en 50% og áætlað verðmæti þeirra, án virðisaukaskatts, er 207 000 evrur eða meira og sem tengjast verksamningi í skilningi a-liðar.

Sammingsyfirvöld, sem annast niðurgreiðsluna sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, skulu tryggja að farið sé að þessari tilskipun þegar þau gera ekki sjálf niðurgreidda samninginn eða þegar þau gera hann fyrir hönd og fyrir reikning annarra aðila.

#### 14. gr.

#### Þjónusta tengd rannsóknum og þróun

Þessi tilskipun skal eingöngu gilda um opinbera þjónustusamninga um þjónustu tengda rannsóknum og þróun sem fellur undir CPV-kóða 73000000-2 til 73120000-9, 73300000-5, 73420000-2 og 73430000-5 að því tilskildu að báðum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- a) að ávinningurinn fari eingöngu til sammingsyfirvaldsins til nota í eigin starfsemi og
- b) að endurgjald fyrir þjónustuna, sem veitt er, komi alfarið frá sammingsyfirvaldinu.

#### 2. undirþáttur

### Innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi

#### 15. gr.

#### Varnir og öryggi

1. Tilskipun þessi gildir um opinbera samninga sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem haldnar eru á sviði varnar- og öryggismála, að undanskildum eftirfarandi samningum:

- a) samningum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2009/81/EB,
- b) samningum sem tilskipun 2009/81/EB gildir ekki um skv. 8., 12. og 13. gr. hennar.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir, sem annars eru ekki undanþegin skv. 1. mgr., að því marki sem ekki er hægt að tryggja öryggishagsmuni aðildarríkis með aðgerðum sem ekki ganga eins langt, t.d. með því að setja kröfur sem miða að því að varðveita leynd upplýsinga sem sammingsyfirvaldið lætur í té við útboðsferli fyrir sammingsgerð eins og kveðið er á um í þessari tilskipun. Ennfremur og í samræmi við a-lið 1. mgr. 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir þessi tilskipun ekki um opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir, sem annars eru ekki undanþegin skv. 1. mgr. þessarar greinar, ef beiting þessarar tilskipunar myndi skylda aðildarríki til að veita upplýsingar sem það telur andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum.

3. Ef lýst er yfir að innkaupin eða framkvæmd opinbers sammings eða hönnunarsamkeppni séu leynileg eða ef þeim verða að fylgja sérhæfðar öryggisráðstafanir í samræmi við gildandi lög eða stjórnslufyrirmæli í aðildarríki, gildir þessi tilskipun ekki ef aðildarríkin hafa ákveðið að ekki sé hægt að tryggja hina mikilvægu hagsmuni, eins og þá sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., með aðgerðum sem ekki ganga eins langt.

16. gr.

**Blönduð innkaup sem hafa hliðar er snúa að vörnum eða öryggi**

1. Þegar um er að ræða blandaða samninga, sem fjalla í senn um innkaup sem falla undir þessa tilskipun og innkaup sem falla undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða tilskipun 2009/81/EB, gildir þessi grein.
2. Þar sem hægt er að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti geta samningsyfirvöld kosið að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta eða gera stakan samning.

Þar sem samningsyfirvöld kjósa að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða lagareglur gilda um hvern og einn þessara aðskildu samninga tekin á grundvelli einkenna viðkomandi hluta.

Þar sem samningsyfirvöld kjósa að gera stakan samning, skal beita eftirfarandi viðmiðunum til að ákvarða hvaða lagareglur eiga við:

- a) þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins má gera samninginn án þess að beita þessari tilskipun, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlæt看leg á grundvelli hlutlægra ástæðna,
- b) þar sem hluti tiltekins samnings fellur undir tilskipun 2009/81/EB má gera samninginn í samræmi við þá tilskipun, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlæt看leg á grundvelli hlutlægra ástæðna. Þessi liður skal vera með fyrirvara um viðmiðunarfrjárhæðir og undantekningar sem sú tilskipun kveður á um.

Ákvörðun um að gera stakan samning skal þó ekki tekin í þeim tilgangi að undanþiggja samning beitingu annað hvort þessarar tilskipunar eða tilskipunar 2009/81/EB.

3. Ákvæði a-liðar þriðju undirgreinar 2. mgr. skulu gilda um blandaða samninga sem bæði a- og b-liður þeirrar undirgreinar gætu annars gilt um.
4. Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti má gera samninginn án þess að beita þessari tilskipun hafi hann að geyma þætti sem 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir um; að öðrum kosti má gera hann í samræmi við tilskipun 2009/81/EB.

17. gr.

**Opinberir samningar sem gerðir eru og hönnunarsamkeppnir sem haldnar eru í samræmi við alþjóðlegar reglur og hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi**

1. Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga eða hönnunarsamkeppnir sem hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi og samningsyfirvaldi er skylt að gera eða halda í samræmi við önnur innkaupaferli en mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sem komið er á með einhverjum eftirfarandi hætti:
  - a) með alþjóðasamningi eða samkomulagi sem gert er í samræmi við sáttmálana, milli aðildarríkis og eins eða fleiri þriðju landa eða hluta þeirra og sem tekur til verka, vara eða þjónustu fyrir verkefni sem undirritunaraðilar ætla að framkvæma eða nýta sameiginlega,
  - b) með alþjóðasamningi eða fyrirkomulagi sem tengist veru herliðs og varðar starfsemi aðildarríkis eða þriðja lands,
  - c) af alþjóðastofnun.

Sérhvern samning eða samkomulag sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal senda til framkvæmdastjórnarinnar, sem getur leitað til ráðgjafarnefndar um opinber innkaup sem um getur í 89. gr.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um opinbera samninga eða hönnunarsamkeppnir sem hafa hliðar er snúa að vörnum og öryggi og samningsyfirvaldið gerir í samræmi við reglur um innkaup sem alþjóðastofnun eða alþjóðleg fjármálastofnun kveður á um, þar sem viðkomandi opinberir samningar eða hönnunarsamkeppnir eru að öllu leyti fjármöggnuð af þeirri stofnun. Þegar um er að ræða opinbera samninga og hönnunarsamkeppnir sem eru fjármagnaðar að mestu leyti af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun skulu aðilar koma sér saman um viðeigandi innkaupaferli.

## II. KAFLI

### Almennar reglur

18. gr.

#### Meginreglur um innkaup

1. Samningsyfirvöld skulu gæta að jafnri meðferð án mismununar, gagnsæi og meðalhófi í samskiptum við rekstraraðila. Innkaupunum skal ekki hagað af ásetningi þannig að þau falli utan gildissviðs þessarar tilskipunar eða takmarki samkeppni óeðlilega. Litið skal svo á að samkeppni sé takmörkuð óeðlilega ef innkaupunum er hagað þannig að það sé í þágu eða beint gegn tilteknum rekstraraðilum.
2. Aðildarríki skulu grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að rekstraraðilar uppfylli gildandi skyldur á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem byggjast á lögum Sambandsins, landslögum, kjarasamningum eða ákvæðum alþjóðlegrar umhverfis-, félagsmála- eða vinnulöggjafar, sem talin eru upp í X. viðauka, við framkvæmd opinberra samninga.

19. gr.

#### Rekstraraðilar

1. Ekki skal hafna rekstraraðilum, sem eiga rétt á að veita viðeigandi þjónustu samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu, af þeirri ástæðu einni að þess er krafist í lögum aðildarríkisins þar sem samningurinn er gerður að þeir einskorðist við annaðhvort einstaklinga eða lögaðila. Þegar um er að ræða opinbera þjónustu- og verksamninga svo og opinbera vörusamninga, sem taka að auki til þjónustu eða ísetningar- og uppsetningarstarfs, er þó hægt að krefjast þess að lögaðilar tilgreini, í tilboði eða þáttökutilkynningu, nöfn og viðeigandi faglega menntun og hæfi starfsmanna sem eiga að bera ábyrgð á framkvæmd viðkomandi samnings.
2. Hópar rekstraraðila, þ.m.t. tímabundin samtök, geta tekið þátt í innkaupaferli. Þeir skulu ekki krafðir um það af samningsyfirvöldum að hafa sérstakt rekstrarform að lögum til þess að leggja fram tilboð eða þáttökutilkynningu. Ef nauðsyn krefur geta samningsyfirvöld skýrt það í útboðsgögnum hvernig hópar rekstraraðila skulu uppfylla kröfur um efnahags- og fjárhagsstöðu eða tæknilega og faglega getu, sem krafist er af rekstraraðilum sem um getur í 58. gr., að því tilskildu að það sé réttlæt看legt á grundvelli hlutlægra ástæðna og gætt sé meðalhófs. Aðildarríki geta sett staðlaða skilmála um það hvernig hópar rekstraraðila skulu uppfylla þessar kröfur. Hvers konar skilyrði varðandi framkvæmd samnings af hálfu hópa slíkra rekstraraðila, sem eru ólík þeim sem gilda um einstaka þátttakendur, skulu vera réttlæt看legt á grundvelli hlutlægra ástæðna og gæta skal meðalhófs.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. geta samningsyfirvöld krafist þess að hópur rekstraraðila taki á sig sérstakt rekstrarform að lögum þegar samningur hefur verið gerður við þá, að því marki sem slík breyting er nauðsynleg fyrir fullnægjandi framkvæmd samningsins.

20. gr.

#### Samningar bundnir við ákveðna hópa

1. Aðildarríki geta bundið réttinn til að taka þátt í opinberu innkaupaferli við verndaða vinnustaði og rekstraraðila sem hafa félagslega og faglega aðlögun fatlaðra eða illa settra einstaklinga að helsta markmiði eða kveðið á um að slíkir samningar skuli framkvæmdir innan ramma áætlana um verndaða vinnu, að því tilskildu að a.m.k. 30% starfsmanna þeirra vinnustaða, rekstraraðila eða áætlana séu fatlaðir eða illa settir starfsmenn.
2. Í útboðinu skal vísað til þessarar greinar.

21. gr.

#### Trúnaðarkvaðir

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari tilskipun eða í landslögum sem samningsyfirvaldið fellur undir, einkum löggjöf um aðgang að upplýsingum, og með fyrirvara um skyldur er varða auglýsingu gerðra samninga og upplýsingar til umsækjenda eða bjóðenda eins og sett er fram í 50. og 55. gr. skal samningsyfirvald ekki birta upplýsingar sem rekstraraðilar senda því og hafa verið auðkenndar sem trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. en ekki bundið við, tæknileg leyndarmál eða viðskiptaleyndarmál og þá þætti tilboða sem eru trúnaðarmál.
2. Samningsyfirvöld geta lagt kröfur á rekstraraðila sem miða að því að varðveita leynd upplýsinga sem þau gera tiltækar meðan á innkaupaferlinu stendur.

22. gr.

#### Reglur um samskipti

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að öll samskipti og upplýsingaskipti samkvæmt þessari tilskipun, einkum rafræn framlagning gagna, fari fram með rafrænum samskiptaauðferðum í samræmi við kröfur þessarar greinar. Tól og tæki, sem notuð eru í rafrænum samskiptum, svo og tæknilegir eiginleikar þeirra, skulu vera þannig að ekki leiði til mismununar,

vera almennt aðgengileg og innbyrðis samhæfð þeirri upplýsinga- og fjarskiptatækni sem er almennt í notkun og skulu ekki takmarka aðgang rekstraraðila að innkaupaferlinu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal samningsyfirvöldum ekki vera skylt að krefjast þess að notaðar séu rafrænar samskiptaaðferðir við framlagningu gagna við eftirfarandi aðstæður:

- a) ef notkun rafrænna samskiptaaðferða myndi, sakir sérhæfðs eðlis innkaupanna, kalla á sérstök áhöld, tæki eða skráasnið sem ekki eru almennt aðgengileg eða sem þau forrit, sem almennt eru aðgengileg, styðja ekki,
- b) ef forritin, sem styðja skráasnið sem henta fyrir lýsingu tilboða, nota skráasnið sem önnur opin eða almennt aðgengileg forrit ráða ekki við eða eru háð séreignarleyfi og sem ekki er hægt að gera aðgengileg til niðurhals eða fjarnotkunar af hálfu samningsyfirvaldsins,
- c) ef notkun rafrænna aðferða myndi krefjast sérhæfðs skrifstofubúnaðar sem samningsyfirvöld hafa alla jafna ekki aðgang að,
- d) ef þess er krafist í útboðsgögnum að lögð séu fram líkön eða smækkuð líkön (e. physical or scale models) sem ekki er unnt að senda með rafrænum aðferðum.

Ef rafrænar aðferðir eru ekki notaðar við samskipti í samræmi við aðra undirgrein skulu þau fara fram með pósti eða öðrum viðeigandi miðli eða með samsetningu póstis eða annars viðeigandi miðils og rafrænna samskipta.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal samningsyfirvöldum ekki vera skylt að krefjast þess að notaðar séu rafrænar samskiptaaðferðir við framlagningu gagna ef notkun annarra samskiptaaðferða er nauðsynleg, annað hvort vegna öryggisrofs í rafrænum samskiptaaðferðum eða til verndar sérstaklega viðkvæmum upplýsingum sem krefjast varnar á svo háu stigi að ekki er hægt að tryggja það með viðunandi hætti með notkun rafrænna tóla og tækja sem annað hvort eru almennt aðgengileg rekstraraðilum eða sem hægt er að gera þeim aðgengileg með mismunandi aðgangsleiðum í skilningi 5. mgr.

Það skal vera á ábyrgð þeirra samningsyfirvalda, sem krefjast þess að notaðar séu aðrar samskiptaaðferðir en rafrænar við framlagningu gagna í samræmi við aðra undirgrein þessarar málsgreinar, að tilgreina ástæður þess í stöku skýrslunni sem um getur í 84. gr. Samningsyfirvöld skulu, eftir atvikum, tilgreina í skýrslunni ástæður þess að talið var nauðsynlegt að nota aðrar samskiptaaðferðir en rafrænar við beitingu fjórðu undirgreinar þessarar málsgreinar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að nota munnleg samskipti í öðrum samskiptum en þeim sem varða mikilvægustu þætti innkaupaferlisins, að því tilskildu að efni munnlegu samskiptanna sé skráð nægilega vel. Að því er þetta varðar taka mikilvægustu þættir innkaupaferlisins til útboðsgagna, þátttökutilkynninga, staðfestinga á áhuga og tilboða. Einkum skulu munnleg samskipti við bjóðendur, sem gætu haft veruleg áhrif á efni og mat tilboða, skrásett nægilega vel og með viðeigandi hætti, s.s. sem skriflegar skýrslur eða hljóðskýrslur eða útdrættir helstu þátta samskiptanna.

3. Í öllum samskiptum, miðlun og geymslu upplýsinga skulu samningsyfirvöld tryggja að heilleiki gagna sé varðveittur og trúnaður, sem gildir um tilboð og þátttökutilkynningar, sé haldinn. Þau skulu ekki kanna efni tilboða og þátttökutilkynninga fyrr en fresturinn til að leggja þau fram er runninn út.

4. Þegar um er að ræða opinbera verksamninga og hönnunarsamkeppnir geta aðildarríkin krafist notkunar sérstakra rafrænna tóla, s.s. til gerðar upplýsingalíkana mannvirkja eða áþekkra tækja. Í slíkum tilvikum skulu samningsyfirvöld bjóða annars konar aðgang, eins og kveðið er á um í 5. mgr., þangað til slík tæki verða almennt aðgengileg í skilningi annars málsliðar fyrstu undirgreinar 1. mgr.

5. Samningsyfirvöld geta, ef nauðsyn krefur, krafist þess að notuð séu tól og tæki sem ekki eru almennt aðgengileg að því tilskildu að þau bjóði annars konar aðgang (e. alternative means of access).

Samningsyfirvöld skulu teljast bjóða viðeigandi annars konar aðgang við eftirfarandi aðstæður, ef þau:

- a) bjóða, án endurgjalds, ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang með rafrænum aðferðum að slíkum tólum og tækjum frá þeim degi þegar tilkynning er birt, í samræmi við VIII. viðauka, eða frá þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga er sent. Í texta tilkynningarinnar eða boðsins um að staðfesta áhuga skal tilgreina veffangið þar sem hafa má aðgang að þessum tólum og tækjum,

b) tryggja að bjóðendur, sem ekki hafa aðgang að viðkomandi tólum og tækjum eða hafa engan möguleika á að nálgast þau innan þeirra tímamarka sem um er að ræða, geti haft aðgang að innkaupaferlinu með notkun bráðabirgðalykla er fáiast án endurgjalds á Netinu, að því tilskildu að skort á aðgangi megi ekki rekja til viðkomandi bjóðanda, eða

c) sjá til þess að fyrir hendi sé annars konar leið til að leggja fram tilboð rafrænt.

6. Auk þeirra krafna sem settar eru fram í IV. viðauka skulu eftirfarandi reglur gilda um tól og tæki sem notuð eru við rafræna sendingu og móttöku tilboða og rafræna móttöku þátttökutilkynninga:

a) upplýsingar um nákvæmar skilgreiningar varðandi rafræna framlagningu tilboða og þátttökutilkynninga, þar á meðal um dulkóðun og tímastimplun, skulu vera aðgengilegar öllum hlutaðeigandi aðilum,

b) Aðildarríki, eða samningsyfirvöld sem koma fram innan heildarramma sem viðkomandi aðildarríki setur, skulu tilgreina öryggisstig fyrir rafrænar samskiptaaðferðir á hinum ýmsu stigum tiltekins innkaupaferlis; það stig skal vera í réttu hlutfalli við áhætturnar sem því tengjast,

c) komist aðildarríki, eða samningsyfirvöld sem koma fram innan heildarramma sem viðkomandi aðildarríki setur, að þeirri niðurstöðu að áhættustig, sem metið er skv. b-lið þessarar málsgreinar, sé svo hátt að krafist sé þróaðra rafrænna undirskrifta, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB<sup>(27)</sup>, skulu samningsyfirvöld viðurkenna þróaðar rafrænar undirskriftir studdar fullgiltu vottorði, með hliðsjón af því hvort þessi vottorð séu frá vottunaraðila sem er á áreiðanlegri skrá eins og kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB<sup>(28)</sup>, sem gerðar eru með eða án öruggs undirskriftarbúnaðar, þó að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

i. samningsyfirvöldin skulu ákveða hvaða sniðs þróaðar undirskriftar skuli krafist, á grundvelli sniða sem skilgreind eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/130/ESB<sup>(29)</sup> og koma á nauðsynlegum ráðstöfunum til að geta, tæknilega, unnið með þessi snið; ef notað er annað snið fyrir rafrænar undirskriftir skal rafræna undirskriftin eða flutningsmiðill rafrænu skjalanna búa yfir upplýsingum um fullgildingarmöguleika sem fyrir hendi eru, sem skulu vera á ábyrgð aðildarríkisins. Fullgildingarmöguleikarnir skulu gera samningsyfirvaldinu kleift að fullgilda móttækna rafræna undirskrift endurgjaldslaust, á Netinu, með hætti sem er skiljanlegur fyrir þá sem ekki hafa viðkomandi tungumál að móðurmáli, sem þróaða rafræna undirskrift sem studd er fullgiltu vottorði.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það hver veitir fullgildingarþjónustuna og skal hún birta upplýsingarnar frá aðildarríkjunum á Netinu,

ii. sé tilboð undirritað með stuðningi fullgiltis vottorðs sem er á áreiðanlegri skrá skulu samningsyfirvöld ekki setja frekari kröfur sem gætu hindrað notkun bjóðenda á slíkum undirskriftum.

Að því er varðar skjöl í tengslum við innkaupaferli sem lögbært yfirvald í aðildarríki eða annar útgáfuaðili undirritar, skal viðkomandi útgáfuyfirvald eða -aðili ákveða hvaða sniðs þróaðar undirskrifta skuli krafist, í samræmi við kröfur 2. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2011/130/ESB. Þau skulu koma á nauðsynlegum ráðstöfunum til að geta, tæknilega, unnið með það snið með því að bæta við nauðsynlegum upplýsingum til að hægt sé að vinna undirskriftina í viðkomandi skjali. Slík skjöl skulu innihalda, í rafrænu undirskriftinni eða í flutningsmiðli rafrænna skjala, upplýsingar um fullgildingarmöguleika sem fyrir hendi eru, sem gera kleift að fullgilda móttækna rafræna undirskrift endurgjaldslaust, á Netinu, með hætti sem er skiljanlegur fyrir þá sem ekki hafa viðkomandi tungumál að móðurmáli.

7. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 87. gr., til að breyta tæknilegum atriðum og eiginleikum sem sett eru fram í IV. viðauka með hliðsjón af tækniþróun.

Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 87. gr., til að breyta upptalningunni í a- til d-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar ef ekki er lengur við hæfi, sakir tækniþróunar, að víkja sífellt frá notkun rafrænna samskiptaaðferða eða, í undantekningartilvikum, ef kveða þarf á um nýjar undanþágur vegna tækniþróunar.

Til að tryggja að tæknileg snið séu innbyrðis samhæfð, sem og ferla- og skeytastaðlar, einkum yfir landamæri, skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 87. gr., til að koma á skyldubundinni notkun slíkra sérstakra tæknistaðla, einkum að því er varðar notkun rafrænna aðferða við framlagningu gagna, rafræna vörulista og leiðir til rafrænnar sannvottunar, þó aðeins þar sem ítarlegar prófanir hafa farið fram á tæknistöðlum og þeir

<sup>(27)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtið. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).

<sup>(28)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 36).

<sup>(29)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/130/ESB frá 25. febrúar 2011 um að setja lágmarkskröfur um vinnslu skjala yfir landamæri sem undirrituð eru rafrænt af lögbærum yfirvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtið. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 66).

hafa sannað gagnsemi sína í verki. Áður en notkun tæknistaðla er gerð skyldubundin skal framkvæmdastjórnin einnig fhluga vandlega hvaða kostnað slíkt hefur í för með sér, einkum að því er varðar aðlaganir að rafrænum innkaupalausnum (e. e-procurement solutions) sem þegar eru fyrir hendi, m.a. að því er varðar innviði, ferla eða hugbúnað.

23. gr.

#### **Flokkunarkerfi**

1. Allar tilvísanir til flokkunarkerfa í tengslum við opinber innkaup skulu notast við „sameiginlega innkaupaorðasafnið“ eins og það er samþykkt í reglugerð (EB) nr. 2195/2002.
2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. til að aðlaga CPV-kóðana, sem um getur í þessari tilskipun, þegar breytingar á flokkunarkerfi sameiginlega innkaupaorðasafnsins verða að endurspeglast í þessari tilskipun og þær fela ekki í sér breytingar á gildissviði þessarar tilskipunar.

24. gr.

#### **Hagsmunaárekstrar**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að samningsyfirvöld geri viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir, greina og lagfæra hagsmunaárekstra sem rísa í innkaupaferlinu til þess að forðast röskun á samkeppni og til að tryggja jafna meðferð allra rekstraraðila.

Hugtakið hagsmunaárekstur skal a.m.k. taka til allra aðstæðna þar sem starfsfólk samningsyfirvalds, eða veitanda innkaupaþjónustu sem kemur fram fyrir hönd samningsyfirvalds, sem tekur þátt í framkvæmd innkaupaferlis eða getur haft áhrif á útkomu þess, hefur beinna eða óbeinna fjárhagslegra, efnahagslegra eða annars konar persónulegra hagsmuna að gæta sem hægt væri að sjá fyrir sér að hefðu áhrif á hlutleysi þeirra og sjálfstæði í tengslum við innkaupaferli.

### **II. BÁLKUR**

#### **REGLUR UM OPINBERA SAMNINGA**

##### *I. KAFLI*

##### *Útboðsaðferðir*

25. gr.

#### **Skilyrði í tengslum við samninginn um opinber innkaup og aðra alþjóðasamninga**

Að því marki sem fjallað er um það í 1., 2., 4. og 5. viðauka og almennum athugasemdum við I. viðbæti Evrópusambandsins við samninginn um opinber innkaup og í öðrum alþjóðasamningum sem Sambandið er bundið af, skal meðferð samningsyfirvalda að því er varðar verk, vörur, þjónustu og rekstraraðila undirritunaraðila þessara samninga ekki vera lakari en sú sem veitt er að því er varðar verk, vörur, þjónustu og rekstraraðila Sambandsins.

26. gr.

#### **Val á útboðsaðferðum**

1. Við gerð opinberra samninga skulu samningsyfirvöld beita innlendum útboðsaðferðum sem eru lagaðar að efni þessarar tilskipunar að því tilskildu, með fyrirvara um 32. gr., að útboðsauglýsing hafi verið birt í samræmi við þessa tilskipun.
2. Aðildarríkin skulu kveða á um að samningsyfirvöld geti beitt almennum eða lokuðum útboðum eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
3. Aðildarríkin skulu kveða á um að samningsyfirvöld geti beitt nýsköpunarsamstarfi eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
4. Aðildarríkin skulu kveða á um að samningsyfirvöld geti beitt samkeppnisútboði með samningsviðræðum eða samkeppnisviðræðum við eftirfarandi aðstæður:
  - a) að því er varðar verk, vörur eða þjónustu sem uppfyllir eina eða fleiri eftirtalinnna viðmiðana:
    - i. ekki er hægt að mæta þörfum samningsyfirvaldsins án þess að aðlaga lausnir sem fyrir hendi eru,
    - ii. þau fela í sér hönnun eða nýstárlegar lausnir,
    - iii. ekki er hægt að gera samninginn án undanfarandi samningsviðræðna vegna sérstakra aðstæðna sem tengjast eðli hans, því hversu flókinn hann er eða lagalegum og fjárhagslegum ramma hans eða vegna áhættu sem fylgir,
    - iv. samningsyfirvaldið getur ekki fastsett tækniforskriftir af nægilegri nákvæmni með tilvísun til staðals, evrópska tæknimatsins, sameiginlegrar tækniforskriftar eða tækniviðmiðunar í skilningi 2.–5. liðar VII. viðauka,
  - b) að því er varðar verk, vörur eða þjónustu þar sem einungis berast ógild tilboð eða tilboð sem uppfylla ekki skilmála



innkaupaferlis í almennu eða lokuðu útboði. Við slíkar aðstæður þurfa samningsyfirvöld ekki að birta útboðstilkynningu ef þau láta ferlið taka til allra þeirra og aðeins þeirra bjóðenda, sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 57.–64. gr. og sem lögðu fram tilboð í fyrra almennu eða lokuðu útboði, í samræmi við formlegar kröfur innkaupaferlisins.

Tilboð skulu teljast ógild ef þau eru ekki í samræmi við útboðsgögn, berast of seint, ef sönnun er fyrir leyfilegu samráði eða spillingu eða ef samningsyfirvöld telja að þau séu óeðlilega lág. Tilboð skulu ekki teljast uppfylla skilmála innkaupaferlis ef þau eru lögð fram af bjóðendum sem ekki hafa til að bera nauðsynlega menntun og hæfi og bjóðendum sem bjóða hærra verð en fjárheimildir samningsyfirvalds leyfa, eins og þær voru ákveðnar og skráðar áður en innkaupaferlið hófst.

5. Útboð skal auglýst með útboðstilkynningu í samræmi við 49. gr.

Þegar samningur er gerður með lokuðu útboði eða samkeppnisútboði með samningsviðræðum geta aðildarríkin kveðið á um, þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, að samningsyfirvöld sem ekki eru yfirvöld á vegum ríkisins eða tilteknir flokkar þeirra, geti auglýst útboð með kynningartilkynningu í samræmi við 2. mgr. 48. gr.

Þegar útboð er auglýst með kynningartilkynningu í samræmi við 2. mgr. 48. gr. skal rekstraraðilum, sem látið hafa í ljósi áhuga sinn í kjölfar birtingar kynningartilkynningarinnar, í framhaldinu boðið að staðfesta áhuga sinn skriflega með boði um að staðfesta áhuga í samræmi við 54. gr.

6. Í þeim sérstöku tilvikum og við þær aðstæður sem sérstaklega er getið um í 32. gr. geta aðildarríkin kveðið á um að samningsyfirvöld geti gengið til samningskaupa án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar. Aðildarríki skulu ekki heimila beitingu þessarar aðferðar í neinum öðrum tilvikum en þeim sem um getur í 32. gr.

27. gr.

#### Almennt útboð

1. Í almennum útboðum er öllum rekstraraðilum, sem hafa áhuga, heimilt að gera tilboð í kjölfar útboðsauglýsingar.

Frestur til að taka við tilboðum skal vera að lágmarki 35 dagar frá þeim degi þegar útboðstilkynningin var send.

Tilboði skulu fylgja þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsyfirvald fer fram á.

2. Hafi samningsyfirvöld birt kynningartilkynningu, sem ekki var í sjálfu sér notuð til að kynna útboðið, er heimilt að stytta lágmarksfrest til að taka við tilboðum skv. annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar í 15 daga, að því tilskildu að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) kynningartilkynningin hafði að geyma allar upplýsingar sem krafist er í I. þætti B. hluta V. viðauka að séu í útboðstilkynningunni, svo fremi að þær upplýsingar hafi verið tiltækar þegar kynningartilkynningin var birt,

b) kynningartilkynningin var send til birtingar minnst 35 dögum og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðstilkynningarinnar.

3. Ef brýn nauðsyn, sem rökstudd er af samningsyfirvaldi, leiðir af sér að fresturinn sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr., kemur ekki til greina, er því heimilt að setja frest sem skal ekki vera skemmri en 15 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningarinnar.

4. Samningsyfirvaldi er heimilt að stytta frestinn til að taka við tilboðum, sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, um fimm daga ef það samþykkir að leggja megi fram tilboð með rafrænum aðferðum í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 22. gr. og 5. og 6. mgr. 22. gr.

28. gr.

#### Lokað útboð

1. Í lokuðum útboðum er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar útboðsauglýsingar sem inniheldur þær upplýsingar sem um getur í B- eða C-hluta V. viðauka, eftir því sem við á, með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsyfirvald fer fram á.

Frestur til að taka við þátttökutilkynningum skal vera að lágmarki 30 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar eða, ef kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga var sent.

2. Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsyfirvald býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta lagt fram tilboð. Samningsyfirvöld geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 65. gr.

Frestur til að taka við tilboðum skal vera að lágmarki 30 dagar frá sendingardegi boðs um að leggja fram tilboð.

3. Hafi samningsyfírvöld birt kynningartilkyningu, sem ekki var í sjálfu sér notuð til að kynna útboðið, er heimilt að stytta lágmarksfrest til að taka við tilboðum skv. annarri undirgrein 2. mgr. þessarar greinar í 10 daga, að því tilskildu að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- a) kynningartilkyningin hefur að geyma allar upplýsingar sem krafist er í I. þætti B. hluta V. viðauka, svo fremi að þær upplýsingar séu tiltækar á þeim tíma sem kynningartilkyningin er birt,
- b) kynningartilkyningin var send til birtingar minnst 35 dögum og mest 12 mánuðum fyrir sendingardag útboðstilkynningarinnar.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að öll samningsyfírvöld sem eru ekki yfírvöld á vegum ríkisins, eða tilteknir flokkar þeirra megi setja frest til að taka við tilboðum með gagnkvæmu samkomulagi á milli samningsyfírvaldsins og valinna umsækjenda, að því tilskildu að allir valdir umsækjendur hafi sama tíma til að semja og leggja fram tilboð sín. Ef ekki næst samkomulag um frest til að taka við tilboðum, skal fresturinn vera að lágmarki 10 dagar frá deginum þegar boð um að leggja fram tilboð er sent.

5. Stytta má frest til að taka við tilboðum, sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, um fimm daga ef samningsyfírvald samþykkir að leggja megi fram tilboð með rafrænum aðferðum í samræmi við 1., 5. og 6. mgr. 22. gr.

6. Ef brýn nauðsyn, sem rökstudd er af samningsyfírvöldum, leiðir af sér að frestirnir sem kveðið er á um í þessari grein koma ekki til greina, er þeim heimilt að setja:

- a) frest til að taka við þátttökutilkynningum sem skal ekki vera skemmri en 15 dagar frá þeim degi þegar útboðstilkynningin var send,
- b) frest til taka við tilboðum sem skal ekki vera skemmri en 10 dagar frá þeim degi þegar boð um að leggja fram tilboð var sent.

29. gr.

#### **Samkeppnisútboð með samningsviðræðum**

1. Í samkeppnisútboðum með samningsviðræðum er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar útboðsauglýsingar sem inniheldur þær upplýsingar sem um getur í B- eða C-hluta V. viðauka með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismiðaðs vals sem samningsyfírvald fer fram á.

Í útboðsgögnum skulu samningsyfírvöld tilgreina efni innkaupanna ásamt lýsingu á þörfum sínum og þeim eiginleikum sem þær vörur, verk eða þjónusta, sem kaupa á, skulu hafa til að bera og tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs. Þau skulu einnig tilgreina í hvaða þáttum lýsingarinnar þær lágmarkskröfur sem öll tilboð þurfa að uppfylla eru skilgreindar. Upplýsingarnar, sem látnar eru í té, skulu vera nægilega nákvæmar til að gera rekstraraðilum kleift að átta sig á eðli og umfangi innkaupanna og ákveða hvort þeir vilji taka þátt í útboðinu.

Frestur til að taka við þátttökutilkynningum skal vera að lágmarki 30 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar eða, ef kynningartilkyning er notuð til að kynna útboð, þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga var sent. Lágmarksfrestur til að taka við upphaflegum tilboðum skal vera 30 dagar frá sendingardegi boðsins. Ákvæði 3.–6. mgr. 28. gr. gilda.

2. Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsyfírvald býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta lagt fram upphaflegt tilboð sem skal vera grundvöllur áframhaldandi viðræðna. Samningsyfírvöld geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 65. gr.

3. Ef ekki er kveðið á um annað í 4. mgr. skulu samningsyfírvöld ræða við bjóðendur um upphafleg tilboð þeirra og öll síðari tilboð sem þeir leggja fram, nema endanleg tilboð í skilningi 7. mgr., til að bæta innihald þeirra.

Ekki skal vera hægt að semja um lágmarkskröfur og forsendur fyrir vali tilboðs.

4. Samningsyfírvöldum er heimilt að gera samninga á grundvelli upphaflegra tilboða án samningsviðræðna hafi þau tekið það fram í útboðstilkynningu eða boði um að staðfesta áhuga að þau áskilji sér rétt til þess.

5. Meðan á viðræðum stendur skulu samningsyfírvöld tryggja að jafnræðis sé gætt meðal allra bjóðenda. Í því skyni skulu þau gæta þess að veita ekki upplýsingar á þann hátt að bjóðendum sé mismunað þannig að staða sumra þeirra verði betri en annarra. Þau skulu upplýsa alla bjóðendur, hafi tilboð þeirra ekki verið útilokuð í samræmi við 6. mgr., skriflega um hvers konar breytingar á tækniforskriftum eða öðrum útboðsgögnum, öðrum en þeim þar sem lágmarkskröfur eru settar. Eftir slíkar breytingar skulu samningsyfírvöld veita bjóðendum nægilega langan frest til að breyta tilboðum sínum og leggja þau fram aftur, eins og við á.

Í samræmi við 21. gr. skulu samningsyfirvöld ekki upplýsa aðra þátttakendur um trúnaðarupplýsingar sem umsækjandi eða bjóðandi í samningsviðræðunum hefur veitt, án samþykkis hans. Slíkt samþykki skal ekki fela í sér almennt afsal réttinda heldur skal það gefið með tilvísun til hinnar fyrirhuguðu miðlunar tiltekinna upplýsinga.

6. Samkeppnisútbod með samningsviðræðum getur farið fram í nokkrum áföngum til að fækka þeim tilboðum, sem fjalla þarf um í samningsviðræðum, með því að beita forsendunum fyrir vali tilboðs sem tilgreindar eru í útbodstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða öðrum útbodsgögnum. Samningsyfirvaldið skal taka fram í útbodstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða öðrum útbodsgögnum hvort það hyggst nýta sér þennan kost.

7. Ef samningsyfirvald hyggst ljúka samningsviðræðunum skal það tilkynna þeim bjóðendum sem eftir eru um það og setja sameiginlegan frest til að leggja fram ný eða endurskoðuð tilboð. Það skal ganga úr skugga um að endanleg tilboð séu í samræmi við lágmarkskröfur og 1. mgr. 56. gr., meta endanleg tilboð á grundvelli valforsendna og gera samning í samræmi við 66.–69. gr.

30. gr.

### Samkeppnisviðræður

1. Í samkeppnisviðræðum er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þáttökutilkynningu í kjölfar útbodstilkynningar með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismíðaðs vals sem samningsyfirvald fer fram á.

Frestur til að taka við þáttökutilkynningum skal vera að lágmarki 30 dagar frá þeim degi þegar útbodstilkynningin var send.

Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsyfirvald býður þáttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta tekið þátt í samkeppnisviðræðum. Samningsyfirvöld geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 65. gr. Samningur skal gerður á grundvelli valforsendunnar um besta hlutfall milli verðs og gæða eingöngu, í samræmi við 2. mgr. 67. gr.

2. Samningsyfirvöld skulu setja fram þarfir sínar og kröfur í útbodstilkynningu og skilgreina þær þarfir og kröfur í tilkynningunni og/eða í skýringargögnum. Í sömu skjölum skulu þau samhliða setja fram og skilgreina þær forsendur fyrir vali tilboðs sem ákveðnar hafa verið og setja leiðbeinandi tímaramma.

3. Samningsyfirvöld skulu hefja viðræður við þátttakendur, sem valdir hafa verið í samræmi við viðeigandi ákvæði 56.–66. gr., með það að markmiði að finna og skilgreina heppilegustu aðferðirnar við að uppfylla þarfir sínar. Í þessum viðræðum geta þau rætt öll atriði innkaupanna við hina völdu þátttakendur.

Í viðræðunum skulu samningsyfirvöld tryggja að allir bjóðendur fái jafna meðferð. Í því skyni skulu þau gæta þess að veita ekki upplýsingar á þann hátt að bjóðendum sé mismunað þannig að staða sumra þeirra verði betri en annarra.

Í samræmi við 21. gr. skulu samningsyfirvöld ekki upplýsa aðra þátttakendur um fyrirhugaðar lausnir eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem umsækjandi eða bjóðandi í samningsviðræðunum hefur veitt, án samþykkis hans. Slíkt samþykki skal ekki fela í sér almennt afsal réttinda heldur skal það gefið með tilvísun til hinnar fyrirhuguðu miðlunar tiltekinna upplýsinga.

4. Samkeppnisviðræður geta farið fram í nokkrum áföngum til að fækka þeim lausnum sem fjalla þarf um á meðan viðræður standa yfir; það má gera á grundvelli forsendna fyrir vali tilboðs sem settar eru fram í útbodstilkynningu eða skýringargögnum. Samningsyfirvaldið skal taka fram í útbodstilkynningu eða í skýringargögnum hvort það hyggst nýta sér þennan kost.

5. Samningsyfirvaldið skal halda viðræðunum áfram þar til fundist hefur lausn eða lausnir sem geta uppfyllt þarfir þess.

6. Þegar samningsyfirvöld hafa lýst því yfir að viðræðum sé lokið og tilkynnt þeim þátttakendum sem eftir eru um það skulu þau gefa þátttakendum kost á að leggja fram endanleg tilboð á grundvelli þeirrar lausnar eða lausna sem kynntar hafa verið og skýrðar meðan á viðræðum stóð. Þessi tilboð skulu hafa að geyma öll atriði sem krafist er og eru nauðsynleg fyrir framkvæmd verkefnisins.

Þessi tilboð má skýra, skilgreina og betrubæta að beiðni samningsyfirvaldsins. Slíkar skýringar, skilgreiningar, betrubætur eða viðbótarupplýsingar mega þó ekki fela í sér breytingar á grundvallarþáttum tilboðs eða opinberu innkaupanna, s.s. á þörfum og kröfum sem settar eru fram í útbodstilkynningunni eða í skýringargögnum, þar eð frávik á slíkum þáttum, þörfum og kröfum eru líkleg til að raska samkeppni eða yta undir mismunun.

7. Samningsyfirvöld skulu meta tilboð sem þeim berast á grundvelli þeirra forsendna fyrir vali tilboðs, sem mælt er fyrir um í útboðstilkynningu eða skýringargögnum.

Að beiðni samningsyfirvalds er heimilt að halda áfram viðræðum við þann bjóðanda, sem hefur lagt fram það tilboð sem hefur best hlutfall milli verðs og gæða í samræmi við 67. gr., til að staðfesta skuldbindingar sem felast í tilboðinu, að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér verulegar breytingar á veigamiklum atriðum í tilboðinu eða innkaupunum, s.s. á þörfum og kröfum sem settar eru fram í útboðstilkynningunni eða í skýringargögnunum, og að ekki sé hætt á að það raski samkeppni eða ýti undir mismunum.

8. Samningsyfirvöldum er heimilt að ákveða verðlaun eða greiðslur til þátttakenda í viðræðunum.

### 31. gr.

#### Nýsköpunarsamstarf

1. Í nýsköpunarsamstarfi er sérhverjum rekstraraðila heimilt að leggja fram þátttökutilkynningu í kjölfar útboðstilkynningar með því að senda inn þær upplýsingar vegna hæfismíðaðs vals sem samningsyfirvald fer fram á.

Í útboðsgögnum skal samningsyfirvald tilgreina þörf á nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verki sem ekki er hægt að uppfylla með því að kaupa vörur, þjónustu eða verk sem til eru á markaði. Það skal einnig tilgreina í hvaða þáttum lýsingarinnar skilgreindar eru þær lágmarkskröfur sem öll tilboð þurfa að uppfylla. Upplýsingarnar, sem látnar eru í té, skulu vera nægilega nákvæmar til að gera rekstraraðilum kleift að átta sig á eðli og umfangi lausnarinnar, sem krafist er, og ákveða hvort þeir vilji taka þátt í útboðinu.

Samningsyfirvaldið getur ákveðið að stofna til nýsköpunarsamstarfs við einn eða fleiri aðila sem stunda aðskilda rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Frestur til að taka við þátttökutilkynningum skal vera að lágmarki 30 dagar frá þeim degi þegar útboðstilkynningin var send. Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsyfirvald býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, geta tekið þátt í ferlinu. Samningsyfirvöld geta takmarkað fjölda hæfra umsækjenda, sem boðið er að taka þátt í ferlinu, í samræmi við 65. gr. Samningar skulu gerðir á grundvelli valforsendunnar um besta hlutfall milli verðs og gæða eingöngu, í samræmi við 67. gr.

2. Nýsköpunarsamstarfið skal miða að því að þróa nýsköpunarvöru, -þjónustu eða -verk og síðan kaupum á þeirri vöru, þjónustu eða verki sem af því leiðir, að því tilskildu að þau svari til þess nothæfisstigs og hámarkskostnaðar sem samningsyfirvöld og þátttakendur komu sér saman um.

Nýsköpunarsamstarfið skal skipulagt í áföngum sem haldast í hendur við röð þrepa í rannsóknar- og nýsköpunarferlinu, sem geta tekið til framleiðslu á vörunum, veitingar þjónustunnar eða lokafrágangs verka. Í nýsköpunarsamstarfinu skal ákveða áfangamarkmið fyrir samstarfsaðilana og kveða á um greiðslu þóknunar í viðeigandi hlutagreiðslum.

Á grundvelli þessara markmiða getur samningsyfirvaldið, að hverjum áfanga loknum, ákveðið að binda enda á nýsköpunarsamstarfið eða, ef um er að ræða samstarf við fleiri en einn aðila, að fækka samstarfsaðilum með því að slíta einstökum samningum, að því tilskildu að það hafi tiltekið slíka möguleika og skilmála fyrir notkun þeirra í útboðsgögnum.

3. Ef ekki er kveðið á um annað í 4. mgr. skulu samningsyfirvöld ræða við bjóðendur um upphafleg tilboð þeirra og öll síðari tilboð sem þeir leggja fram, nema endanlegt tilboð í skilningi 7. mgr., til að bæta innihald þeirra.

Ekki skal vera hægt að semja um lágmarkskröfur og forsendur fyrir vali tilboðs.

4. Meðan á viðræðum stendur skulu samningsyfirvöld tryggja að jafnræðis sé gætt meðal allra bjóðenda. Í því skyni skulu þau gæta þess að veita ekki upplýsingar á þann hátt að bjóðendum sé mismunað þannig að staða sumra þeirra verði betri en annarra. Þau skulu upplýsa alla bjóðendur, hafi tilboð þeirra ekki verið útilokuð, í samræmi við 5. mgr., skriflega um hvers konar breytingar á tækniforskriftum eða öðrum útboðsgögnum, öðrum en þeim þar sem lágmarkskröfur eru settar. Eftir slíkar breytingar skulu samningsyfirvöld veita bjóðendum nægilega langan frest til að breyta tilboðum sínum og leggja þau fram aftur, eins og við á.

Í samræmi við 21. gr. skulu samningsyfirvöld ekki upplýsa aðra þátttakendur um trúnaðarupplýsingar sem umsækjandi eða bjóðandi í samningsviðræðunum hefur veitt, án samþykki hans. Slíkt samþykki skal ekki fela í sér almennt afsal réttinda heldur skal það gefið með tilvísun til hinnar fyrirhuguðu miðlunar tiltekinna upplýsinga.

5. Samningsviðræður meðan á nýsköpunarsamstarfsferli stendur geta farið fram í nokkrum áföngum til að fækka þeim tilboðum, sem fjalla þarf um í samningsviðræðum, með því að beita forsendunum fyrir vali tilboðs sem tilgreindar eru í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða í útboðsgögnum. Samningsyfirvaldið skal taka fram í útboðstilkynningu, í boði um að staðfesta áhuga eða í útboðsgögnum hvort það hyggst nýta sér þennan kost.

6. Við val á umsækjendum skulu samningsyfirvöld einkum beita viðmiðunum sem varða getu umsækjenda á sviði rannsókna og þróunar og við þróun og framkvæmd nýstárlegra lausna.

Aðeins þeir rekstraraðilar, sem samningsyfirvald býður þátttöku eftir að hafa metið upplýsingarnar sem lagðar voru fram, mega leggja fram rannsóknar- og nýsköpunarverkefni sem miða að því að uppfylla þær þarfir sem samningsyfirvaldið hefur tilgreint að ekki sé hægt að fullnægja með lausnum sem fyrir eru.

Í útboðsgögnunum skal samningsyfirvaldið skilgreina það fyrirkomulag sem gilda skal um hugverkarétt. Þegar um er að ræða nýsköpunarsamstarf með fleiri en einum þátttakanda skal samningsyfirvald ekki, í samræmi við 21. gr., upplýsa aðra þátttakendur um fyrirhugaðar lausnir eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem þátttakandi hefur veitt innan ramma samstarfsins, án samþykkis þess þátttakanda. Slíkt samþykki skal ekki fela í sér almennt afsal réttinda heldur skal það gefið með tilvísun til hinnar fyrirhuguðu miðlunar tiltekinnar upplýsinga.

7. Samningsyfirvaldið skal sjá til þess að uppbygging samstarfsins, og einkum lengd og virði hinna mismunandi áfanga, endurspegli nýsköpunarstig hinnar fyrirhuguðu lausnar og röð þess rannsóknar- og nýsköpunarstarfs sem þarf til að þróa nýstárlega lausn sem ekki er enn til á markaði. Áætlað verðmæti vara, þjónustu eða verka skal ekki vera í óeðlilegu hlutfalli við þá fjárfestingu sem þarf til þróunar þeirra.

32. gr.

#### **Notkun samningskaupa án undangenginnar auglýsingar**

1. Í tilteknum tilvikum og við tilteknar aðstæður sem mælt er fyrir um í 2.–5. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að samningsyfirvöld geti gert opinbera samninga með samningskaupum án undangenginnar auglýsingar.

2. Nota má samningskaup án undangenginnar auglýsingar að því er varðar opinbera verksamninga, opinbera vörusamninga og opinbera þjónustusamninga í eftirfarandi tilvikum:

a) ef engin tilboð eða engin fullnægjandi tilboð eða engar þátttökutilkynningar eða engar fullnægjandi þátttökutilkynningar hafa borist vegna almenns eða lokaðs útboðs, að því tilskildu að ekki sé vikið frá upphaflegum samningsskilmálum í veigamiklum atriðum og að framkvæmdastjórninni sé send skýrsla, ef hún óskar eftir því,

Tilboð skal ekki talið fullnægjandi þegar það hefur ekki tengsl við samninginn og dugir bersýnilega ekki, án verulegra breytinga, til að mæta þörfum samningsyfirvaldsins eða kröfum eins og þær eru tilgreindar í útboðsgögnum. Þátttökutilkynning telst ekki fullnægjandi ef viðkomandi rekstraraðili er eða gæti verið útilokaður skv. 57. gr. eða ef hann uppfyllir ekki hæfiskröfur samningsyfirvaldsins skv. 58. gr.

b) ef aðeins einn tiltekinn rekstraraðili getur látið í té verkið, vörurnar eða þjónustuna af einni af eftirfarandi ástæðum:

- i. markmiðið með innkaupunum er gerð eða kaup á einstöku listaverki eða einstökum listflutningi,
- ii. ekki er um samkeppni að ræða af tæknilegum ástæðum,
- iii. vegna verndar einkaréttar, þ.m.t. hugverkaréttar.

Undantekningarnar sem settar eru fram í ii. og iii. lið gilda aðeins þegar enginn annar raunhæfur valkostur er fyrir hendi eða annað sem komið getur í staðinn og ástæðan fyrir því að ekki er til staðar samkeppni er ekki sú að þrengt hafi verið að breytum innkaupanna með óeðlilegum hætti,

c) ef það er algerlega nauðsynlegt og ekki er hægt, af knýjandi ástæðum sem viðkomandi samningsyfirvöld gátu ekki séð fyrir, að standa við fresti sem gilda við almenn eða lokað útboð eða samkeppnisútboð með samningsviðræðum. Aðstæðurnar, sem skírskotað er til sem knýjandi, skulu ekki undir neinum kringumstæðum skrifast á reikning samningsyfirvalds.

3. Nota má samningskaup án undangenginnar auglýsingar að því er varðar opinbera vörusamninga:

a) þegar um er að ræða vörur sem eru eingöngu framleiddar vegna rannsókna, tilrauna, athugana eða þróunar; samningar sem gerðir eru samkvæmt þessum lið taka hins vegar ekki til fjöldaframleiðslu sem er ætlað að skila hagnaði eða mæta kostnaði vegna rannsóknar- og þróunarverkefna,

b) þegar um er að ræða viðbótarvörur frá upphaflegum birgi sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta í stað birgða eða búnaðar eða eru viðbót við birgðir eða búnað og val á nýjum birgi myndi skuldbinda samningsyfirvald til að kaupa vörur sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og leiddu því til ósamhæfis eða óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald; slíkir samningar, svo og endurnýjaðir samningar, skulu að jafnaði ekki gilda lengur en í þrjú ár,

- c) þegar um er að ræða vörur sem eru skráðar og keyptar á vörumarkaði,
- d) þegar um er að ræða kaup á vörum eða þjónustu á sérlega góðum kjörum, annaðhvort hjá birgi sem er að hætta starfsemi sinni eða skiptastjóra við gjaldþrotaskipti, nauðasamninga eða svipaða málsmeðferð samkvæmt innlendum lögum eða reglum.

4. Samningskaup án undangenginnar auglýsingar má nota að því er varðar opinbera þjónustusamninga, þegar viðkomandi samningur er gerður að lokinni hönnunarsamkeppni sem haldin er í samræmi við þessa tilskipun og hann á að gera, skv. reglum hönnunarsamkeppninnar, við sigurvegarann eða einn sigurvegaranna í keppninni; í síðarnefnda tilvikinu verður að bjóða öllum sigurvegurum að taka þátt í samningsviðræðum.

5. Samningskaup án undangenginnar auglýsingar má nota þegar um er að ræða nýtt verk eða þjónustu sem felur í sér endurtekningu á svipuðu verki eða þjónustu og sama samningsyfirvald samdi upphaflega um við sama rekstraraðila, að því tilskildu að slíkt verk eða þjónusta sé í samræmi við grunnverkefnið sem upphaflegi samningurinn var gerður um á grundvelli útbóðs í samræmi við 1. mgr. 26. gr. Grunnverkefnið skal gefa til kynna umfang hugsanlegra frekari verka eða þjónustu og skilmála fyrir veitingu þeirra.

Þegar fyrra verkefnið er boðið út skal taka fram að þessari aðferð kunni að verða beitt og samningsyfirvöld skulu taka tillit til áætlaðs heildarkostnaðar síðari verka eða þjónustu þegar þau beita ákvæðum 4. gr. Þessari aðferð má aðeins beita innan þriggja ára frá gerð upphaflega samningsins.

## II. KAFLI

### *Tækni og aðferðir við rafræn innkaup og hópinnkaup*

#### 33. gr.

#### **Rammasamningar**

1. Samningsyfirvöldum er heimilt að gera rammasamninga að því tilskildu að þau beiti þeim aðferðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

Rammasamningur er samningur eins eða fleiri samningsyfirvalda við einn eða fleiri rekstraraðila sem er gerður í þeim tilgangi að ákveða skilmála samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili, einkum að því er varðar verð og, ef við á, fyrirhugað magn.

Gildistími rammasamnings má ekki vera lengri en fjögur ár nema í undantekningartilvikum sem eiga sér m.a. gilda stoð í efni rammasamningsins.

2. Samningar, sem eru byggðir á rammasamningi, skulu gerðir í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein og í 3. og 4. mgr.

Einungis má beita þessum aðferðum í samningum á milli þeirra samningsyfirvalda sem eru skýrt tilgreind í þessu skyni í útbóðsauglýsingunni eða boðinu um að staðfesta áhuga og þeirra rekstraraðila sem eru aðilar að rammasamningnum eins og hann var gerður.

Samningar sem gerðir eru á grundvelli rammasamnings mega undir engum kringumstæðum fela í sér verulegar breytingar á skilmálunum, sem mælt er fyrir um í þeim rammasamningi, og alls ekki í því tilviki sem um getur í 3. mgr.

3. Ef rammasamningur er gerður við einn rekstraraðila skulu samningar, sem eru byggðir á þeim samningi, gerðir innan ramma þeirra skilmála sem mælt er fyrir um í rammasamningnum.

Við gerð slíkra samninga geta samningsyfirvöld ráðfært sig skriflega við rekstraraðila rammasamningsins og óskað eftir viðbótum við tilboð hans ef þörf krefur.

4. Ef rammasamningur er gerður við fleiri en einn rekstraraðila skal hann framkvæmdur á einhvern þann hátt sem hér segir:

a) í samræmi við skilyrði og skilmála rammasamningsins, án þess að efnt sé á ný til samkeppni, þegar þar koma fram allir

skilmálar um viðkomandi verk, þjónustu og vörur sem láta á í té, og hlutlæg skilyrði til að ákvarða hver af rekstraraðilunum, sem eru aðilar að rammasamningnum, skuli annast það; síðarnefndu skilyrðin skulu koma fram í útboðsgögnum fyrir rammasamninginn,

- b) ef mælt er í rammasamningnum fyrir um alla skilmála varðandi viðkomandi verk, þjónustu og vörur sem láta á í té, að hluta án þess að efnt sé á ný til samkeppni í samræmi við a-lið og að hluta með því að efna á ný til samkeppni meðal aðila að rammasamningnum í samræmi við c-lið, hafi samningsyfirvöld mælt fyrir um þann möguleika í útboðsgögnum fyrir rammasamninginn. Beita skal hlutlægum viðmiðunum, sem mælt er fyrir um í útboðsgögnum rammasamningsins, til að ákveða hvort kaupa skuli tiltekin verk, vörur eða þjónustu á grundvelli nýrrar samkeppni eða beint, samkvæmt þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í rammasamningnum. Í útboðsgögnunum skal einnig koma fram hvaða skilmálar geta orðið tilefni þess að efnt er á ný til samkeppni.

Möguleikarnir, sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein þessa liðar skulu einnig eiga við um hvern þann samningshluta rammasamningsins, þar sem mælt hefur verið fyrir um alla skilmála viðkomandi verks, þjónustu og vara í rammasamningnum, án tillits til þess hvort mælt hafi verið fyrir um alla skilmála viðkomandi verka, þjónustu og vara sem heyra undir aðra samningshluta,

- c) ef ekki hefur verið mælt fyrir um alla skilmála verka, þjónustu og vara í rammasamningnum, með því að efna á ný til samkeppni meðal aðila að rammasamningnum.

5. Boðin sem um getur í b- og c-lið 4. mgr. skulu byggjast á sömu skilmálum og beitt var við gerð rammasamningsins og, þar sem þörf er á, skýrari skilmálum, og, eftir atvikum, á grundvelli annarra skilyrða sem um getur í útboðsskilmálum rammasamningsins í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a) við gerð hvers samnings skulu samningsyfirvöld ráðfæra sig skriflega við þá rekstraraðila sem hafa burði til að framkvæma samninginn,
- b) samningsyfirvöld skulu ákveða tilboðsfrest sem er hæfilega langur til að bjóðendur geti lagt fram tilboð vegna hvers einstaks samnings, að teknu tilliti til þess hve flókið efni samningsins er, hve langan tíma það tekur að leggja fram tilboð og annarra slíkra þátta,
- c) tilboð skulu vera skrifleg og skulu ekki opnuð fyrr en tilgreindur frestur til að svara þeim er útrunninn,
- d) samningsyfirvöld skulu gera samning við þann bjóðanda sem leggur fram besta tilboðið á grundvelli þeirra valforsendna sem koma fram í útboðsgögnum rammasamningsins.

#### 34. gr.

##### **Gagnvirk innkaupakerfi**

1. Samningsyfirvöldum er heimilt að nýta sér gagnvirk innkaupakerfi við algeng innkaup sem almennt er mögulegt að gera á almennum markaði þannig að kröfum kaupanda sé fullnægt. Gagnvirkt innkaupakerfi skal vera fyllilega rafrænt ferli og skal allan gildistíma innkaupakerfisins vera opið hverjum þeim rekstraraðila sem uppfyllir hæfiskröfur. Því má skipta niður í flokka vara, verka og þjónustu sem eru hlutlægt skilgreind á grundvelli eiginleika þeirra innkaupa sem gera á innan viðkomandi flokks. Slíkir eiginleikar geta verið tilvísanir til mestu leyfilegu stærðar samninga sem af þessu leiðir eða til tiltekins landsvæðis þar sem tilteknir samningar, sem af þessu leiðir, verða framkvæmdir.

2. Til þess að framkvæma innkaup innan ramma gagnvirkis innkaupakerfis skulu samningsyfirvöld fylgja reglum lokaðs útboðs. Allir umsækjendur sem uppfylla hæfiskröfur skulu hafa aðgang að kerfinu og ekki skal takmarka fjölda umsækjenda sem veittur er aðgangur að kerfinu í samræmi við 65. gr. Þegar samningsyfirvöld hafa skipt kerfinu í flokka vara, verka eða þjónustu í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skulu þau tilgreina gildandi valforsendur fyrir hvern flokk.

Þrátt fyrir 28. gr. skulu eftirfarandi frestir gilda:

- a) frestur til að taka við þátttökutilkynningum skal vera að lágmarki 30 dagar frá sendingardegi útboðstilkynningar eða, ef kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga er sent. Engir frekari frestir til að taka við þátttökutilkynningum skulu gefnir eftir að boð um að leggja fram tilboð í fyrsta einstaka útboðinu innan gagnvirkra innkaupakerfisins hefur verið sent,
- b) frestur til að taka við tilboðum skal vera að lágmarki 10 dagar frá sendingardegi boðs um að leggja fram tilboð. Ákvæði 4. mgr. 28. gr. gilda, eftir því sem við á. Ákvæði 3. og 5. mgr. 28. gr. gilda ekki.

3. Öll samskipti innan ramma gagnvirks innkaupakerfis skulu einungis fara fram með rafrænum aðferðum í samræmi við 1., 3., 5. og 6. mgr. 22. gr.
4. Þegar gagnvirku innkaupakerfi er komið á fót skulu samningsyfirvöld:
  - a) birta útboðsauglýsingu þar sem skýrt er tekið fram að um gagnvirkt innkaupakerfi sé að ræða,
  - b) tilgreina í útboðsgögnum a.m.k. hvers konar innkaup séu fyrirhuguð samkvæmt þessu innkaupakerfi og í hvaða magni og einnig allar nauðsynlegar upplýsingar um kerfið, m.a. hvernig það starfar, rafeindabúnaðinn sem er notaður og tæknilegt fyrirkomulag og forskriftir varðandi tengingar við kerfið,
  - c) tilgreina hvers konar skiptingu í flokka vara, verka eða þjónustu og þá eiginleika sem skilgreina þá,
  - d) bjóða ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang, svo lengi sem kerfið er í gildi, að útboðsgögnum í samræmi við 53. gr.
5. Samningsyfirvöld skulu, á öllum gildistíma gagnvirka innkaupakerfisins, gefa sérhverjum rekstraraðila kost á því að leggja fram þátttökutilkynningu og fá aðgang að kerfinu með þeim skilyrðum sem um getur í 2. mgr. Samningsyfirvöld skulu ljúka mati sínu á slíkum tilkynningum í samræmi við hæfiskröfur innan 10 virkra daga frá viðtöku þeirra. Í einstökum rökstuddum tilvikum má lengja frestinn í 15 virka daga, einkum ef þarf að kanna viðbótargögn eða sannreyna á annan hátt hvort hæfiskröfur séu uppfylltar.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein og svo lengi sem boð um að leggja fram tilboð vegna fyrstu einstöku innkaupanna innan gagnvirka innkaupakerfisins hefur ekki verið sent, er samningsyfirvöldum heimilt að framlengja matsfrestinn að því tilskildu að ekkert boð um að leggja fram tilboð sé sent út meðan á framlengda frestinum stendur. Samningsyfirvöld skulu tilgreina í útboðsgögnum lengd framlengds frests sem þau hyggjast beita.

Samningsyfirvöld skulu upplýsa viðkomandi rekstraraðila, eins fljótt og unnt er, um það hvort hann hafi fengið aðgang að gagnvirka innkaupakerfinu eða ekki.

6. Samningsyfirvöld skulu bjóða öllum þátttakendum, sem hafa fengið aðgang að kerfinu, að leggja fram tilboð fyrir hver einstök innkaup sem gera á innan gagnvirka innkaupakerfisins, í samræmi við 54. gr. Hafi gagnvirka innkaupakerfinu verið skipt niður í flokka verka, vara eða þjónustu skulu samningsyfirvöld bjóða öllum þátttakendum, sem fengið hafa aðgang að þeim flokki sem svarar til hinna tilteknu innkaupa, að leggja fram tilboð.

Þau skulu gera samning við þann bjóðanda sem leggur fram besta tilboðið á grundvelli valforsendna, sem settar eru fram í útboðstilkynningunni fyrir gagnvirka innkaupakerfið eða, ef kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, í boðinu um að staðfesta áhuga. Þessar forsendur má skilgreina nánar, eftir því sem við á, í boðinu um að leggja fram tilboð.

7. Samningsyfirvöldum er heimilt, hvenær sem er á gildistíma gagnvirka innkaupakerfisins, að krefjast þess að þátttakendur, sem fengið hafa aðgang að kerfinu, leggi fram endurnýjaða og uppfærða eigin yfirlýsingu, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 59. gr., innan fimm virkra daga frá þeim degi þegar beiðni um það var lögð fram.

Ákvæði 4.–6. mgr. 59. gr. skulu gilda á öllum gildistíma gagnvirks innkaupakerfis.

8. Samningsyfirvöld skulu tilgreina gildistíma gagnvirks innkaupakerfis í útboðsauglýsingu. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers konar breytingu á gildistíma með eftirtöldum stöðluðum eyðublaðum:

- a) ef gildistímanum er breytt án þess að bundinn sé endi á kerfið, með því eyðublaði sem upphaflega er notað fyrir útboðsauglýsingu fyrir gagnvirka innkaupakerfið,
- b) ef bundinn er endi á kerfið, með tilkynningu um gerð samnings sem um getur í 50. gr.

9. Ekki má leggja nein gjöld á rekstraraðila sem eru áhugasamir um eða sem eiga aðild að gagnvirka innkaupakerfinu fyrir eða meðan á gildistíma kerfisins stendur.

35. gr.

#### **Rafræn uppboð**

1. Samningsyfirvöldum er heimilt að nota rafræn uppboð þar sem nýtt og lægra verð og/eða nýtt verðgildi tiltekinna þátta í tilboðum er sett fram með rafrænum hætti.



Í þessu skyni skulu samningsyfirvöld skipuleggja rafræna uppboðið sem endurtekið rafrænt ferli sem hefst eftir að full afstaða hefur verið tekin til tilboðanna í upphafi og gerir mögulegt að flokka þau með sjálfvirkum matsaðferðum.

Ekki skal bjóða upp með rafrænum aðferðum tiltekna opinbera þjónustusamninga og verksamninga, sem fela í sér framkvæmd á sviði hugverka, s.s. hönnun verka, sem ekki er hægt að meta með sjálfvirkum matsaðferðum.

2. Þegar um er að ræða almenn eða lokuð útbod eða samkeppnisútbod með samningsviðræðum geta samningsyfirvöld ákveðið að samningur skuli gerður að undangengnu rafrænu uppboði þegar unnt er að ákvarða efni útbodsgagna, einkum tækniforskriftir, af nákvæmni. Við sömu aðstæður er heimilt að halda rafrænt uppboð þegar efnt er á ný til samkeppni meðal aðila að rammasamningi, eins og kveðið er á um í b- eða c-lið 4. mgr. 33. gr., og í útbodum þar sem gera á samning samkvæmt gagnvirka innkaupakerfinu sem um getur í 34. gr.

3. Rafrænt uppboð skal grundvallast á einum af eftirfarandi þáttum tilboða:

- a) eingöngu á verði, ef samningur er gerður á grundvelli lægsta verðs, eða
- b) á verði og/eða nýju verðgildi tilboðspátta í útbodsgögnum, ef samningur er gerður á grundvelli besta hlutfalls milli verðs og gæða eða þess tilboðs sem hefur í för með sér minnstan kostnað á grundvelli nálgunar sem byggist á kostnaðarhagkvæmni.

4. Samningsyfirvöld, sem ákveða að halda rafrænt uppboð, skulu geta þess í útbodstilkynningu eða boði um að staðfesta áhuga. Í útbodsgögnum skulu koma fram a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í VI. viðauka.

5. Áður en rafrænt uppboð hefst skulu samningsyfirvöld leggja fullt, fyrsta mat á tilboðin í samræmi við forsendu eða forsendur fyrir vali tilboðs og það vægi sem er ákveðið fyrir þær.

Tilboð skal teljast tækt ef það hefur verið lagt fram af bjóðanda sem ekki hefur verið útilokaður í samræmi við 57. gr. og sem uppfyllir hæfiskröfur, ef tilboðið er í samræmi við tækniforskriftir án þess að vera ógilt, eða uppfylla ekki skilmála innkaupaferlis eða vera ófullnægjandi.

Tilboð skulu teljast ógild ef þau eru ekki í samræmi við útbodsgögn, berast of seint, ef sönnun er fyrir leynilegu samráði eða spillingu eða ef samningsyfirvöld telja að þau séu óeðlilega lág. Tilboð skulu ekki teljast uppfylla skilmála innkaupaferlis ef þau eru lögð fram af bjóðendum sem ekki hafa til að bera nauðsynlega menntun og hæfi og bjóðendum sem bjóða herra verð en fjárheimildir samningsyfirvalds leyfa, eins og þær voru ákveðnar og skráðar áður en innkaupaferlið hófst.

Tilboð skal ekki talið fullnægjandi þegar það hefur ekki tengsl við samninginn og dugir bersýnilega ekki, án verulegra breytinga, til að mæta þörfum samningsyfirvaldsins og kröfum eins og þær eru tilgreindar í útbodsgögnum. Þátttökutilkynning telst ekki fullnægjandi ef viðkomandi rekstraraðili er eða gæti verið útilokaður skv. 57. gr. eða ef hann uppfyllir ekki hæfiskröfur samningsyfirvaldsins skv. 58. gr.

Öllum bjóðendum, sem hafa lagt fram tæk tilboð, skal samtímis boðið að taka þátt í rafrænu uppboði og nota til þess, frá og með tilteknum degi og tíma, tengingar í samræmi við leiðbeiningar sem settar eru fram í boðinu. Rafræna uppboðinu má skipta í nokkra áfanga sem fara fram hver á fætur öðrum. Rafræna uppboðið skal ekki hefjast fyrr en tveimur virkum dögum eftir að boðin eru send út.

6. Boðinu skulu fylgja niðurstöður úr fullu mati á viðkomandi tilboði, sem fer fram í samræmi við það vægi sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 5. mgr. 67. gr.

Í boðinu skal einnig koma fram hvaða reiknilíkan á að nota í rafræna uppboðinu til að ákvarða sjálfkrafa endurröðun tilboða á grundvelli nýs verðs og/eða verðgildis. Í öðrum tilvikum en þeim þar sem fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið er ákvarðað eingöngu á grundvelli verðs skal þetta líkan taka til vægis allra forsendna sem eru settar til að ákvarða fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið, eins og tilgreint er í útbodstilkynningunni eða í öðrum útbodsgögnum. Í því augnamiði skulu þó hugsanleg vikmörk skilgreind fyrir fram sem föst gildi.

Ef frávikstilboð eru heimil skal setja fram sérstakt reiknilíkan fyrir hvert frávik.

7. Í hverjum áfanga rafræns uppboðs skulu samningsyfirvöld þegar í stað láta öllum bjóðendum í té a.m.k. nægilegar upplýsingar til að þeir hafi vitneskju um stöðu sína í röðinni hverju sinni. Þau geta einnig, hafi það verið tekið fram fyrir fram, veitt aðrar upplýsingar um önnur atriði varðandi verð eða verðgildi, sem hafa verið sett fram. Þau geta

einnig, hvenær sem er, tilkynnt um fjölda bjóðenda í viðkomandi áfanga uppboðs. Þeim er þó aldrei heimilt að upplýsa um nafn bjóðenda á neinu stigi rafræns uppboðs.

8. Samningsyfirvöld skulu loka rafrænu uppboði með einhverju af eftirfarandi:

- a) á fyrirfram tilgreindum degi og tíma,
- b) þegar ekki berst lengur nýtt verð eða verðgildi sem uppfyllir kröfur um lágmarksmun, að því tilskildu að þau hafi þegar tiltekið hversu langur tími verður látinn líða frá því að tekið er á móti síðasta tilboði og þar til rafræna uppboðinu er lokað, eða
- c) þegar þeim fjölda áfanga uppboðs, sem áður hafa verið tilteknir, er lokið.

Þegar samningsyfirvöld ætla að loka rafrænu uppboði í samræmi við c-lið fyrstu undirgreinar, og hugsanlega einnig samkvæmt þeirri aðferð sem mælt er fyrir um í b-lið, skal tímaáætlun fyrir hvern áfanga uppboðsins koma fram í boði um að taka þátt í uppboðinu.

9. Þegar rafrænu uppboði hefur verið lokað skulu samningsyfirvöld gera samning í samræmi við 67. gr. á grundvelli niðurstaðna úr rafræna uppboðinu.

36. gr.

#### **Rafrænir vörulistar**

1. Þar sem rafrænna samskiptaáðferða er krafist geta samningsyfirvöld farið fram á að tilboð séu lögð fram í formi rafræns vörulista eða að því fylgi rafrænn vörulisti.

Aðildarríkin geta gert notkun rafrænna vörulista skyldubundna í tengslum við tilteknar tegundir innkaupa.

Tilboðum, sem lögð eru fram í formi rafræns vörulista, mega fylgja önnur skjöl til að fullgera tilboðið.

2. Umsækjendur eða bjóðendur skulu útbúa rafræna vörulista til að taka þátt í tilteknu innkaupaferli í samræmi við þær tækniforskriftir og með því sniði sem samningsyfirvaldið ákveður.

Rafrænir vörulistar skulu enn fremur vera í samræmi við kröfur um rafræn samskiptatæki, sem og hverjar þær viðbótarkröfur aðrar sem samningsyfirvald setur í samræmi við 22. gr.

3. Ef framlagning tilboða í formi rafrænna vörulista er viðurkennd eða hennar er krafist skulu samningsyfirvöld:

- a) tiltaka það í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga ef kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð,
- b) tiltaka í útboðsgögnum allar nauðsynlegar upplýsingar skv. 6. mgr. 22. gr. varðandi snið, rafeindabúnaðinn sem er notaður og tæknilegt fyrirkomulag og forskriftir varðandi tengingar við vörulistann.

4. Þegar rammasamningur hefur verið gerður við fleiri en einn rekstraraðila eftir að lögð hafa verið fram tilboð í formi rafrænna vörulista, geta samningsyfirvöld kveðið á um að efnt sé á ný til samkeppni vegna tiltekinna samninga á grundvelli uppfærðra vörulista. Í slíku tilviki skulu samningsyfirvöld beita einni af eftirtöldum aðferðum:

- a) bjóða bjóðendum að leggja fram rafræna vörulista sína að nýju eftir að hafa lagað þá að kröfum viðkomandi samnings eða
  - b) tilkynna bjóðendum að þau hafi í hyggju að safna, úr þeim rafrænu vörulistum sem þegar hafa verið lagðir fram, nauðsynlegum upplýsingum til að setja saman tilboð sem lögð eru að kröfum viðkomandi samnings; að því tilskildu að tilkynnt hafi verið um notkun þessarar aðferðar í útboðsgögnum fyrir rammasamninginn.
5. Þegar samningsyfirvöld efna á ný til samkeppni vegna tiltekinna samninga í samræmi við b-lið 4. mgr. skulu þau láta bjóðendur vita hvaða dag og á hvaða tíma þau hyggjast safna saman nauðsynlegum upplýsingum til að setja saman tilboð sem lögð eru að kröfum hins tiltekna samnings sem um ræðir og gefa bjóðendum möguleika á að hafna slíkri söfnun upplýsinga.

Samningsyfirvöld skulu leyfa hæfilegum tíma að líða á milli tilkynningarinnar og upplýsingasöfnunarinnar.

Áður en samningur er gerður skulu samningsyfirvöld kynna viðkomandi þjóðanda þær upplýsingar, sem safnað var, og gefa honum tækifæri til að andmæla eða staðfesta að tilboðið, sem þannig er saman sett, innihaldi engar efnislegar skekkjur.

6. Samningsyfirvöld geta gert samninga á grundvelli gagnvirs innkaupakerfis þar sem þess er krafist að tilboð vegna tiltekins samnings séu lögð fram í formi rafræns vörulista.

Samningsyfirvöld geta einnig gert samninga á grundvelli gagnvirs innkaupakerfis í samræmi við b-lið 4. mgr. og 5. mgr. að því tilskildu að tilkynningu um þátttöku í gagnvirka innkaupakerfinu fylgi rafrænn vörulisti í samræmi við þær tækniforskriftir og með því sniði sem samningsyfirvaldið ákveður. Umsækjendur fullgera þann vörulista í framhaldinu þegar þeim er tilkynnt um þá fyrirætlan samningsyfirvaldsins að setja saman tilboð með aðferðinni sem sett er fram í b-lið 4. mgr.

37. gr.

#### **Miðstýrð innkaupastarfsemi og miðlægar innkaupastofnanir**

1. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsyfirvöldum sé heimilt að kaupa vörur og/eða þjónustu frá miðlægrri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi eins og um getur í a-lið 14. liðar 1. mgr. 2. gr.

Aðildarríkin geta einnig kveðið á um að samningsyfirvöldum sé heimilt að kaupa verk, vörur og þjónustu með samningum sem miðlæg innkaupastofnun gerir, með notkun gagnvirkra innkaupakerfa sem starfrækt eru af miðlægrri innkaupastofnun eða, að því marki sem sett er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 33. gr., með rammamningi gerðum af miðlægrri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi eins og um getur í b-lið 14. liðar 1. mgr. 2. gr. Þegar önnur samningsyfirvöld mega nota gagnvirkt innkaupakerfi sem miðlæg innkaupastofnun starfrækir skal það tekið fram í útboðsauglýsingunni sem kemur gagnvirka innkaupakerfinu á fót.

Í tengslum við fyrstu og aðra undirgrein geta aðildarríkin kveðið á um að tiltekin innkaup skuli fara fram í gegnum miðlægar innkaupastofnanir eða eina eða fleiri tilteknar miðlægar innkaupastofnanir.

2. Samningsyfirvald uppfyllir skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun ef það kaupir vörur eða þjónustu frá miðlægrri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi eins og um getur í a-lið 14. liðar 1. mgr. 2. gr.

Ennfremur uppfyllir samningsyfirvald skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun ef það kaupir verk, vörur eða þjónustu með samningum sem miðlæg innkaupastofnun gerir, með notkun gagnvirkra innkaupakerfa sem starfrækt eru af miðlægrri innkaupastofnun eða, að því marki sem sett er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 33. gr., með rammamningi gerðum af miðlægrri innkaupastofnun sem býður miðstýrða innkaupastarfsemi sem um getur í b-lið 14. liðar 1. mgr. 2. gr.

Hins vegar skal viðkomandi samningsyfirvald bera sjálft ábyrgð á því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar þá hluta sem það framkvæmir sjálft, s.s.:

- a) gerð samnings innan ramma gagnvirs innkaupakerfis sem starfrækt er af miðlægrri innkaupastofnun,
- b) nýja samkeppni innan rammamnings sem miðlæg innkaupastofnun hefur gert,
- c) að ákvarða, skv. a- eða b-lið 4. mgr. 33. gr., hver rekstraraðila, sem eiga aðild að rammamningi, skuli framkvæma tiltekið verkefni samkvæmt rammamningi sem miðlæg innkaupastofnun hefur gert.

3. Öll innkaupaferli, sem miðlæg innkaupastofnun stýrir, skulu fara fram með rafrænum samskiptaadferðum í samræmi við kröfur 22. gr.

4. Samningsyfirvöldum er heimilt, án þess að beita aðferðum þessarar tilskipunar, að gera opinberan þjónustusamning við miðlæga innkaupastofnun um að inna af hendi miðstýrða innkaupastarfsemi.

Slíkir opinberir þjónustusamningar geta einnig tekið til stoðstarfsemi við innkaup.

38. gr.

#### **Tilfallandi sameiginleg innkaup**

1. Tvö eða fleiri samningsyfirvöld geta ákveðið að gera tiltekin, einstök innkaup sameiginlega.

2. Fari innkaupaferli í heild sinni fram sameiginlega í nafni og fyrir hönd allra samningsyfivalda sem í hlut eiga, skulu þau vera sameiginlega ábyrg fyrir því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun. Þetta á einnig við í tilvikum þar sem eitt samningsyfivald annast ferlið og kemur fram fyrir eigin hönd og annarra samningsyfivalda sem hlut eiga að máli.

Ef innkaupaferli fer ekki í heild sinni fram í nafni og fyrir hönd samningsyfivalda sem í hlut eiga, skulu þau einungis vera sameiginlega ábyrg fyrir þeim hlutum sem þau framkvæma sameiginlega. Sérhvert samningsyfivald skal einungis bera ábyrgð á að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar þá hluta sem það framkvæmir í eigin nafni og fyrir sína hönd.

39. gr.

#### **Innkaup samningsyfivalda frá mismunandi aðildarríkjum**

1. Með fyrirvara um 12. gr. geta samningsyfivöld frá mismunandi aðildarríkjum gert sameiginlega opinbera samninga með einhverri af þeim aðferðum sem kveðið er á um í þessari grein.

Samningsyfivöld skulu ekki nota þær aðferðir, sem kveðið er á um í þessari grein, til að komast hjá beitingu ófrávikjanlegra ákvæða opinbers réttar, sem eru í samræmi við lög Sambandsins og sem þau heyra undir í aðildarríki sínu.

2. Aðildarríki skal ekki meina samningsyfivöldum sínum að nota sér miðstýrða innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar sem staðsett er í öðru aðildarríki.

Að því er varðar miðstýrða innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar, sem staðsett í öðru aðildarríki en samningsyfivaldið, geta aðildarríkin þó kosið að kveða á um að samningsyfivöld þeirra megi einungis nota sér miðstýrða innkaupastarfsemi eins og hún er skilgreind annað hvort í a-lið eða b-lið 14. liðar 1. mgr. 2. gr.

3. Miðstýrð innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar, sem er staðsett í öðru aðildarríki, skal fara fram í samræmi við landsákvæði aðildarríkisins þar sem miðlæga innkaupastofnunin er staðsett.

Landsákvæði aðildarríkisins, þar sem miðlæga innkaupastofnunin er staðsett, skulu einnig gilda um eftirfarandi:

- a) gerð samnings innan ramma gagnvirks innkaupakerfis,
- b) nýja samkeppni innan rammasamnings,
- c) ákvarðanatöku, skv. a- eða b-lið 4. mgr. 33. gr., um það hver rekstraraðila, sem eiga aðild að rammasamningi, skuli framkvæma tiltekið verkefni.
4. Fleiri en einu samningsyfivaldi frá mismunandi aðildarríkjum er heimilt að gera sameiginlega opinberan samning, rammasamning eða starfrækja sameiginlega gagnvirkt innkaupakerfi. Þau mega einnig, að því marki sem fram kemur í annarri undirgrein 2. mgr. 33. gr., gera samninga á grundvelli rammasamningsins eða gagnvirka innkaupakerfisins. Ef ekki er kveðið á um nauðsynleg atriði í alþjóðasamningi milli þeirra aðildarríkja sem í hlut eiga skulu samningsyfivöldin, sem taka þátt, gera með sér samning þar sem eftirfarandi er ákvarðað:

- a) ábyrgðarsvið aðilanna og viðeigandi gild landsákvæði,
- b) innra skipulag innkaupaferlisins, þ.m.t. stjórnun ferlisins, skipting verka, vara eða þjónustu sem kaupa á og samningagerð.

Samningsyfivald, sem tekur þátt, uppfyllir skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun ef það kaupir verk, vörur eða þjónustu af samningsyfivaldinu sem ber ábyrgð á innkaupaferlinu. Þegar ákvörðuð eru ábyrgðarsvið og gildandi landsákvæði, eins og um getur í a-lið, geta samningsyfivöld, sem taka þátt, skipt með sér sérstökum ábyrgðarsviðum og ákvarðað gildandi ákvæði landslaga í hverju og einu aðildarríkja sinna. Skipting ábyrgðarsviða og gildandi landslög skulu koma fram í útboðsgögnum fyrir opinbera samninga sem gerðir eru sameiginlega.

5. Þegar fleiri en eitt samningsyfivald frá mismunandi aðildarríkjum hafa sett á fót sameiginlega einingu, þ.m.t. Evrópuhóp um svæðasamvinnu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1082/2006 <sup>(30)</sup> eða aðrar einingar sem stofnaðir eru að lögum Sambandsins, skulu samningsyfivöldin sem taka þátt, með ákvörðun þar til bærð aðila hinnar sameiginlegu einingar, komast að samkomulagi um að landsreglur um innkaup í einu af eftirfarandi aðildarríkjum gildi:

- a) landsákvæði þess aðildarríkis þar sem hin sameiginlega eining hefur skráða skrifstofu,

<sup>(30)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1082/2006 frá 5. júlí 2006 um Evrópuhóp um svæðasamvinnu (Stjóð. L 210, 31.7.2006, bls. 19).

b) landsákvæði þess aðildarríkis þar sem hin sameiginlega eining stundar starfsemi sína. Samkomulagið sem um getur í fyrstu undirgrein getur annað hvort gilt um óákveðinn tíma, ef það er ákveðið í stofnskrá sameiginlegu einingarinnar, eða takmarkast við tiltekið tímabil, tiltekna tegundir samninga eða gerð eins eða fleiri stakra samninga.

### III. KAFLI

#### Frankvæmd útboðs

##### 1. þáttur

#### Undirbúningur

40. gr.

#### Undanfarandi markaðskannanir

Áður en ráðist er í innkaupaferli er samningsyfirvöldum heimilt að gera markaðskannanir til að undirbúa innkaupin og upplýsa rekstraraðila um áform sín um innkaup og kröfur varðandi þau.

Í þessu skyni geta samningsyfirvöld t.d. leitað ráða eða þegið ráð frá sjálfstæðum sérfræðingum eða yfirvöldum eða frá markaðsaðilum. Þá ráðgjöf má nota við skipulagningu og framkvæmd innkaupaferlisins, að því tilskildu að hún hafi ekki þau áhrif að raska samkeppni og leiði ekki til brota á meginreglunum um gagnsæi og bann við mismunun.

41. gr.

#### Fyrri aðkoma umsækjenda eða bjóðenda

Þegar umsækjandi eða bjóðandi, eða fyrirtæki sem tengist umsækjanda eða bjóðanda, hefur veitt samningsyfirvaldi ráðgjöf, hvort sem er í tengslum við 40. gr. eða ekki, eða hefur á annan hátt komið að undirbúningi innkaupaferlis, skal samningsyfirvaldið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þátttaka þess umsækjanda eða bjóðanda verði ekki til þess að samkeppni sé raskað.

Slíkar ráðstafanir skulu m.a. felast í því að láta öðrum umsækjendum og bjóðendum í té upplýsingar sem máli skipta og sem skipst var á í tengslum við eða sem leiddi af aðkomu umsækjandans eða bjóðandans í undirbúningi innkaupaferlisins og í setningu hæfilegs frests til að taka við tilboðum. Aðeins skal útiloka hlutaðeigandi umsækjanda eða bjóðanda frá ferlinu ef ekki er með neinu öðru móti hægt að tryggja að virt sé sú skylda að uppfylla meginregluna um jafna meðferð.

Áður en gripið er til slíkrar útilokunar skal umsækjendum eða bjóðendum gefið færi á að sýna fram á að aðkoma þeirra að undirbúningi innkaupaferlisins geti ekki raskað samkeppni. Ráðstafanirnar, sem gripið er til, skulu skráðar í stöku skýrsluna sem krafist er í 84. gr.

42. gr.

#### Tækniforskriftir

1. Tækniforskriftir, eins og þær eru skilgreindar í 1. lið VII. viðauka, skulu koma fram í útboðsgögnum. Í tækniforskrift skal tilgreina þá eiginleika sem krafist er að verk, þjónusta eða vara hafi til að bera.

Þessir eiginleikar geta einnig vísað til sérstaks ferlis eða aðferðar við framleiðslu eða afhendingu viðkomandi verka, vara eða þjónustu eða til sérstaks ferlis á öðru stigi vistferils þeirra, jafnvel þótt slíkir þættir séu ekki hluti af þeim, að því tilskildu að þeir tengist efni samningsins og séu í réttu hlutfalli við verðgildi hans og markmið.

Í tækniforskriftum má einnig tilgreina hvort krafist verður yfirfærslu hugverkaréttinda.

Í öllum innkaupum sem ætluð eru til nota fyrir einstaklinga, hvort sem um er að ræða almenning eða starfsfólk samningsyfirvaldsins, skulu tækniforskriftir samdar þannig að tekið sé tillit til viðmiðana um aðgengi fyrir fatlaða eða hönnun fyrir alla notendur, nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

Hafi lögboðnar kröfur um aðgengi verið samþykktar með réttargerð Sambandsins skulu tækniforskriftir skilgreindar með tilvísun til þeirra að því er varðar viðmiðanir um aðgengi fyrir fatlaða eða hönnun fyrir alla notendur.

2. Tækniforskriftir skulu veita rekstraraðilum jafna aðgangsmöguleika að innkaupaferlinu og skulu ekki fela í sér tilfænislausar hindranir í vegi fyrir því að opinber innkaup séu opnuð fyrir samkeppni.

3. Með fyrirvara um lögboðnar, innlendar tæknireglur, svo fremi að þær samrýmist lögum Sambandsins, skulu tækniforskriftir settar fram með einhverjum þeim hætti sem hér segir:

- a) með lýsingu á frammistöðu eða virknikröfum, þ.m.t. umhverfiseiginleikar, að því tilskildu að breyturnar séu nægilega nákvæmar til að bjóðendur geti gert sér grein fyrir efni samningsins og samningsyfírvöld geti gert samning,
- b) með tilvísun til tækniforskrifta og, í eftirfarandi forgangs röð, til landsstaðla sem hafa verið settir til lögleiðingar Evrópustöðlum, evrópsks tæknimats, sameiginlegra tækniforskrifta, alþjóðlegra staðla, annarra tæknilegra tilvísunarkerfa sem evrópskar staðlastofnanir hafa komið á fót, eða, þegar ekkert af þessu er fyrir hendi, til landsstaðla, innlends tæknisamþykkis eða innlendra tækniforskrifta um hönnun, útreikning og framkvæmd verks og notkun vöru; orðalagið „eða jafngilt“ skal fylgja hverri tilvísun.
- c) með lýsingu á frammistöðu eða virknikröfum, eins og getið er um í a-lið, með tilvísun til tækniforskriftanna, sem getið er um í b-lið, til að sýna að reiknað sé með að slíkar kröfur um frammistöðu eða virkni hafi verið uppfylltar,
- d) með því að vísa til tækniforskriftanna, sem getið er um í b-lið, um tiltekna eiginleika og með því að vísa til frammistöðu eða virknikrafna, sem getið er um í a-lið, um aðra.

4. Tækniforskriftir skulu ekki vísa til sérstakrar tegundar eða uppruna eða tiltekins vinnsluferlis sem einkennir vörur eða þjónustu sem tiltekinn rekstraraðili veitir, né til vörumerkja, einkaleyfa, gerða eða sérstaks uppruna eða framleiðslu með þeim áhrifum að það styðji eða útiloki tiltekin fyrirtæki eða tilteknar vörur, sé það ekki réttlæt看legt af efni samningsins. Slík tilvísun skal leyfð í sérstökum undantekningartilvikum þegar nægileg nákvæm og skiljanleg lýsing á efni samningsins skv. 3. mgr. er ekki möguleg. Orðin „eða jafngilt“ skulu fylgja slíkri tilvísun.

5. Ef samningsyfírvald nýtir þann kost að vísa til tækniforskriftanna, sem um getur í b-lið 3. mgr., skal það ekki vísa frá tilboði af þeirri ástæðu að verkið, varan eða þjónustan, sem er boðin, sé í ósamræmi við tækniforskriftirnar, sem það vísaði til, ef bjóðandinn færir sönnur á það í tilboði sínu, með einhverjum viðeigandi hætti, þ.m.t. með þeim sönnunargögnum sem um getur í 44. gr., að lausnir þær sem hann leggur til uppfylli kröfurnar sem eru ákvarðaðar í tækniforskriftunum með jafngildum hætti.

6. Ef samningsyfírvald nýtir þann kost, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr., að setja fram tækniforskriftir með lýsingu á frammistöðu eða virknikröfum, skal það ekki vísa frá tilboði í verk, vörur eða þjónustu sem er í samræmi við landsstaðal til lögleiðingar Evrópustaðli, evrópskt tæknisamþykki, sameiginlega tækniforskrift, alþjóðlegan staðal eða tæknilegt tilvísunarkerfi sem evrópsk staðlastofnun hefur komið á fót ef þær forskriftir varða frammistöðuna eða virknikröfurnar sem yfirvaldið hefur mælt fyrir um.

Í tilboði sínu verður bjóðandi að sanna, með einhverjum viðeigandi hætti, þ.m.t. þeim sem um getur í 44. gr., að verkið, varan eða þjónustan, sem er í samræmi við staðalinn, uppfylli kröfur samningsyfírvaldsins um frammistöðu eða virkni.

43. gr.

#### **Merki**

1. Hafi samningsyfírvöld í hyggju að kaupa verk, vörur eða þjónustu sem hafa til að bera sérstaka umhverfislega, félagslega eða aðra eiginleika er þeim heimilt, í tækniforskriftum, forsendum fyrir vali tilboðs eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings, að krefjast sérstaks merkis sem sönnunargagns um að verkið, þjónustan eða varan svari til tilskilinna eiginleika, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) að kröfur sem liggja að baki merkinu varði einungis viðmiðanir sem tengjast efni samningsins og séu til þess fallnar að skilgreina eiginleika verka, vöru eða þjónustu sem samningurinn fjallar um,
- b) að kröfur sem liggja að baki merkinu byggja á hlutlægt sannprófanlegum viðmiðunum án mismununar,

- c) að merkjunum sé komið á fót með opinni og gagnsærri málsmeðferð sem allir hlutaðeigandi hagsmunaaðilar, þ.m.t. ríkisstofnanir, neytendur, aðilar vinnumarkaðarins, framleiðendur, dreifingaraðilar og frjáls félagasamtök geta tekið þátt í,
- d) að merkin séu aðgengileg öllum hlutaðeigandi aðilum.
- e) að kröfurnar, sem liggja að baki merkinu, séu settar af þriðja aðila sem rekstraraðilinn, sem sækir um merkið, hefur ekki afgerandi áhrif á.

Ef samningsyfirvöld krefjast þess ekki að verk, vara eða þjónusta uppfylli allar kröfur sem liggja að baki merkinu, skulu þau tiltaka til hvaða krafna þau vísa.

Samningsyfirvöldum, sem krefjast sérstaks merkis, ber að samþykkja öll merki sem staðfesta að verkið, varan eða þjónustan uppfylli jafngildar kröfur.

Hafi rekstraraðili bersýnilega ekki haft neinn möguleika á að afla sér þess tiltekna merkis, sem samningsyfirvald tilgreinir, eða jafngilds merkis, innan þess frests sem gefinn var, af ástæðum sem ekki verða raktar til rekstraraðilans, skal samningsyfirvald samþykkja önnur viðeigandi sönnunargögn, sem geta falist í tæknilegum málskjölum frá framleiðanda, að því tilskildu að viðkomandi rekstraraðili sýni fram á að verkið, varan eða þjónustan sem veita á, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hins tiltekna merkis eða hinar sérstöku kröfur sem samningsyfirvaldið tilgreinir.

2. Ef merki uppfyllir skilyrðin sem kveðið er á um í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr., en tekur einnig til krafna sem tengjast ekki efni samningsins, skulu samningsyfirvöld ekki krefjast merkisins sem slíks en mega skilgreina tækniforskrift með tilvísun til þeirra forskrifta merkisins eða, ef nauðsyn krefur, hluta þeirra, sem tengjast efni samningsins og eru til þess fallnar að skilgreina eiginleika þess.

44. gr.

#### **Prófunarskýrslur, vottun og önnur sönnunargögn**

1. Samningsyfirvöld geta krafist þess að rekstraraðilar leggi fram prófunarskýrslu frá samræmismatsstofu eða vottorð, sem slíkur aðili gefur út, sem sönnunargagn fyrir því að kröfur eða viðmiðanir, sem settar eru fram í tækniforskriftum, forsendum fyrir vali tilboðs eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings, séu uppfylltar.

Ef samningsyfirvöld krefjast þess að lögð séu fram vottorð, sem samin eru af sérstakri samræmismatsstofu, skulu þau einnig samþykkja vottorð frá öðrum jafngildum samræmismatsstofum.

Að því er varðar þessa málsgrein skal samræmismatsstofa vera stofnun sem annast samræmistat, þ.m.t. kvörðun, prófun, vottun og eftirlit, sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 <sup>(31)</sup>.

2. Samningsyfirvald skal samþykkja önnur viðeigandi sönnunargögn en þau sem um getur í 1. mgr., s.s. tæknileg málskjöl frá framleiðanda, ef viðkomandi rekstraraðili hafði ekki aðgang að þeim vottorðum eða prófunarskýrslum sem um getur í 1. mgr., eða engan möguleika á að afla þeirra innan þess frests sem gefinn var, að því tilskildu að ástæðu þess, að hann hafði ekki aðgang að þeim, megi ekki rekja til rekstraraðilans sjálfs og að því tilskildu að hann sýni með þeim fram á að verkið, varan eða þjónustan sem hann veitir uppfylli þær kröfur eða viðmiðanir sem settar eru fram í tækniforskriftum, forsendum fyrir vali tilboðs eða skilyrðum varðandi framkvæmd samnings.

3. Aðildarríkin skulu láta öðrum aðildarríkjum í té, að fenginni beiðni, hvers konar upplýsingar í tengslum við sannanir og skjöl sem lögð eru fram í samræmi við 42. gr. (6. mgr.), 43. gr og þessa grein (1. og 2. mgr.). Lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem rekstraraðili hefur staðfestu skulu láta þessar upplýsingar í té í samræmi við 86. gr.

45. gr.

#### **Frávikstilboð**

1. Samningsyfirvöld geta heimilað bjóðendum að leggja fram frávikstilboð eða krafist þess af þeim. Þau skulu geta þess í útboðstilkynningu eða, þar sem kynningartilkynning er notuð til að kynna útboð, í boði um að staðfesta áhuga hvort þau heimila eða krefjast frávikstilboða eða ekki. Sé það ekki gert eru frávikstilboð óheimil. Frávikstilboð skulu tengjast efni samningsins.

2. Samningsyfirvöld, sem heimila eða krefjast frávikstilboða, skulu í útboðsgögnum gera grein fyrir þeim lágmarkskröfum sem frávikstilboð þarf að uppfylla og öllum sérkröfum varðandi framlagningu þeirra, einkum hvort einungis sé heimilt að leggja fram frávikstilboð ef þegar hefur verið lagt fram tilboð sem ekki er frávikstilboð. Þau skulu

<sup>(31)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðssetningu í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Sjötti. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

einnig tryggja að þær forsendur fyrir vali tilboðs, sem ákveðnar eru, geti jafnt átt við um frávíkstilboð, sem uppfylla þessar lágmarkskröfur, sem og um tilboð sem uppfylla kröfur en eru ekki frávíkstilboð.

3. Einungis frávíkstilboð sem uppfylla lágmarkskröfur samningsyfirvalda, skulu tekin til greina.

Í útboðum vegna opinberra vöru- eða þjónustusamninga skulu samningsyfirvöld, sem hafa heimilað eða krafist frávíkstilboða, ekki vísa frávíkstilboði frá af þeirri ástæðu einni að ef það tilboð yrði fyrir valinu yrði annaðhvort gerður þjónustusamningur í stað vörusamnings eða vörusamningur í stað þjónustusamnings.

46. gr.

#### **Skipting samninga í hluta**

1. Samningsyfirvöld geta ákveðið að gera samning í formi aðgreindra hluta og geta ákvarðað stærð og efni slíkra samningshluta.

Samningsyfirvöld skulu, nema að því er varðar samninga sem skylt er að skipta í hluta í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, tilgreina helstu ástæður þess að þau ákveða að skipta samningi ekki í hluta og láta þær koma fram í útboðsgögnum eða í stöku skýrslunni sem um getur í 84. gr.

2. Samningsyfirvöld skulu taka fram í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga hvort gera megi tilboð í aðeins einn, nokkra eða alla samningshlutana.

Jafnvel þegar heimilt er að bjóða í nokkra eða alla hlutana er samningsyfirvöldum heimilt að takmarka fjölda hluta sem gera má samninga um við einn bjóðanda, að því tilskildu að hámarksfjöldi hluta á bjóðanda sé tekinn fram í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga. Samningsyfirvöld skulu tiltaka í útboðsgögnum hvaða hlutlægu forsendur eða reglur án mismununar þau munu nota til að ákveða um hvaða hluta gerðir verða samningar við viðkomandi ef beiting forsendna fyrir vali tilboðs myndi leiða til þess að einn bjóðandi fengi fleiri hluta en hámarkið leyfir.

3. Aðildarráðgjafar geta kveðið á um að þegar heimilt er að gera samninga um fleiri en einn hluta við sama bjóðanda sé samningsyfirvöldum heimilt að gera samninga sem sameina nokkra eða alla hlutana, hafi þau tekið fram í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga að þau áskilji sér möguleika á því og tiltekið hvaða hluta eða hópa hluta heimilt er að sameina.

4. Aðildarráðgjafar geta heimilt að framkvæma aðra undirgrein 1. mgr. með því að gera skylt að gera samninga í formi aðskilinna hluta með skilyrðum sem tilgreind verða í samræmi við landslög þeirra og með hliðsjón af lögum Sambandsins. Við slíkar aðstæður skal fyrsta undirgrein 2. mgr. og, eftir því sem við á, 3. mgr. gilda.

47. gr.

#### **Frestir settir**

1. Þegar samningsyfirvöld ákveða fresti til að taka við tilboðum og þátttökutilkynningum skulu þau einkum taka tillit til þess hve flókið efni samningsins er og hve langan tíma þarf til að semja tilboð, sbr. þó lágmarksfrest sem kveðið er á um í 27.–31. gr.

2. Ef ekki er unnt að gera tilboð fyrr en að lokinni vettvangsskoðun eða athugun á fylgiskjölum útboðsgagna á vettvangi, skal ákveða fresti til að taka við tilboðum, sem skulu vera lengri en lágmarksfrestirnir sem mælt er fyrir um í 27.–31. gr., þannig að allir viðkomandi rekstraraðilar geti kynnt sér allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru við gerð tilboðs.

3. Samningsyfirvöld skulu lengja fresti til að taka við tilboðum svo að allir viðkomandi rekstraraðilar geti kynnt sér allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við gerð tilboðs í eftirfarandi tilvikum:

a) ef viðbótarupplýsingar hafa af einhverjum ástæðum ekki verið afhentar a.m.k. sex dögum áður en frestur til að taka við tilboðum rennur út, þótt rekstraraðili hafi beðið um þessi gögn með góðum fyrirvara. Sé um að ræða hraðútboð, eins og um getur í 3. mgr. 27. gr. og 6. mgr. 28. gr., skal fresturinn vera fjórir dagar,



b) þegar umtalsverðar breytingar eru gerðar á útboðsgögnum.

Lengd framlengingarinnar skal vera í réttu hlutfalli við mikilvægi upplýsinganna eða breytingarinnar.

Hafi ekki verið beðið um viðbótarupplýsingarnar með góðum fyrirvara eða ef mikilvægi þeirra í sambandi við undirbúning svartilboða er óverulegt skal samningsyfirvöldum ekki vera skylt að lengja frestina.

## 2. ÞÁTTUR.

### **Birting og gagnsæi**

48. gr.

#### **Kynningartilkygningar**

1. Samningsyfirvöldum er heimilt að láta vita um fyrirætluð innkaup sín með birtingu kynningartilkygningar. Í þessum tilkygningum skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í I. þætti B-hluta V. viðauka. Þær skulu annað hvort birtar af útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins eða af samningsyfirvöldum sjálfum í þeirra eigin upplýsingaskrá kaupanda, í samræmi við b-lið 2. liðar VIII. viðauka. Ef samningsyfirvöld birta kynningartilkygningu í sinni eigin upplýsingaskrá kaupanda skulu þau senda tilkygningu til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins um slíka birtingu í upplýsingaskrá sinni í samræmi við VIII. viðauka. Í þessum tilkygningum skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í A-hluta V. viðauka.

2. Þegar um er að ræða lokuð útboð og samkeppnisútboð með samningsviðræðum er samningsyfirvöldum sem eru ekki yfirvöld á vegum ríkisins, heimilt að nota kynningartilkygningu sem útboðsauglýsingu í samræmi við 5. mgr. 26. gr., að því tilskildu að tilkygningin uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

- a) hún vísar sérstaklega til þeirrar vöru, verks eða þjónustu sem samningurinn nær til,
- b) hún gefur til kynna að samningurinn verði gerður á grundvelli lokaðs útboðs eða samkeppnisútboðs með samningsviðræðum án frekari birtingar útboðsauglýsingar og áhugasömum rekstraraðilum er boðið að láta áhuga sinn í ljós skriflega, og
- c) hún inniheldur, auk upplýsinganna sem um getur í I. þætti B-hluta V. viðauka, upplýsingarnar í II. þætti B-hluta V. viðauka,
- d) hún hefur verið send til birtingar minnst 35 dögum og mest 12 mánuðum fyrir þann dag sem boðið, sem um getur í 1. mgr. 54. gr., er sent.

Slíkar tilkygningar skulu ekki birtar í upplýsingaskrá kaupanda. Hins vegar getur viðbótarbirting á landsvísu, skv. 52. gr., ef einhver er, farið fram í upplýsingaskrá kaupanda.

Tímabilið sem kynningartilkygningin tekur til skal vera mest 12 mánuðir frá þeim degi þegar tilkygningin er send til birtingar. Þegar um er að ræða opinbera þjónustusamninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu getur kynningartilkygningin, sem um getur í b-lið 1. mgr. 75. gr. þó tekið til lengra tímabils en 12 mánaða.

49. gr.

#### **Útboðstilkygningar**

Útboðstilkygningar skulu notaðar til að auglýsa hvers konar útboð, sbr. þó aðra undirgrein 5. mgr. 26. gr. og 32. gr. Í útboðstilkygningu skulu koma fram upplýsingarnar sem settar eru fram í C-hluta V. viðauka og skal hún birt í samræmi við 51. gr.

50. gr.

#### **Tilkygningar um samningsgerð**

1. Eigi síðar en 30 dögum eftir gerð samnings eða rammaminnings, í kjölfar ákvörðunar um gerð hans, skulu samningsyfirvöld senda út tilkygningu um gerð samnings með niðurstöðum innkaupaferlisins.

Slíkar tilkygningar skulu hafa að geyma upplýsingarnar sem settar eru fram í D-hluta V. viðauka og skulu birtar í samræmi við 51. gr.

2. Hafi viðkomandi samningur verið boðinn út með kynningartilkyningu og samningsyfirvaldið ákveðið að gera ekki fleiri samninga á tímabilinu sem kynningartilkyningin tekur til, skal það koma sérstaklega fram í tilkyningunni um samningsgerð.

Þegar um er að ræða rammasamning, sem er gerður í samræmi við 33. gr., ber samningsyfirvöldum ekki skylda til að senda tilkyningu um niðurstöður innkaupaferlisins fyrir hvern samning sem er grundvallaður á þeim rammasamningi. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsyfirvöld skuli safna saman tilkyningum um niðurstöður innkaupaferlisins vegna samninga sem byggja á rammasamningnum og senda þær ársfjórðungslega. Í því tilviki skulu samningsyfirvöld senda samsafnaðar tilkynningar innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

3. Samningsyfirvöld skulu senda tilkyningu um samningsgerð innan 30 daga frá gerð sérhvers samning sem byggist á gagnvirku innkaupakerfi. Þau hafa þó heimild til að safna slíkum tilkyningum saman og senda þær ársfjórðungslega. Í því tilviki skulu þau senda samsafnaðar tilkynningar innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

4. Heimilt er að halda eftir tilteknum upplýsingum um gerð samnings eða rammasamnings ef birting slíkra upplýsinga kynni að hindra framkvæmd laga eða ganga á annan hátt gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmunum tiltekins opinbers eða einkarekins rekstraraðila eða réttmæta samkeppni á milli rekstraraðila.

51. gr.

#### **Form tilkynninga og aðferð við birtingu þeirra**

1. Í tilkyningunum, sem um getur í 48., 49. og 50. gr., skulu koma fram upplýsingarnar sem settar eru fram í V. viðauka, á stöðluðum eyðublöðum, þ.m.t. stöðluð eyðublöð fyrir leiðréttingar. Framkvæmdastjórnin skal taka upp þessi stöðluðu eyðublöð með framkvæmdargerðum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 89. gr.

2. Tilkynningarnar, sem um getur í 48., 49. og 50. gr., skulu samdar, sendar með rafrænum aðferðum til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins og birtar í samræmi við VIII. viðauka. Tilkynningar skulu birtar eigi síðar en fimm dögum eftir að þær voru sendar. Sambandið ber kostnað af birtingu útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins á tilkyningunum.

3. Tilkynningarnar, sem um getur í 48., 49., og 50. gr., skulu birtar í fullri lengd á einu eða fleiri opinberum tungumálum stofnana Sambandsins sem samningsyfirvöld velja. Einungis sú eða þær tungumálaútgáfur teljast áreiðanlegar. Birta skal samantekt á mikilvægum þáttum hverrar tilkynningar á öðrum opinberum tungumálum stofnana Sambandsins.

4. Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins skal tryggja að bæði texti í fullri lengd og samantekt kynningartilkyninga, sem um getur í 2. mgr. 48. gr., og útböð til að koma á laggirnar gagnvirku innkaupakerfi, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 34. gr. séu birt áfram:

- a) til 12 mánaða þegar um er að ræða kynningartilkyningar, eða uns veitt er viðtaka tilkyningu um samningsgerð, eins og kveðið er á um í 50. gr., þar sem fram kemur að ekki verði gerðir fleiri samningar á 12 mánaða tímabilinu sem útböðsauglýsingin tók til. Þegar um er að ræða opinbera þjónustusamninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu skal þó áfram birta kynningartilkyninguna sem um getur í b-lið 1. mgr. 75. gr. til loka þess gildistíma sem upprunalega var gefinn upp eða uns veitt er viðtaka tilkyningu um samningsgerð eins og kveðið er á um í 50. gr. þar sem fram kemur að ekki verði gerðir fleiri samningar á tímabilinu sem útböðstilkynningin tók til,
- b) meðan á gildistíma gagnvirks innkaupakerfis stendur, þegar um er að ræða útböð til að koma á laggirnar gagnvirku innkaupakerfi.

5. Samningsyfirvöld skulu geta sannað hvaða dag tilkynningar eru sendar.

Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins skal láta samningsyfirvaldinu í té staðfestingu á móttöku tilkynningarinnar og á birtingu upplýsinganna, sem sendar voru, þar sem birtingardagurinn kemur fram. Slík staðfesting skal teljast sönnun um birtingu.

6. Samningsyfirvöld geta birt tilkynningar um opinbera samninga sem falla ekki undir kröfur um birtingu sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, að því tilskildu að slíkar tilkynningar séu sendar útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins með rafrænum aðferðum í samræmi við snið og reglur um sendingu sem um getur í VIII. viðauka.

52. gr.

#### **Birting á landsvísu**

1. Ekki skal birta tilkynningarnar, sem um getur í 48., 49. og 50. gr., og efni þeirra á innlendum vettvangi fyrir birtingu þeirra skv. 51. gr. Þó má birting fara fram á innlendum vettvangi hafi samningsyfirvöldum ekki verið tilkynnt um birtingu innan 48 stunda frá staðfestingu á móttöku tilkynningarinnar í samræmi við 51. gr.

2. Tilkynningar, sem eru birtar á innlendum vettvangi, skulu ekki innihalda aðrar upplýsingar en þær sem koma fram í tilkynningum, sem eru sendar til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins, eða í upplýsingaskrá kaupanda en í þeim skal koma fram hvaða dag tilkynningin var send til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins eða hvenær hún birtist í upplýsingaskrá kaupanda.

3. Ekki má birta kynningartilkynningar í upplýsingaskrá kaupanda fyrr en tilkynning hefur verið send til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins um að birting verði í því formi. Í þeim skal getið um sendingardag.

53. gr.

#### **Rafrænt aðgengi að útboðsgögnum**

1. Samningsyfirvöld skulu bjóða, án endurgjalds, ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang að útboðsgögnum með rafrænum aðferðum frá og með birtingardegi tilkynningar í samræmi við 51. gr., eða þeim degi þegar boð um að staðfesta áhuga var sent. Í texta tilkynningarinnar eða boðsins um að staðfesta áhuga skal tilgreina veffangið þar sem hægt er að nálgast útboðsgögnin.

Ef ekki er hægt að bjóða ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang með rafrænum aðferðum án endurgjalds að tilteknum útboðsgögnum af einhverjum þeim ástæðum sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 22. gr., geta samningsyfirvöld tekið það fram í tilkynningunni eða í boði um að staðfesta áhuga að viðkomandi útboðsgögn verði send á annan hátt en með rafrænum aðferðum, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar. Í því tilviki skal lengja frestinn til að leggja fram tilboð um fimm daga nema í brýnum og vel rökstuddum tilvikum eins og um getur í 27. gr. (3. mgr.), 28. gr. (6. mgr.) og í 29. gr. (fjórðu undirgrein 1. mgr.).

Ef ekki er hægt að bjóða ótakmarkaðan og fullan, beinan aðgang með rafrænum aðferðum án endurgjalds að tilteknum útboðsgögnum vegna þess að samningsyfirvöld hafa í hyggju að beita 2. mgr. 21. gr. þessarar tilskipunar, skulu þau taka fram í tilkynningunni eða í boðinu um að staðfesta áhuga hvaða ráðstafana þeir krefjast til að vernda trúnaðarupplýsingar og hvernig hægt er að fá aðgang að viðkomandi gögnum. Í því tilviki skal lengja frestinn til að leggja fram tilboð um fimm daga nema í brýnum og vel rökstuddum tilvikum eins og um getur í 27. gr. (3. mgr.), 28. gr. (6. mgr.) og í 29. gr. (fjórðu undirgrein 1. mgr.).

2. Að því tilskildu að beðið hafi verið um það með góðum fyrirvara skulu samningsyfirvöld láta öllum bjóðendum, sem taka þátt í innkaupaferlinu, í té viðbótarupplýsingar sem tengjast forskriftum og fylgiskjöl, ef einhver eru, eigi síðar en sex dögum áður en frestur til að taka við tilboðum rennur út. Sé um að ræða hraðútboð, eins og um getur í 3. mgr. 27. gr. og 6. mgr. 28. gr., skal fresturinn vera fjórir dagar.

54. gr.

#### **Boð til umsækjenda**

1. Í lokuðum útboðum, samkeppnisviðræðum, nýsköpunarsamstarfi og samkeppnisútboðum með samningsviðræðum skulu samningsyfirvöld bjóða völdum umsækjendum, samtímis og skriflega, að leggja fram tilboð sín eða, þegar um er að ræða samkeppnisviðræður, að taka þátt í viðræðunum.

Ef kynningartilkynning er notuð til að auglýsa útboð í samræmi við 2. mgr. 48. gr. skulu samningsyfirvöld, samtímis og skriflega, bjóða þeim rekstraradilum, sem lýst hafa yfir áhuga, að staðfesta að sá áhugi sé enn fyrir hendi.

2. Í boðunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal vera tilvísun til veffangsins þar sem útboðsgögn hafa verið gerð aðgengileg beint með rafrænum aðferðum. Útboðsgögn skulu fylgja boðunum ef ótakmarkaður og fullur, beinn aðgangur hefur ekki verið veittur að þeim án endurgjalds af þeim ástæðum sem settar eru fram í annarri eða þriðju undirgrein 1. mgr. 53. gr. og hafi ekki verið veittur aðgangur að þeim á annan hátt. Auk þess skulu boðin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, hafa að geyma þær upplýsingar sem settar eru fram í IX. viðauka.

55. gr.

#### **Upplýsingar til umsækjenda og bjóðenda**

1. Samningsyfirvöld skulu, eins fljótt og unnt er, upplýsa sérhvern umsækjenda og bjóðanda um ákvarðanir sem hafa verið teknar varðandi gerð rammasamnings, samningsgerð eða aðgang að gagnvirku innkaupakerfi, þ.m.t. ástæður fyrir ákvörðun um að gera ekki rammasamning eða samning þótt útboð hafi farið fram, um að hefja útboðsferli á nýjan leik eða að koma ekki á fót gagnvirku innkaupakerfi.

2. Að fenginni beiðni viðkomandi umsækjenda eða bjóðanda skal samningsyfirvald, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 15 dögum frá móttöku skriflegrar beiðni, upplýsa:

- a) hvern og einn umsækjenda um ástæður fyrir því ef þátttökutilkynningu hans er hafnað,
- b) hvern og einn bjóðanda um ástæður fyrir því ef tilboði hans er hafnað, þ.m.t., í tilvikum sem um getur í 5. og 6. mgr. 42. gr., ástæður fyrir því ef það ákvarðar að jafngildisákvæðið sé ekki uppfyllt eða að verk, vörur eða þjónusta uppfylli ekki kröfur um frammistöðu eða virkni,
- c) hvern og einn bjóðanda sem hefur gert tækt tilboð, um eiginleika og kosti tilboðsins sem fyrir valinu varð í samanburði við önnur tilboð og einnig nafn þess bjóðanda sem varð fyrir valinu eða nöfn aðila að rammasmunnum,
- d) hvern og einn bjóðanda sem hefur gert tækt tilboð, um framkvæmd og framvindu samningsviðræðna og viðræðna við bjóðendur.

3. Samningsyfirvöld geta ákveðið að halda eftir tilteknum upplýsingum, sem um getur í 1. og 2. mgr., um gerð samnings eða rammasmunings eða aðgang að gagnvirku innkaupakerfi ef birting slíkra upplýsinga kynni að hindra framkvæmd laga eða ganga á annan hátt gegn almannahagsmunum eða gæti skaðað lögmæta viðskiptahagsmuni opinberra eða einkarekinna rekstraraðila eða réttmæta samkeppni á milli þeirra.

### 3. þáttur

#### Val á þátttakendum og samningsgerð

56. gr.

##### Almennar meginreglur

1. Samningar skulu gerðir grundvelli forsendna, sem mælt er fyrir um í 67.–69. gr. að því tilskildu að samningsyfirvaldið hafi, í samræmi við 59.–61. gr., gengið úr skugga um að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) að tilboðið uppfylli þær kröfur, skilyrði og viðmiðanir sem um getur í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga og í útboðsgögnum, með tilliti til 45. gr., eftir atvikum,
- b) að tilboðið komi frá bjóðanda sem hefur ekki verið útilokaður í samræmi við 57. gr. og sem uppfyllir hæfiskröfur sem samningsyfirvald ákveður í samræmi við 58. gr. og, eftir atvikum, þær reglur og forsendur án mismununar sem um getur í 65. gr.

Samningsyfirvöld geta ákveðið að gera ekki samning við þann bjóðanda sem býður fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið hafi þau komist að raun um að tilboðið uppfylli ekki þær gildandi skyldur sem um getur í 2. mgr. 18. gr.

2. Í almennum útboðum geta samningsyfirvöld ákveðið að kanna tilboð áður en þau ganga úr skugga um að ekki séu ástæður til útilokunar og að hæfiskröfur séu uppfylltar í samræmi við 57.–64. gr. Þegar þau notfæra sér þennan möguleika skulu þau sjá til þess að þegar gengið er úr skugga um að ekki séu ástæður til útilokunar og að hæfiskröfur séu uppfylltar sé það gert með óhlutdrægum og gagnsæjum hætti þannig að ekki sé gerður samningur við bjóðanda sem hefði átt að útiloka skv. 57. gr. eða sem uppfyllir ekki hæfiskröfur samningsyfirvaldsins.

Aðildarríki geta útilokað notkun aðferðarinnar í fyrstu undirgrein að því er varðar tilteknar tegundir innkaupa eða tilteknar aðstæður eða takmarkað hana við þær.

3. Þegar upplýsingar eða gögn, sem rekstraraðilar eiga að leggja fram, eru eða virðast vera ófullkomin eða innihalda villur eða ef tiltekin skjöl vantar, geta samningsyfirvöld, nema kveðið sé á um annað í landslögum til framkvæmdar þessari tilskipun, farið fram á að hlutaðeigandi rekstraraðilar leggi fram, bæti við, skýri eða fullgeri viðkomandi upplýsingar eða gögn innan viðeigandi frests, að því tilskildu að slíkar beiðnir séu gerðar fyllilega í samræmi við meginreglurnar um jafna meðferð og gagnsæi.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. til að breyta skránni í X. viðauka ef nauðsyn krefur til að bæta við nýjum alþjóðsamningum sem öll aðildarríkin hafa fullgilt eða þegar

gildandi alþjóðasamningar sem vísað er til eru ekki lengur fullgildir af öllum aðildarríkjum eða þeir hafa breyst með öðrum hætti, t.d. að því er varðar gildissvið þeirra, efni eða heiti.

## 1. undirþáttur

### Forsendur fyrir hæfismiðuðu vali

57. gr.

#### Ástæður til útilokunar

1. Samningsyfirvöld skulu útiloka rekstraraðila frá þátttöku í innkaupaferli hafi þau komist að raun um, með því að sannreyna það í samræmi við 59., 60. og 61. gr., eða með öðrum hætti að hann hafi verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eitthvað af eftirfarandi:

- a) þátttöku í skipulögðum brotasamtökum, eins og skilgreint er í 2. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2008/841/DIM <sup>(32)</sup>,
- b) spillingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr. samningsins um baráttu gegn spillingu tengdri embættismönnum Evrópubandalaganna eða embættismönnum aðildarríkja Evrópusambandsins <sup>(33)</sup> og 1. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2003/568/DIM <sup>(34)</sup>, auk spillingar eins og hún er skilgreind í landslögum samningsyfirvaldsins eða rekstraraðilans.
- c) sviksemi, í skilningi 1. gr. samningsins um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna <sup>(35)</sup>,
- d) hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, eins og skilgreint er í 1. og 3. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2002/475/DIM <sup>(36)</sup> eftir því sem við á, eða áeggjan, aðstoð eða stuðning við eða tilraun til að fremja afbrot, eins og um getur í 4. gr. þeirrar rammaákvörðunar,
- e) peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eins og skilgreint er í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB <sup>(37)</sup>,
- f) barnavinnu og annað form mansals, eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/36/ESB <sup>(38)</sup>.

Skylda til að útiloka rekstraraðila skal einnig gilda þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þess rekstraraðila eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í honum.

2. Rekstraraðili skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli þegar samningsyfirvald hefur vitneskju um að hann hafi brotið gegn skyldum er snúa að greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga og þar sem því hefur verið slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds sem hefur endanleg og bindandi áhrif í samræmi við lagaákvæði landsins þar sem því er slegið föstu eða ákvæði aðildarríkis samningsyfirvaldsins.

Samningsyfirvöld geta enn fremur útilokað, eða útilokað að kröfu aðildarríkis, rekstraraðila frá þátttöku í innkaupaferli þegar samningsyfirvaldið getur sýnt fram á með viðeigandi hætti að rekstraraðilinn hafi brotið gegn skyldum er snúa að greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga.

Þessi málsgrein skal ekki lengur gilda þegar rekstraraðili hefur uppfyllt skyldur sínar með því að greiða eða gera bindandi samning um fyrirkomulag með það í huga að greiða skattana eða framlögin til almannatrygginga sem skal greiða, þ.m.t. eftir atvikum, áfallna vexti eða sektir.

3. Aðildarríki geta kveðið á um undanþágur frá skyldubundnu útilokuninni sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. í sérstökum undantekningartilvikum vegna ástæðna sem vega þyngra og varða almannahagsmuni, s.s. lýðheilsu eða umhverfisvernd.

<sup>(32)</sup> Rammaákvörðun ráðsins 2008/841/DIM frá 24. október 2008 um baráttuna gegn skipulagðri afbrotastarfsemi (Stjóð. ESB L 300, 11.11.2008, bls. 42).

<sup>(33)</sup> Stjóð. EB C 195, 25.6.1997, bls. 1.

<sup>(34)</sup> Rammaákvörðun ráðsins 2003/568/DIM frá 22. júlí 2003 um baráttu gegn spillingu í einkageiranum (Stjóð. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 54).

<sup>(35)</sup> Stjóð. EB C 316, 27.11.1995, bls. 48.

<sup>(36)</sup> Rammaákvörðun ráðsins frá 13. júní 2002 um baráttuna gegn hryðjuverkum (Stjóð. EB L 164, 22.6.2002, bls. 3).

<sup>(37)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjóð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).

<sup>(38)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/36/ESB frá 5. apríl 2011 um að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og vernda fórnarlömb þess, og um niðurfellingu á rammaákvörðun ráðsins 2002/629/DIM (Stjóð. ESB L 101, 15.4.2011, bls. 1).

Aðildarríki geta einnig kveðið á um undanþágu frá skyldubundnu útilokuninni, sem kveðið er á um í 2. mgr., þegar útilokun myndi greinilega ekki vera í samræmi við meðalhóf, einkum þegar einungis minniháttar skattafjárhæðir eða framlög til almannatrygginga eru ógreidd eða þar sem rekstraraðili var upplýstur um nákvæma fjárhæð, sem enn var ógreidd í framhaldi af broti hans á skyldu sinni til greiðslu skatta eða framlaga til almannatrygginga, á tíma þar sem hann hafði ekki færi á að grípa til ráðstafana, eins og kveðið er á um í þriðju undirgrein 2. mgr., áður en tímafresturinn til að leggja fram þátttökutilkynningu eða, í opnu útboði, fresturinn til að leggja fram tilboð, rann út.

4. Samningsyfirvöldin geta útilokað, eða útilokað að kröfu aðildarríkis, rekstraraðila frá þátttöku í innkaupaferli við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

- a) þar sem samningsyfirvald getur sýnt, með viðeigandi hætti, fram á brot gegn gildandi skyldum sem um getur í 2. mgr. 18 gr.,
- b) þegar rekstraraðilinn er gjaldþrota eða hefur verið tekinn til ógjaldfærni- eða slitameðferðar, ef eignir hans eru í umsjá skiptastjóra eða dómstóls, þegar hann hefur gert nauðasamninga, eða þegar atvinnustarfsemi hans hefur verið lögð niður tímabundið eða þegar ástatt er um hann með sambærilegum hætti vegna svipaðrar málsmeðferðar samkvæmt landslögum eða reglugerðum,
- c) þegar samningsyfirvaldið getur sýnt, með viðeigandi hætti, fram á að rekstraraðilinn sé sekur um alvarlegt misferli í starfi, sem gerir það að verkum að heiðarleiki hans verður dreginn í efa,
- d) þegar samningsyfirvaldið getur leitt að því nægum líkum að rekstraraðilinn hafi gengið til samninga við aðra rekstraraðila í þeim tilgangi raska samkeppni,
- e) þegar hagsmunaaðrekstur, í skilningi 24. gr., er ekki hægt að lagfæra með skilvirkum hætti með öðrum aðgerðum sem ekki ganga eins langt,
- f) þar sem ekki er hægt að lagfæra röskun á samkeppni sem stafar af fyrri aðkomu rekstraraðila við undirbúning innkaupaferlisins, eins og um getur í 41. gr., með aðgerðum sem ekki ganga eins langt.
- g) þegar verulegir eða viðvarandi annmarkar hafa reynst vera á framkvæmd rekstraraðila á efnislegum kröfum samkvæmt fyrri opinberum samningi, fyrri samningi við samningsstofnun eða fyrri samningi um sérleyfi sem leiddi til þess að þessum fyrri samningi var slitið fyrir en til stóð, skaðabóta eða annarra svipaðra viðurlaga,
- h) þegar rekstraraðili hefur verið fundinn sekur um alvarlegar rangfærslur við veitingu upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að ekki séu til staðar útilokunarástæður eða að hæfiskröfur séu uppfylltar, hefur leynt slíkum upplýsingum eða getur ekki lagt fram þau fylgiskjöl sem krafist er skv. 59. gr. eða
- i) þegar rekstraraðili hefur reynt með óréttmætum hætti að hafa áhrif á ákvarðanatökufærni samningsyfirvaldsins, til þess að öðlast trúnaðarupplýsingar sem geta veitt honum óréttmætt forskot í innkaupaferlinu eða að veita af gáleysi villandi upplýsingar sem geta haft efnisleg áhrif á ákvarðanir varðandi útilokun, val eða samningsgerð.

Þrátt fyrir b-lið fyrstu undirgreinar getur aðildarríki krafist þess, eða kveðið á um þann möguleika, að samningsyfirvald útiloki ekki rekstraraðila sem er í einhverri þeirri stöðu sem um getur í þeim lið, hafi samningsyfirvaldið slegið því föstu að hlutaðeigandi rekstraraðili muni geta staðið við samninginn, með tilliti til gildandi landsreglna og ráðstafana varðandi áframhaldandi starfsemi við aðstæður eins og þær sem um getur í b-lið.

5. Samningsyfirvöld skulu hvenær sem er meðan á útboðsferlinu stendur útiloka rekstraraðila frá því ef í ljós kemur að hann er, í ljósi athafna eða athafnaleysis annað hvort áður eða meðan á útboðsferlinu stendur, í einhverjum þeim aðstæðum sem um getur í 1. og 2. mgr.

Samningsyfirvöld geta, hvenær sem er á meðan útboðsferlinu stendur, útilokað, eða útilokað að kröfu aðildarríkis, rekstraraðila ef í ljós kemur að hann er, í ljósi athafna eða athafnaleysis annað hvort áður eða á meðan útboðsferlinu stendur, í einhverjum þeim aðstæðum sem um getur í 4. mgr.

6. Sérhverjum rekstraraðila, sem er í einhverjum þeim aðstæðum sem um getur í 1. og 4. mgr., er heimilt að færa fram sönnur á að ráðstafanir, sem hann hefur gripið til, dugi til að sýna fram á áreiðanleika hans þrátt fyrir að fyrir hendi sé ástæða til að útiloka hann. Ef slík sönnun er talin fullnægjandi skal ekki útiloka viðkomandi rekstraraðila frá innkaupaferlinu.

Rekstraraðilinn skal í þessum tilgangi sanna að hann hafi greitt eða skuldbundið sig til að greiða bætur vegna alls tjóns sem orðið hefur vegna refsilagabrotsins eða misferlisins, útskýrt málsatvik og málavexti með heildstæðum hætti með virkri samvinnu við rannsóknaryfirvaldið og hafi gripið til raunhæfra tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana og ráðstafana varðandi starfsfólk sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir frekari refsilagabrot eða misferli.

Ráðstafanirnar, sem rekstraraðilar grípa til, skulu metnar með tilliti til alvarleika refsilagabrotsins eða misferlisins og þeirra tilteknu aðstæðna sem voru fyrir hendi þegar það átti sér stað. Þegar ráðstafanirnar eru ekki taldar duga skal rekstraraðili fá í hendur rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun.

Rekstraraðili sem hefur verið útilokaður með endanlegum dómi frá innkaupaferli eða útboðsferli fyrir sérleyfi skal ekki hafa rétt til að notfæra sér þann möguleika sem veittur er samkvæmt þessari málsgrein á meðan útilokunin varir sem leiðir af þeim dómi í aðildarríkjum þar sem dómurinn hefur áhrif.

7. Aðildarríki skulu tilgreina framkvæmdarákvæði fyrir þessa grein í lögum eða stjórnslufyrirmælum, með hliðsjón af lögum Sambandsins. Þau skulu einkum ákvarða hámarksútilokunartímabil ef rekstraraðilinn grípur ekki til neinna ráðstafana, eins og tilgreint er í 6. mgr., til að sýna fram á áreiðanleika sinn. Þegar útilokunartímabilið hefur ekki verið ákvarðað með endanlegum dómi skal tímabilið ekki vara lengur en fimm ár frá þeim degi þegar sakfelling á sér stað með endanlegum dómi í þeim málum sem um getur í 1. mgr. og þrjú ár frá viðkomandi atviki í þeim málum sem um getur í 4. mgr.

58. gr.

#### **Hæfiskröfur**

1. Hæfiskröfur geta varðað:

- a) starfsréttindi,
- b) efnahagslega og fjárhagslega stöðu,
- c) tæknilega og faglega getu.

Samningsyfirvöldum er óheimilt að gera aðrar kröfur varðandi þátttöku til rekstraraðila en viðmiðanirnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. Þau skulu takmarka sig við kröfur sem eru til þess fallnar að tryggja að umsækjandi eða bjóðandi hafi gerhæfi og fjárhagslega burði og tæknilega og faglega getu til að framkvæma samninginn sem gera á. Allar kröfur ættu að tengjast og vera í réttu hlutfalli við efni samningsins.

2. Að því er varðar starfsréttindi er samningsyfirvöldum heimilt að krefjast þess að rekstraraðilar séu skráðir í firmaskrá eða viðskiptaskrá í aðildarríkinu þar sem þeir hafa staðfestu, eins og lýst er í XI. viðauka, eða uppfylli sérhverja aðra kröfu sem sett er fram í þeim viðauka.

Þegar um er að ræða innkaupaferli á þjónustu og rekstraraðilar þurfa að hafa sérstaka heimild eða vera félagar í tilteknum samtökum til að mega veita viðkomandi þjónustu í heimalandi sínu, getur samningsyfirvaldið krafist þess að þeir sýni fram á að þeir hafi slíka heimild eða séu félagar í slíkum samtökum.

3. Að því er varðar efnahagslega og fjárhagslega stöðu er samningsyfirvöldum heimilt að gera kröfur til að tryggja að rekstraraðilar hafi nauðsynlega efnahagslega og fjárhagslega burði til að framkvæma samninginn. Í því skyni er samningsyfirvöldum einkum heimilt að krefjast þess að rekstraraðilar hafi tiltekna lágmarksveltu á ári, þ.m.t. tiltekna lágmarksveltu á því sviði sem fellur undir samninginn. Auk þess geta samningsyfirvöld farið fram á upplýsingar um ársreikninga þeirra þar sem fram koma hlutföllin, t.d. milli eigna og skulda. Þau geta einnig krafist viðeigandi starfsábyrgðartryggingar.

Sú lágmarksársvelta sem krafist er að rekstraraðilar hafi skal ekki vera hærri en tvisvar sinnum áætlað verðmæti samningsins nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum s.s. í tengslum við sérstakar áhættur sem tengjast eðli verksins, þjónustunnar eða varanna. Samningsyfirvaldið skal tiltaka helstu ástæður fyrir slíkri kröfu í útboðsgögnum eða í stöku skýrslunni sem um getur í 84. gr.

Til dæmis má taka tillit til hlutfallsins milli eigna og skulda þegar samningsyfirvald tilgreinir í útboðsgögnum þær aðferðir og viðmiðanir, sem beita á. Slíkar aðferðir og viðmiðanir skulu vera gagnsæjar, hlutlægar og án mismununar.

Þegar samningi er skipt í hluta skal þessi grein eiga við um hvern einstakan hluta. Þó er samningsyfirvaldinu heimilt að ákveða tiltekna lágmarksársveltu, sem rekstraraðilar skulu hafa, með tilvísun til hópa samningshluta ef gerðir eru samningar um nokkra hluta við bjóðandann, sem varð fyrir valinu, sem framkvæma á á sama tíma.

Ef gera á samninga, byggða á rammamningi, í kjölfar þess að efnt er á ný til samkeppni, reiknast krafan um hámarksársveltu, sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, á grundvelli væntrar hámarksstærðar tiltekinnna samninga, sem framkvæmdir verða samtímis, eða, ef hún er ekki þekkt, á grundvelli áætlaðs verðmætis rammamningsins. Þegar um er að ræða gagnvirk innkaupakerfi reiknast krafan um hámarksársveltu, sem um getur í annarri undirgrein, á grundvelli væntrar hámarksstærðar tiltekinnna samninga sem gerðir verða innan þess kerfis.

4. Að því er varðar tæknilega og faglega getu er samningsyfirvöldum heimilt að gera kröfur til að tryggja að rekstraraðilar hafi nauðsynlegan mannauð, tækniúrræði og reynslu til að framkvæma samninginn í samræmi við tiltekinn gæðastaðal

Samningsyfirvöld geta einkum krafist þess að rekstraraðilar hafi nægilega reynslu, sem sýna má fram á með viðeigandi gögnum í tengslum við samninga sem áður hafa verið framkvæmdir. Samningsyfirvaldi er heimilt að líta svo á að rekstraraðili hafi ekki til að bera tilskilda faglega getu hafi það komist á snodir um hagsmunaaðreiktra rekstraraðilans sem geta haft neikvæð áhrif á framkvæmd samningsins.

Þegar um er að ræða innkaupaferli á vörum, sem fela í sér ísetningu eða uppsetningu, þjónustu eða framkvæmd verks, er heimilt að meta faglega getu rekstraraðila til að veita þjónustuna eða annast uppsetninguna eða verkið einkum með hliðsjón af færni þeirra, skilvirkni, reynslu og áreiðanleika.

5. Samningsyfirvöld skulu tiltaka, í útboðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga, hvaða skilyrða er krafist fyrir þátttöku, sem setja má fram sem lágmarkskröfur um getu ásamt viðeigandi sönnunargögnum.

59. gr.

#### **Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda**

1. Þegar þátttökutilkynningar eða tilboð eru lögð fram skulu samningsyfirvöld viðurkenna samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda (European Single Procurement Document), sem felst í uppfærðri eigin yfirlýsingu sem bráðabirgðasönnun, sem kemur í stað vottorða sem gefin eru út af opinberum yfirlöndum eða þriðju aðilum til staðfestingar á að viðkomandi rekstraraðili uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- a) hann er ekki í einhverjum af þeim aðstæðum sem um getur í 57. gr., sem eru eða geta verið ástæða til að útiloka rekstraraðila,
- b) hann uppfyllir viðeigandi hæfiskröfur sem settar hafa verið skv. 58. gr.,
- c) hann uppfyllir, eftir því sem við á, hlutlægar reglur og viðmiðanir sem settar hafa verið skv. skv. 65. gr.,

Ef rekstraraðili byggir á getu annarra aðila í samræmi við 63. gr. skal samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda einnig innihalda upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, um slíkar einingar.

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda skal vera formleg yfirlýsing rekstraraðila um að viðeigandi ástæða til útilokunar eigi ekki við og/eða að hann uppfylli viðeigandi hæfiskröfur og gefur viðeigandi upplýsingar sem samningsyfirvald krefst. Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda skal einnig tilgreina það opinbera yfirvald eða þriðja aðila sem ber ábyrgð á að útbúa fylgiskjölín og innihalda formlega yfirlýsingu um að rekstraraðili muni tafarlaust geta lagt fram þessi fylgiskjöl sé um það beðið.

Þegar samningsyfirvald getur haft aðgang að fylgiskjölunum beint í gagnasafni, í samræmi við 5. mgr., skulu nauðsynlegar upplýsingar til þess einnig koma fram í samevrópskri hæfisyfirlýsingu bjóðanda, s.s. veffang gagnasafnsins, auðkennisgögn og, ef við á, nauðsynleg yfirlýsing um samþykki.

Rekstraraðilar geta notað aftur samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda sem áður hefur verið notuð í fyrra innkaupaferli, að því tilskildu að þeir staðfesti að upplýsingarnar í henni séu enn réttar.

2. Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda skal samin á grundvelli staðlaðs eyðublaðs. Framkvæmdastjórnin skal taka upp þetta staðlaða eyðublað með framkvæmdargerðum. Samþykking skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 89. gr.

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðanda skal vera á rafrænu formi eingöngu.



3. Þrátt fyrir 92. gr. skal framkvæmdastjórnin kanna beitingu samevrópskrar hæfisyfirlýsingar bjóðanda í reynd, með tilliti til tæknipróunar gagnasafna í aðildarríkjunum, og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það fyrir 18. apríl 2017.

Eftir því sem við á skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur að lausnum um að gera aðgang yfir landamæri að slíkum gagnasöfnum og notkun vottorða og staðfestinga á innri markaðnum sem besta.

4. Samningsyfirvald getur hvenær sem er, meðan á ferlinu stendur, beðið bjóðendur og umsækjendur um að leggja fram öll eða hluta fylgiskjala þar sem það er nauðsynlegt til að tryggja tilhlýðilegan framgang ferlisins.

Áður en samningur er gerður skal samningsyfirvaldið, nema að því er varðar samninga sem byggjast á rammamningum sem gerðir eru í samræmi við 3. mgr. 33. gr. eða a-lið 4. mgr. 33. gr., krefjast þess að bjóðandi, sem það hefur ákveðið að gera samning við, leggi fram uppfærð fylgiskjöl í samræmi við 60. gr. og, þar sem við á, 62. gr. Samningsyfirvald getur óskað eftir að rekstraraðilinn bæti við eða skýri vottorð sem eru lögð fram skv. 60. og 62. gr.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. skal þess ekki krafist að rekstraraðilar leggi fram fylgiskjöl eða önnur skrifleg sönnunargögn ef og að því marki sem samningsyfirvaldið hefur möguleika á að fá vottorðin eða viðeigandi upplýsingar beint og án endurgjalds með aðgangi að landsbundnum gagnagrunni í einhverju aðildarríkjanna, s.s. landskrá um hæfi bjóðenda, rafrænu upplýsingasafni um hæfi fyrirtækja, rafrænu skjalageymslakerfi eða forhæfismatskerfi.

Þrátt fyrir 4. mgr. skal þess ekki krafist að rekstraraðilar leggi fram fylgiskjöl ef samningsyfirvaldið sem gerði samninginn eða rammamninginn er þegar með þessi skjöl undir höndum.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skulu aðildarríkin tryggja að gagnagrunnar, sem innihalda viðeigandi upplýsingar um rekstraraðila og sem þeirra eigin samningsyfirvöld hafa aðgang að, séu einnig aðgengilegir samningsyfirvöldum annarra aðildarríkja með sömu skilyrðum.

6. Aðildarríkin skulu gera aðgengilegan og uppfæra í e-Certis tæmandi lista yfir gagnagrunna sem innihalda viðeigandi upplýsingar um rekstraraðila sem samningsyfirvöld í öðrum aðildarríkjum geta haft aðgang að. Að fenginni beiðni skulu aðildarríki senda öðrum aðildarríkjum hvers konar upplýsingar varðandi gagnagrunnana sem um getur í þessari grein.

60. gr.

#### Sönnunargögn

1. Samningsyfirvöld geta krafist þess að lögð séu fram vottorð, yfirlýsingar og önnur sönnunargögn, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar og í XII. viðauka, til sönnunar á því að ekki séu fyrir hendi ástæður til útilokunar, eins og um getur í 57. gr., og á því að hæfiskröfur séu uppfylltar í samræmi við 58. gr.

Samningsyfirvöld skulu ekki krefjast annarra sönnunargagna en þeirra sem um getur í þessari grein og í 62. gr. Að því er varðar 63. gr. geta rekstraraðilar notað hvers konar viðeigandi aðferðir til að sanna fyrir samningsyfirvaldi að þeir muni ráða yfir nauðsynlegum úrræðum.

2. Samningsyfirvöld skulu samþykkja eftirfarandi sem fullnægjandi sönnun þess að ekkert af þeim tilvikum, sem eru tilgreind í 57. gr., eigi við um fyrirtæki rekstraraðila:

a) að því er varðar 1. mgr. þeirrar greinar, framlagning útskriftar úr viðeigandi skrá, s.s. sakavottorðs eða, að öðrum kosti, jafngilds skjals sem er gefið út af þar til bæru dóms- eða stjórnvaldi í aðildarríkinu eða upprunalandi eða í því landi þar sem rekstraraðilinn hefur staðfestu, sem sýnir að þessum kröfum er fullnægt,

b) að því er varðar 2. mgr. og b-lið 4. mgr. þeirrar greinar, vottorð sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi í viðkomandi aðildarríki eða landi.

Ef slík skjöl eða vottorð eru ekki gefin út í viðkomandi aðildarríki eða landi, eða ef þau ná ekki yfir öll þau tilvik sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. og b-lið 4. mgr. 57. gr. getur eiðsvarin yfirlýsing viðkomandi aðila komið í stað þeirra eða, í þeim aðildarríkjum eða löndum þar sem ekki er kveðið á um slíka eiðsvarna yfirlýsingu, drengskaparheit sem viðkomandi gefur í viðurvist þar til bærðs dóms- eða stjórnvalds eða, þar sem við á, lögbókanda eða hjá þar til bæri fag- eða viðskiptastofnun í aðildarríkinu eða upprunalandinu eða í aðildarríkinu eða landinu þar sem rekstraraðilinn hefur staðfestu.

Aðildarríki skal, ef við á, láta í té opinbera yfirlýsingu um að skjölin eða vottorðin, sem um getur í þessari málsgrein, séu ekki gefin út þar eða að þau nái ekki yfir öll þau tilvik sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. og b-lið 4. mgr. 57. gr. Slíkar opinberar yfirlýsingar skulu vera aðgengilegar í gagnasafni vottorða á Netinu (e-Certis) sem um getur í 61. gr.

3. Að jafnaði skal vera hægt að færa sönnur á efnahagslega og fjárhagslega stöðu rekstraraðila með einni eða fleiri af þeim aðferðum sem taldar eru upp í I. hluta XII. viðauka.

Ef rekstraraðili getur ekki, af einhverri gildri ástæðu, lagt fram þau gögn sem samningsyfirvöld krefjast getur hann sýnt fram á efnahagslega og fjárhagslega stöðu sína með öðrum gögnum sem samningsyfirvaldið telur fullnægjandi.

4. Rekstraraðili getur sannað tæknilega getu sína með einni eða fleiri af þeim aðferðum sem taldar eru upp í II. hluta XII. viðauka, allt eftir eðli, magni, mikilvægi eða fyrirhugaðri notkun verksins, vörunnar eða þjónustunnar.

5. Að fenginni beiðni skulu aðildarríkin láta hinum aðildarríkjunum í té hvers konar upplýsingar í tengslum við ástæðurnar til útilokunar sem taldar eru upp í 57. gr., starfsréttindi og fjárhagslega og tæknilega getu bjóðenda, sem um getur í 58. gr. og hvers konar upplýsingar í tengslum við sönnunargögnin sem um getur í þessari grein.

61. gr.

#### **Gagnasafn vottorða á Netinu (e-Certis)**

1. Í því skyni að greiða fyrir tilboðsgerð yfir landamæri skulu aðildarríkin tryggja að upplýsingar varðandi vottorð og önnur skrifleg sönnunargögn, sem færð eru inn í e-Certis, sem framkvæmdastjórnin kemur á fót, séu stöðugt uppfærðar.

2. Samningsyfirvöld skulu hafa aðgang að e-Certis og skulu fyrst og fremst krefjast þess konar vottorða eða skriflegra sönnunargagna með því sniði sem þar er að finna.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda fáanlega í öllum tungumálaútgáfum í e-Certis.

62. gr.

#### **Gæðastaðlar og umhverfisstjórnunarstaðlar**

1. Ef samningsyfirvöld krefjast þess að lögð séu fram vottorð frá óháðum aðilum, sem staðfesta að rekstraraðilinn uppfylli tiltekna gæðastaðla, þ.m.t. varðandi aðgengi fyrir fatlaða, skulu þau vísa til gæðakerfa sem grundvallast á viðeigandi kerfi Evrópustaðla sem hefur fengið vottun fagglitra stofnana. Þau skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum. Þau skulu einnig samþykkja önnur sönnunargögn um sambærilegar ráðstafanir til að tryggja gæði ef viðkomandi rekstraraðili hafði engan möguleika á að afla sér slíkra vottorða innan þeirra tímamarka sem um er að ræða, af ástæðum sem ekki má rekja til rekstraraðilans sjálfs, og að því tilskildu að hann sýni fram á að þær ráðstafanir til að tryggja gæði, sem lagðar eru til, uppfylli tilskilda gæðastaðla.

2. Ef samningsyfirvöld krefjast þess að lögð séu fram vottorð frá óháðum aðilum, sem staðfesta að rekstraraðilinn uppfylli kröfur tiltekinn umhverfisstjórnunarkerfa eða tiltekna umhverfisstjórnunarstaðla, skulu þau vísa til umhverfisstjórnunarkerfis Sambandsins (EMAS) eða til annarra umhverfisstjórnunarkerfa, sem viðurkennd eru í samræmi við 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009, eða annarra umhverfisstjórnunarstaðla sem grundvallast á viðeigandi evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum fagglitra stofnana. Þau skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

Hafi rekstraraðili bersýnilega ekki haft aðgang að slíkum vottorðum eða neinn möguleika á að afla sér þeirra innan þess frests sem gefinn var, af ástæðum sem ekki verða raktar til rekstraraðilans, skal samningsyfirvaldið einnig samþykkja önnur sönnunargögn um umhverfisstjórnunarráðstafanir að því tilskildu að rekstraraðilinn sýni fram á að þær ráðstafanir séu jafngildar þeim sem krafist er samkvæmt gildandi umhverfisstjórnunarkerfi eða -staðli.

3. Að fenginni beiðni skulu aðildarríkin láta hinum aðildarríkjunum í té, í samræmi við 86. gr., hvers konar upplýsingar í tengslum við skjöl sem lögð eru fram til sönnunar á samræmi við gæða- og umhverfisstaðlana sem um getur í 1. og 2. mgr.

63. gr.

#### **Byggt á getu annarra aðila**

1. Að því er varðar viðmiðanir sem tengjast efnahagslegri og fjárhagslegri stöðu, eins og sett er fram skv. 3. mgr. 58. gr., og viðmiðanir sem tengjast tæknilegri og faglegri getu, eins og sett er fram skv. 4. mgr. 58. gr. getur rekstraraðili, eftir því sem við á og vegna tiltekins samnings, byggt á getu annarra aðila, óháð lagalegu eðli tengsla hans við þá. Að því er varðar viðmiðanir sem tengjast menntun og faglegu hæfi, eins og sett er fram í f-lið II. hluta XII. viðauka, eða viðeigandi starfsreynslu, mega rekstraraðilar hins vegar aðeins reiða sig á getu annarra aðila ef hinir síðarnefndu sjá um að framkvæma verkið eða þjónustuna sem þessa getu þarf til. Þegar rekstraraðili vill reiða sig á getu annarra aðila, skal hann sanna fyrir samningsyfirvaldinu að hann hafi yfir nauðsynlegum föngum að ráða, t.d. með því að leggja fram skuldbindingu þeirra aðila þess efnis.

Samningsyfirvaldið skal, í samræmi við 59., 60. og 61. gr., sannreyna hvort aðilarnir, sem rekstraraðilinn hyggst reiða sig á varðandi getu, uppfylla viðeigandi hæfiskröfur og hvort ástæða sé til að útiloka þá skv. 57. gr. Samningsyfirvaldið skal krefjast þess að rekstraraðilinn finni nýjan aðila í stað aðila sem ekki uppfyllir viðeigandi hæfiskröfu eða þegar til staðar

eru bindandi útilokunarástæður. Samningsyfirvaldið getur krafist þess af, eða aðildarríki gert þá kröfu að það krefjist þess af rekstraraðila að skipta út aðila þegar til staðar eru útilokunarástæður sem ekki eru bindandi.

Þegar rekstraraðili reidir sig á getu annarra aðila að því er varðar viðmiðunina um efnahagslega og fjárhagslega stöðu getur samningsyfirvaldið krafist þess að rekstraraðilinn og þessir aðilar beri sameiginlega ábyrgð á efndum samningsins.

Með sömu skilyrðum getur hópur rekstraraðila, sem um getur í 2. mgr. 19. gr., byggt á getu þátttakenda í hópnum eða annarra aðila.

2. Þegar um er að ræða verksamninga, þjónustusamninga og ísetningu eða uppsetningu innan ramma vörusamnings, geta samningsyfirvöld krafist þess að tiltekin afar mikilvæg verkefni séu framkvæmd beint af bjóðanda sjálfum eða, ef tilboðið er lagt fram af hópi rekstraraðila eins og um getur í 2. mgr. 19. gr., af þátttakanda í þeim hópi.

64. gr.

#### **Opinberar skrár yfir samþykktu rekstraraðila og vottun frá opinberum og einkaréttarlegum aðilum**

1. Aðildarríkin geta komið á eða viðhaldið annaðhvort opinberum skráum yfir samþykktu verktaka, birgja eða þjónustuveitendur eða innleitt vottun frá vottunaraðilum sem uppfylla evrópska vottunarstaðla í skilningi VII. viðauka.

Þau skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um heimilisfang vottunaraðilans eða aðilans sem ber ábyrgð á opinberu skránum, sem senda skal umsóknir til.

2. Aðildarríkin skulu laga skilyrðin fyrir skráningu í opinberu skrárnar, sem um getur í 1. mgr., ásamt skilyrðum fyrir útgáfu vottorða frá vottunaraðilum, að ákvæðum þessa undirþáttar. Aðildarríkin skulu einnig laga þau að 63. gr. þegar um er að ræða skráningarumsóknir frá rekstraraðilum sem eru hluti af hópi og sem sýna fram á að þeir ráði yfir tilföngum sem hin fyrirtækin í hópnum hafa fengið þeim til ráðstöfunar. Í þeim tilvikum skulu þessir rekstraraðilar sanna fyrir yfirvaldinu, sem innleiðir opinberu skrána, að þeir ráði yfir þessum tilföngum út allan gildistíma vottorðs sem staðfestir að þeir séu skráðir í opinberu skrána og að allt það tímabil muni þessi fyrirtæki uppfylla áfram kröfur um hæfismiðað val sem opinbera skráin eða vottorðið, sem rekstraraðilar bera fyrir sig í tengslum við skráningu sína, taka til.

3. Rekstraraðilar, sem eru skráðir í opinberar skrár eða hafa fengið vottorð, geta, í hverju útboði, afhent samningsyfirvaldi vottorð um skráningu sem er gefið út af þar til bæru yfirvaldi eða vottorð sem þar til bær vottunaraðili gefur út.

Í þessum vottorðum eða skírteinum skulu koma fram þær tilvísanir sem gerðu þessum rekstraraðilum kleift að fá skráningu í opinberu skrána eða að fá vottorð ásamt flokkun samkvæmt skránni.

4. Hægt skal vera að ganga út frá því að vottuð skráning þar til bærra aðila í opinberum skráum eða vottorð, gefið út af vottunaraðila, sé til marks um hæfi að því er varðar kröfur um hæfismiðað val sem opinbera skráin eða vottorðið tekur til.

5. Ekki skal vefengja upplýsingar, sem rekja má til skráningar í opinberum skráum eða vottunar, án rökstuðnings. Að því er varðar greiðslu iðgjalda til almannatrygginga og skatta er þó heimilt að krefjast viðbótarvottorðs frá skráðum rekstraraðilum í hvert sinn sem gera á samning.

Samningsyfirvöld hinna aðildarríkjanna skulu einungis beita 3. mgr. og fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar til hagsbóta þeim rekstraraðilum sem hafa staðfestu í aðildarríkinu þar sem opinbera skráin er haldin.

6. Kröfur um sönnunargögn varðandi forsendur fyrir hæfismiðaðu vali, sem opinbera skráin eða vottorðið tekur til, skulu vera í samræmi við 60. gr. og, eftir því sem við á, 62. gr. Ekki er heimilt, varðandi skráningu rekstraraðila frá öðrum aðildarríkjum í opinberri skrá eða vottun þeirra, að krefjast frekari sannana eða yfirlýsinga, annarra en þeirra sem innlendir rekstraraðilar eru krafðir um.

Rekstraraðilar geta, hvenær sem er, farið fram á að fá skráningu í opinbera skrá eða að fá útgefið vottorð. Þeir skulu látnir vita, áður en langt um líður, um ákvörðun yfirvaldsins, sem heldur opinberu skrána, eða þar til bærs vottunaraðila.

7. Ekki skal skylda rekstraraðila frá öðrum aðildarríkjum til að fá slíka skráningu eða vottun til að geta tekið þátt í opinberu útboði. Samningsyfirvöld skulu viðurkenna jafngild vottorð frá stofnunum sem hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum. Þau skulu einnig samþykkja annars konar sannanir sem eru jafngildar.

8. Að fenginni beiðni skulu aðildarríkin láta hinum aðildarríkjunum í té hvers konar upplýsingar í tengslum við þau skjöl sem lögð eru fram til sönnunar á því að rekstraraðilar uppfylli kröfur til að fá skráningu á opinbera skrá yfir samþykktu rekstraraðila eða til sönnunar á því að rekstraraðilar frá öðru aðildarríki hafi jafngilt vottorð.

## 2. undirþáttur

### Fækkun umsækjenda, tilboða og lausna

65. gr.

#### Fækkun hæfra umsækjenda sem boðin er þátttaka

1. Við lokað útböð, samkeppnisútböð með samningsviðræðum, samkeppnisviðræður og nýsköpunarsamstarf geta samningsyfirvöld takmarkað fjölda umsækjenda sem uppfylla hæfiskröfur sem þau bjóða að leggja fram tilboð eða að ganga til viðræðna, að því tilskildu að lágmarksfjöldi hæfra umsækjenda skv. 2. mgr. sé fyrir hendi.

2. Í útböðstilkynningu eða í boði um að staðfesta áhuga skulu samningsyfirvöld tilgreina þær hlutlægu forsendur eða reglur án mismununar sem þau hyggjast beita, lágmarksfjölda umsækjenda sem þau hyggjast bjóða og, ef við á, hámarksfjölda.

Í lokuðu útböði skal lágmarksfjöldi umsækjenda vera fimm. Í samkeppnisútböði með samningsviðræðum, í samkeppnisviðræðum og í nýsköpunarsamstarfi skal lágmarksfjöldi umsækjenda vera þrír. Umsækjendur skulu ætíð vera nægilega margir til að tryggja raunverulega samkeppni.

Samningsyfirvöld skulu bjóða a.m.k. lágmarksfjölda umsækjenda þátttöku í útböði. Ef umsækjendur, sem uppfylla hæfiskröfur og lágmarkskröfur um getu, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 58. gr., eru hins vegar færri en tilskilinn lágmarksfjöldi þátttakenda geta samningsyfirvöld haldið útböðsferli áfram á þann hátt að gefa þeim umsækjendum, sem uppfylla kröfur, kost á að leggja fram tilboð. Samningsyfirvöldum er óheimilt að gefa rekstraraðilum, sem óskuðu ekki eftir þátttöku í útböðsferli, eða umsækjendum, sem uppfylla ekki kröfur um getu, kost á að leggja fram tilboð í því sama útböðsferli.

66. gr.

#### Fækkun tilboða og lausna

Ef samningsyfirvöld nýta sér þann kost að fækka þeim tilboðum sem samið er um, eins og kveðið er á um í 6. mgr. 29. gr., eða lausnum sem ræða þarf, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 30. gr., skulu þau gera það með því að beita forsendum fyrir vali tilboðs sem koma fram í útböðsgögnum. Á lokastigi ferlisins skal fjöldi þátttakenda vera nægilega mikill til að tryggja raunverulega samkeppni, að svo miklu leyti sem um er að ræða nægilegan fjölda tilboða, lausna eða hæfra umsækjenda.

## 3. undirþáttur

### Gerð samnings

67. gr.

#### Forsendur fyrir vali tilboðs

1. Með fyrirvara um innlend lög og stjórnisýslufyrirmæli er varða verð fyrir tiltekna vörur eða þóknun fyrir tiltekna þjónustu skulu samningsyfirvöld byggja val sitt á aðilum, sem opinberir samningar eru gerðir við, á fjárhagslega hagstæðasta tilboðinu.

2. Fjárhagslega hagstæðasta tilboðið að mati samningsyfirvaldsins skal fundið út frá verði eða kostnaði, á grundvelli nálgunar sem byggist á kostnaðarhagkvæmni, s.s. útreiknings á vistferilskostnaði í samræmi við 68. gr., og getur tekið til besta hlutfalls milli verðs og gæða sem metið skal á grundvelli forsendna sem tengjast efni viðkomandi opinbers samnings, þ.m.t. eiginlegra, umhverfislegra og/eða félagslegra þátta. Slíkar forsendur geta t.d. náð yfir:

- a) gæði, tæknilega kosti, útlit og notagildi, aðgengi, hönnun fyrir alla notendur, félagslega, umhverfislega og nýjungakennda eiginleika og viðskipti og skilyrði þeirra,
- b) skipulagningu, menntun, hæfi og reynslu starfsfólks sem framkvæma á samninginn, ef gæði starfsfólks sem framkvæma á samninginn geta haft veruleg áhrif á framkvæmd hans, eða
- c) þjónustu eftir verklok og tæknilega aðstoð, afhendingarskilmála, s.s. afhendingardag, afhendingarferli og afhendingartíma eða frest til að ljúka verki.

Kostnaðarþátturinn getur einnig verið í formi fasts verðs eða kostnaðar þar sem rekstraraðilar keppa eingöngu á grundvelli gæðaforsendna.

Aðildarríkin geta kveðið á um að samningsyfirvöld megi ekki nota verð eingöngu eða kostnað eingöngu sem einu valforsenduna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna flokka samningsyfirvalda eða tiltekna tegundir samninga.

3. Litið skal svo á að forsendur fyrir vali tilboðs tengist efni opinbers samnings ef þær varða verk, vöru eða þjónustu, sem láta á í té samkvæmt samningnum, að einhverju leyti eða á einhverju stigi vistferils þeirra, þ.m.t. þættir sem varða:

- a) sérstakt ferli við framleiðslu, afhendingu eða viðskipti með slík verk, vöru eða þjónustu eða
- b) sérstakt ferli á öðru stigi á vistferli þeirra,

jafnvel þótt slíkir þættir séu ekki hluti af þeim.

4. Forsendur fyrir vali tilboðs skulu ekki hafa þau áhrif að veita samningsyfirvaldi ótakmarkað ákvörðunarvald. Þær skulu tryggja möguleikann á virkri samkeppni og þeim skulu fylgja forskriftir sem gera kleift að athuga upplýsingar frá bjóðendum á skilvirkan hátt til að meta hversu vel tilboðin uppfylla forsendur fyrir vali tilboðs. Í vafatilvikum skulu samningsyfirvöld athuga á skilvirkan hátt áreiðanleika upplýsinga og sönnunargagna frá bjóðendum.

5. Samningsyfirvöld skulu tilgreina í útboðsgögnum hvert mat þeirra er á hlutfallslegu vægi hverrar forsendu sem valin er til að ákvarða fjárhagslega hagstæðasta tilboðið, nema það sé fundið á grundvelli verðs eingöngu.

Þetta vægi má setja fram sem ákveðið bil með hæfilegum hámarksvikmörkum.

Ef ekki er hægt að beita vægi vegna hlutlægra ástæðna skal samningsyfirvaldið tilgreina forsendurnar í forgangs röð eftir mikilvægi þeirra.

*68. gr.*

#### **Útreikningur vistferilskostnaðar**

1. Útreikningur vistferilskostnaðar skal, að því marki sem við á, taka til hluta eða alls eftirfarandi kostnaðar á vistferli vöru, þjónustu eða verks:

- a) kostnaðar sem samningsyfirvaldið eða aðrir notendur bera, s.s.:
  - i. kostnaðar í tengslum við öflun,
  - ii. notkunarkostnaðar, s.s. við orkunotkun og notkun annarra auðlinda,
  - iii. viðhaldskostnaðar,
  - iv. úrvinnslukostnaðar, s.s. kostnaðar við söfnun og endurvinnslu.
- b) kostnaðar sem skrifast á umhverfisleg úthrif í tengslum við vöru, þjónustu eða verk meðan á vistferli þeirra stendur, að því tilskildu að hægt sé að ákvarða og sannreyna verðgildi þeirra; slíkur kostnaður getur falið í sér kostnað við losun gróðurhúsalofttegunda og aðra losun mengandi efna og annan kostnað við það að draga úr loftslagsbreytingum.

2. Þegar samningsyfirvöld meta kostnað með nálgun sem grundvallast á útreikningi á vistferilskostnaði skulu þau taka fram í útboðsgögnum hvaða gögn bjóðendur þurfa að leggja fram og hvaða aðferð samningsyfirvaldið mun nota til að ákvarða vistferilskostnað á grundvelli þessara gagna.

Aðferðin sem notuð er til að meta kostnað sem skrifast á umhverfisleg úthrif skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- a) byggja á hlutlægt sannprófanlegum viðmiðunum án mismununar. Sé hún ekki til endurtekinnar eða stöðugar notkunar skal hún sérstaklega ekki vera hagstæðari eða óhagstæðari tilteknum rekstraraðilum þannig að óréttmætt sé,
- b) vera aðgengileg öllum hlutaðeigandi aðilum,
- c) rekstraraðilar, sem sýna eðlilega kostgæfni, þ.m.t. rekstraraðilar frá þriðju löndum sem eru aðilar að samningnum um opinber innkaup eða öðrum alþjóðasamningum sem Sambandið er bundið af, skulu geta lagt fram tilskilin gögn án þess að leggja meira á sig en eðlilegt getur talist.

3. Hafi sameiginleg aðferð við útreikning á vistferilskostnaði verið gerð skyldubundin með lagagerð Sambandsins, skal beita henni við mat á vistferilskostnaði.

Skrá yfir slíkar lagagerðir og, ef nauðsyn krefur, framseldar gerðir sem styðja þær, er að finna í XIII. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 87. gr. varðandi uppfærslu þessarar skrár þegar uppfærsla hennar er nauðsynleg vegna samþykktar nýrrar löggjafar, sem gerir sameiginlega aðferð skyldubundna, eða niðurfellingar eða breytingar á réttargerðum sem fyrir eru.

69. gr.

#### **Óeðlilega lág tilboð**

1. Ef tilboð virðast óeðlilega lág miðað við verk, vöru eða þjónustu skulu samningsyfirvöld óska eftir því að rekstraraðilar skýri verð eða kostnað sem fram kemur í tilboði.

2. Skýringarnar, sem um getur í 1. mgr., geta einkum varðað:

- a) hagkvæmni framleiðsluferlis, þjónustu eða byggingaraðferðar,
- b) tæknilegar lausnir, sem hafa verið valdar, eða hvers konar óvenjulega hagstæðar aðstæður bjóðanda við framkvæmd verks, afhendingu vöru eða veitingu þjónustu,
- c) frumleika í tillögum bjóðanda varðandi verk, vöru eða þjónustu,
- d) samræmi við skyldurnar sem um getur í 2. mgr. 18. gr.,
- e) samræmi við skyldurnar sem um getur í 71. gr.,
- f) möguleika bjóðanda á því að fá ríkisstyrki.

3. Samningsyfirvöld skulu meta upplýsingarnar sem lagðar eru fram með viðræðum við bjóðanda. Þau mega aðeins vísa frá tilboði ef sönnunargögnin sem lögð eru fram skýra ekki með viðunandi hætti hið lága verð eða kostnað sem lagður er til, að teknu tilliti til þeirra atriða sem um getur í 2. mgr.

Samningsyfirvöld skulu vísa frá tilboði komist þau að raun um að tilboðið sé óeðlilega lágt vegna þess að það er ekki í samræmi við gildandi skyldur sem um getur í 2. mgr. 18. gr.

4. Ef samningsyfirvald kemst að raun um að tilboð sé óeðlilega lágt vegna þess að bjóðandi hafi fengið ríkisstyrk er ekki hægt að vísa tilboðinu frá af þeirri ástæðu einni fyrir en samningsyfirvaldið hefur átt viðræður við bjóðanda og hann reynist, að loknum hæfilegum fresti sem samningsyfirvaldið setur, ófær um að sanna að viðkomandi styrkur hafi verið samrýmanlegur innri markaðnum í skilningi 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ef samningsyfirvald vísar tilboði frá við þessar aðstæður skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. Að fenginni beiðni skulu aðildarríkin láta hinum aðildarríkjunum í té, með samvinnu á sviði stjórnsýslu, hvers konar upplýsingar sem þau búa yfir, s.s. lög, reglugerðir, almennt gildandi kjarasamninga eða innlenda tæknistaðla, sem tengjast sönnunargögnum og skjölum sem lögð eru fram í tengslum við atriðin sem talin eru upp í 2. mgr.

#### *IV. KAFLI*

#### ***Framkvæmd samnings***

70. gr.

#### **Skilyrði sem tengjast framkvæmd samnings**

Samningsyfirvöld geta mælt fyrir um sérstök skilyrði varðandi framkvæmd samnings, að því tilskildu að þau tengist efni samningsins, í skilningi 3. mgr. 67. gr., og séu tilgreind í útboðsauglýsingu eða í útboðsgögnum. Á meðal þessara skilyrða geta verið efnahagsleg, nýsköpunartengd, umhverfisleg, félagsleg eða atvinnutengd sjónarmið.

71. gr.

#### **Undirverktakastarfsemi**

1. Uppfylling undirverktaka á skyldunum sem um getur í 2. mgr. 18. gr. er tryggð með viðeigandi aðgerðum lögbærra landsyfirvalda innan marka ábyrgða þeirra og valdsviða.

2. Í útboðsgögnum getur samningsyfirvald óskað eftir því, eða óskað eftir því að kröfu aðildarríkis, að þjóðandi tilgreini í tilboði sínu hvaða hluta samningsins hann hyggst láta þriðju aðila framkvæma sem undirverktaki og hverjir þeir eru.

3. Aðildarríki geta kveðið á um að samningsyfirvald skuli millifæra greiðslur, sem inna ber af hendi, beint til undirverktaka fyrir þjónustu, vöru eða verk sem hann lætur rekstraraðila, sem opinber samningur hefur verið gerður við (aðalverktaka), í té, fari undirverktaki fram á það og heimili eðli samningsins það. Slíkar ráðstafanir geta tekið til viðeigandi aðferða til að gera aðalverktaka kleift að andmæla óréttmætum greiðslum. Tilhögun slíks greiðslumáta skal útlistuð í útboðsgögnum.

4. Ákvæði 1.–3. mgr. skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð aðalverktakans.

5. Að því er varðar verksamninga og þjónustu sem veita á í aðstöðu sem samningsyfirvaldið hefur beina umsjón með, skal samningsyfirvaldið krefjast þess að aðalverktakinn láti því í té, eftir gerð samningsins og í síðasta lagi þegar framkvæmd hans hefst, nafn, samskiptaupplýsingar og upplýsingar um lagalega fyrirsvarsmenn undirverktaka hans sem taka þátt í slíkum verkum eða þjónustu, að svo miklu leyti sem það er vitað á þeim tímapunkti. Samningsyfirvaldið skal krefjast þess að aðalverktakinn tilkynni því um allar breytingar á þeim upplýsingum á meðan samningurinn er í gildi auk þess að veita tilskildar upplýsingar um alla nýja undirverktaka sem hann fær síðar til starfa við slík verk eða þjónustu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega aðildarríkin leggja aðalverktakanum beint þá skyldu á herðar að veita tilskildar upplýsingar.

Ef nauðsyn krefur, vegna b-liðar 6. mgr. þessarar greinar, skulu eigin yfirlýsingar undirverktaka fylgja tilskildum upplýsingum eins og kveðið er á um í 59. gr. Í framkvæmdarráðstöfunum skv. 8. mgr. þessarar greinar má kveða á um að undirverktakar, sem kynntir eru til sögunnar eftir gerð samnings, skuli leggja fram vottorð og önnur fylgiskjöl í stað eigin yfirlýsingar.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki um birgja.

Samningsyfirvöldin geta víkkað út eða geta verið krafín um það af aðildarríkjum að víkka út skyldurnar sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, þannig að þær taki t.d. til:

- a) vörusamninga, þjónustusamninga annarra en þeirra sem varða þjónustu sem veitt er í aðstöðu sem samningsyfirvaldið hefur beina umsjón með eða birgja sem taka þátt í framkvæmd verk- eða þjónustusamninga,
- b) undirverktaka hjá undirverktökum aðalverktakans eða neðar í undirverktakakeðjunni.

6. Með það að markmiði að forðast brot á þeim skyldum sem um getur í 2. mgr. 18. gr., má grípa til viðeigandi ráðstafana svo sem:

- a) þegar landslög aðildarríkis kveða á um kerfi sameiginlegrar ábyrgðar undirverktaka og aðalverktaka skal aðildarríkið tryggja að viðkomandi reglum sé beitt í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 18. gr.
- b) Samningsyfirvöldin geta, í samræmi við 59., 60. og 61. gr., sannreynt eða geta verið krafín af aðildarríkjum um að sannreyna hvort fyrir hendi séu ástæður til að útiloka undirverktaka samkvæmt 57. gr. Samningsyfirvöldin skulu, í slíkum tilvikum, krefjast þess af rekstraraðilanum að hann skipti út undirverktaka þegar athugun á honum hefur leitt í ljós að til staðar séu bindandi útilokunarástæður. Samningsyfirvaldið getur krafíst þess af, eða aðildarríki gert þá kröfu að það krefjist þess af rekstraraðila að skipta út undirverktaka þegar athugun á honum hefur leitt í ljós að til staðar séu útilokunarástæður sem ekki eru bindandi.

7. Aðildarríkin geta kveðið á um strangari reglur um ábyrgð í landslögum eða gengið lengra í landslögum varðandi beinar greiðslur til undirverktaka, t.d. með því að kveða á um beinar greiðslur til undirverktaka án þess að þeir þurfi að fara fram á það.

8. Aðildarríki sem hafa kosið að kveða á um ráðstafanir samkvæmt 3., 5. eða 6. mgr. skulu tilgreina skilyrði fyrir framkvæmd þessara ráðstafana í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, með hliðsjón af lögum Sambandsins. Aðildarríki geta takmarkað gildissvið þeirra, t.d. við tiltekna tegundir samninga, tiltekna flokka samningsyfirvalda eða rekstraraðila eða við tiltekna fjárhæðir.

1. Samningum og rammasamningum getur verið breytt án þess að nýtt innkaupaferli fari fram í samræmi við þessa tilskipun í sérhverju eftirfarandi tilvika:

a) án tillits til verðgildis þeirra þegar kveðið hefur verið á um breytingarnar í upphaflegu útboðsgögnunum í skýrum og nákvæmum og ótvíræðum endurskoðunarákvæðum sem geta haft að geyma ákvæði um endurskoðun verðs eða valmöguleika. Í slíkum ákvæðum skal tilgreina umfang og eðli mögulegra breytinga eða valmöguleika auk skilyrðanna fyrir notkun þeirra. Þau skulu ekki kveða á um breytingar eða valmöguleika sem myndu breyta eðli samningsins eða rammasamningsins í heild,

b) þegar um er að ræða viðbótarverk, -þjónustu eða -vörur af hálfu upprunalega verktakans sem hafa orðið nauðsynleg og voru ekki hluti af upphaflegu innkaupunum, þegar breyting á verktaka:

i. getur ekki átt sér stað af efnahagslegum eða tæknilegum ástæðum, svo sem kröfum um skiptihæfi eða rekstrarsamhæfi við tækjabúnað, þjónustu eða uppsetningar sem keyptar voru á grundvelli upphaflegu innkaupanna og

ii. myndi valda verulegu óhagræði eða talsverðri tvítekningu kostnaðar samningsyfirvaldsins.

Verðhækkun skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 50% af verðmæti upphaflega samningsins. Þegar nokkrar breytingar eru gerðar í röð, hver á eftir annarri, skulu þessi takmörk gilda um verðmæti hvernar breytingar. Slíkar breytingar, sem gerðar eru hver á eftir annarri, skulu ekki gerðar í þeim tilgangi að sniðganga þessa tilskipun,

c) þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. þörfin til breytinga kom til vegna aðstæðna sem samningsyfirvald sem sýnir kostgæfni gat ekki séð fyrir,

ii. breytingarnar hafa ekki áhrif á eðli samningsins í heild,

iii. verðhækkun er ekki hærri en sem nemur 50% af verðmæti upphaflega samningsins eða rammasamningsins. Þegar nokkrar breytingar eru gerðar í röð, hver á eftir annarri, skulu þessi takmörk gilda um verðmæti hvernar breytingar. Slíkar breytingar, sem gerðar eru hver á eftir annarri, skulu ekki gerðar í þeim tilgangi að sniðganga þessa tilskipun,

d) þegar nýr verktaki kemur í stað þess sem samningsyfirvaldið hafði upphaflega gert samning við vegna:

i. beitingar ótvíræðs ákvæðis um endurskoðun eða valmöguleika í samræmi við a-lið,

ii. þess að annar rekstraraðili, sem uppfyllir forsendur hæfismiðaðs vals sem upphaflega var komið á, gengur inn í stöðu upphaflegs verktaka í heild eða að hluta í kjölfar endurskipulagningar fyrirtækis, þ.m.t. yfirtöku, samruna, kaupa eða ógjaldfærni, að því tilskildu að þetta hafi ekki í för með sér aðrar verulegar breytingar á samningnum og sé ekki gert í þeim tilgangi að sniðganga beitingu þessarar tilskipunar eða

iii. þess að samningsyfirvaldið sjálft tekur við skyldum aðalverktakans gagnvart undirverktökum hans þar sem kveðið er á um þann möguleika í landslögum í samræmi við 71. gr.,

e) þegar breytingarnar, óháð verðmæti þeirra, eru ekki verulegar í skilningi 4. mgr.

Samningsyfirvöld sem hafa breytt samningi í þeim tilvikum sem sett eru fram í b- og c-lið þessarar málsgreinar skulu birta tilkynningu þess efnis í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Slíkar tilkynningar skulu hafa að geyma upplýsingarnar sem settar eru fram í G-hluta V. viðauka og skulu birtar í samræmi við 51. gr.

2. Enn fremur, og án þess að þörf sé á að skýra hvort skilyrðin sem sett eru fram í a- til d-lið 4. mgr. séu uppfyllt, er einnig heimilt að breyta samningum án þess að nýtt innkaupaferli fari fram í samræmi við þessa tilskipun þegar verðgildi breytinganna er lægra en sem nemur eftirfarandi verðgildum:

i. viðmiðunarfjárhæðunum sem settar eru fram í 4. gr. og

ii. 10% af upphaflegu verðmæti þjónustu- og vörusamninga og lægra en 15% af upphaflegu verðmæti verksamninga.

Hins vegar mega breytingarnar ekki hafa áhrif á eðli samningsins eða rammasamningsins í heild. Þegar nokkrar breytingar eru gerðar í röð, hver á eftir annarri, skal meta verðmæti þeirra á grundvelli hreins uppsafnaðs verðmætis breytinganna.

3. Að því er varðar útreikning verðsins sem um getur í 2. mgr. og b- og c-lið 1. mgr. skal uppfært verð vera viðmiðunargildi þegar samningurinn hefur að geyma verðbótaákvæði.



4. Breyting á samningi eða rammasamningi á gildistíma þeirra skal talin veruleg í skilningi e-liðar 1. mgr. þegar hún gerir samninginn eða rammasamninginn annars efnis en þann sem upphaflega var gerður. Breyting skal ávallt, með fyrirvara um 1. og 2. mgr., teljast veruleg þegar eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

- a) breytingin hefur í för með sér skilyrði sem, hefðu þau verið hluti af upphaflega innkaupaferlinu, hefðu gert öðrum umsækjendum kleift að vera með í því en þeim sem upphaflega voru valdir eða gert samþykkt annars tilboðs en þess, sem var upphaflega samþykkt, mögulegt eða dregið viðbótarþátttakendur að innkaupaferlinu,
- b) breytingin breytir efnahagslegu jafnvægi samningsins eða rammasamningsins í þágu verktakans með hætti, sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflega samningnum eða rammasamningnum,
- c) breytingin víkkar verulega út gildissvið samningsins eða rammasamningsins,
- d) nýr verktaki kemur í stað þess sem samningsyfirvaldið hafði upphaflega gert samning við, í öðrum tilvikum en þeim sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr.

5. Krafist skal nýs innkaupaferlis í samræmi við þessa tilskipun fyrir aðrar breytingar á ákvæðum opinbers samnings eða rammasamnings á meðan gildistíma hans stendur en þær sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr.

73. gr.

#### **Slit samninga**

Aðildarríkin skulu tryggja að samningsyfirvöld hafi möguleika á að slíta opinberum samningi meðan á gildistíma hans stendur, a.m.k. við eftirfarandi aðstæður og samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í gildandi landslögum:

- a) ef gerð hefur verið veruleg breyting á samningnum sem hefði átt að leiða til nýs innkaupaferlis í samræmi við 72. gr.,
- b) ef verktakinn var, á þeim tíma þegar samningurinn var gerður, í einhverri þeirri stöðu sem um getur í 1. mgr. 57. gr. og hefði því átt að vera útilokaður frá innkaupaferlinu,
- c) ef ekki hefði átt að gera samninginn við verktakann í ljósi alvarlegs brots á skyldum samkvæmt sáttmálunum og þessari tilskipun sem lýst hefur verið yfir af Evrópuðómstólnum með málsmeðferð skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

### **III. BÁLKUR**

#### **SÉRSTAKT INNKAUPAFYRIRKOMULAG**

##### *I. KAFLI*

##### *Félagsþjónusta og önnur sértæk þjónusta*

74. gr.

##### **Gerð samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu**

